

Gleði og sorg
Kenny Dalglish
knattspyrna 38



Í skóglausu landi vantar skóg
skógrækt 26



spottið 12







# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa
15. janúar 2011
12. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Vill byggja og bæta

*Betri aðstöðu þarf fyrir ferðamenn á Þingvöllum segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður.*

fólk 22



## Ævintýralegt sumar

*Lilja Björk Jónasdóttir vann í sumarbúðum barna í Bandaríkjunum.*

ferðalög 6



## Trendin 2011

*Einföld snið, litagleði, síðkjólar og fylltir hælar eru í tísku í ár.*

tíska 40

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Ferðalög | Allt | Allt atvinna









**ÁFRAM ÍSLAND** Íslenska landsliðið hóf leik á heimsmeistarakeppninni í handbolta í gær með sigri á Ungverjum, 32-26. Fáir áhorfendur voru í höllinni í Nörköping þegar leikurinn hófst en undir lokin voru um þrjú þúsund áhorfendur mættir. Þessi íslensku áhorfendur studdu vel við bakið á strákunum. Næsti leikur Íslands er á móti Brasilíu í kvöld klukkan 20.00. Sjá síður 66 og 68. ÍFRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þrettán flugfélög til Íslands

## Að minnsta kosti ellefu erlend flugfélög áforma flug til Íslands í sumar auk íslensku félaganna tveggja. Fleiri gætu bæst við. Bandaríska flugfélagið Delta vill fá heimild fyrir vopnuðum vörðum um borð.

**SAMGÖNGUR** Vaxandi áhugi er nú meðal erlendra flugfélaga á að fljúga til og frá Íslandi. Að minnsta kosti ellefu erlend félög hafa tilkynnt um flug hingað til lands næsta sumar og fleiri gætu bæst við.

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Isavia sem rekur flugvelli á Íslandi, segir það skýrast í lok janúar hversu mörg erlend flugfélög sækist eftir og fái aðstöðu á Keflavíkurflugvelli í sumar. Hjördís bendir á að umsvif þessara félaga verði mismikil, sum þeirra ætli eingöngu að fljúga hingað fáeinar ferðir en önnur hyggist halda uppi reglulegu áætlunarflugi. „Við finnum fyrir meiri áhuga en verið hefur. Þróunin í fluginu hefur snúist og er nú upp á við eftir dýfu í kjölfar efnahagshrunsins,“ segir Hjördís.

Yfirlit yfir framboð á ferðum til og frá Íslandi má finna á leitarvefnum Dohop. Í tilkynningu frá Dohop segir að óvenjumikið framboð af flugi verði til og frá Íslandi næsta sumar. „Erlend flugfélög bjóða beint flug frá Keflavík til Vínar, Berlínar, Hamborgar, Nuuk, Parísar, New York, Ósló og Gautaborgar,“ segir í upptalningunni frá Dohop. Auk þess bjóða íslensku flugfélögin flug á fjölmarga áfangastaði.

Aðspurð segir Hjördís Keflavíkurflugvöll geta annað jafn mikilli umferð og stórir vellir í Evrópu. Flugstöðin anni 3,5 milljónum farþega. Það er langt umfram þær tæplega 2 milljónir farþega sem fóru um Leifsstöð þegar best lét í góðærinu. Meðal þeirra flugfélaga sem fljúga hingað í sumar er bandaríska félagið Delta. Íslensk yfirvöld eru nú með til skoðunar ósk Delta um að hafa vopnaða verði um borð í þeim farþegavélum sem hingað koma. - gar



## SPURNING DAGSINS



*Páll, er allt á sömu rafbókina lært?*

„Það er engum blöðum um það að fletta.“

Á rafbókarsíðunni Lestu.is má finna sígild bókmennaverk, jafnt íslensk sem þýdd. Páll Guðbrandsson er kynningarstjóri Lestu.is.

Aukin áhersla á svæðisstjórn í endurskoðun fiskveiðistefnu ESB:

# Valdið frá Brussel til ríkjanna

**EVRÓPUMÁL** Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins (ESB), boðaði í ræðu í gær að endurskoðuð fiskveiðistefna sambandsins yrði „einfaldari, grænni og svæðisbundnari“.

Damanaki sagðist myndu sjá til þess að skrifræði yrði minna og ábyrgðin yrði færð á hendur aðildarríkjunum.

„Færri ákvarðanir verða teknar í Brussel. Í framtíðinni verða ákvarðanir teknar af aðildarríkjum við hvert hafsvæði. Til dæmis munu ríkin við Norðursjó geta samið um nýtingu stofna þar.“

Bæði verður sjóðakerfi sjávarútvegsins einfaldað og lagaramminn verður einfaldari, en Damanaki lagði einnig áherslu á að vitundarvakningar væri þörf varðandi brottkast og að það væri meginatriði í komandi endurskoðunarferli. Úlfar Hauksson, stjórnmálafræðingur og aðjúnkt við Háskóla Íslands, segir þessi ummæli Damanakis samræmast hugmyndum sem hafa verið í deiglunni að undanförnu.

„Þó þetta sé ekki nýtt í sjálfu sér, þá hafa orð hennar mikið vægi og ljóst er að þessar hugmyndir eru komnar upp á hærra stig.“ - þj



**VALD TIL RÍKJANNA** Hugmyndir eru uppi um að frekara vald í sjávarútegsmálum færist frá Brussel til aðildarríkjanna.

Þrjú skotin í Noregi:

# Árásarmanns leitað í gær

**NOREGUR** Lögreglan í Noregi leitaði í gær að árásarmanni sem skaut á tvo menn og eina konu í almenningsgarði í bænum Sandefjord skammt frá Ósló. Þau voru öll flutt á sjúkrahús og voru tvö þeirra í lífshættu. Vitni segja árásarmanninn vera kominn á efri ár og hann hafi verið með hund.

Skotárásin var gerð á stað í garðinum þar sem er þekktur samkomustaður fólks úr fíkniefnaheiminum. Lögreglan hefur staðfest að þau þrjú, sem skotið var á, tengist þeim heimi. - gb



**SYSTKININ** Tvíburar þeirra Friðriks Danaprins og Mary prinsessu sáust í fyrsta sinn opinberlega í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kóngabörnin komin heim:

# Sváfu vært í faðmi foreldra

**DANMÖRK** Nýfæddir tvíburar þeirra Friðriks Danaprins og Mary prinsessu sáust opinberlega í fyrsta sinn í gær þegar fjölskyldan fór heim af Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn.

Tvíburarnir, drengur og stúlka, fæddust 8. janúar síðastliðinn með hálftíma millibili og verða númer fjögur og fimm í erfðaröðinni, á eftir föður sínum og tveimur eldri systkinum. Tvíburarnir verða skírðir eftir þrjá mánuði.

Friðrik hélt á stúlkunni út en Mary á drengnum. - jab

SA og ríkisstjórn karpa:

# Deilt um lög um sjávarútveg

**KJARAMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir á fésbókarsíðu sinni að óboðlegt sé að Samtök atvinnulífsins (SA) taki kjaraviðræður í gíslingu með kröfu um úrlausn í endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins.**

**Þessi ummæli koma í kjölfar krafna SA um að breyting laga sé forsenda kjarasamninga.**

**Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir við Fréttablaðið að stjórnin hafi sjávarútveginn í gíslingu. Á meðan framtíðin sé óráðin verði engar fjárfestingar í greininni.** - þj

# Urriði í hrygningu fraus í Stangarlæk

**Óttast er að verulegur hluti hrygningarfisks og seiða hafi drepist í Stangarlæk í Grímsnesi í frostum eftir áramótin. Lækurinn er talinn helsta hrygningarsvæði urriða í Apavatni. Sérfræðingar fundu tæplega hundrað urriða frosna í ís.**

**UMHVERFISMÁL** Stór hluti hrygningarurriða hefur að öllum líkindum drepist í Stangarlæk í Grímsnesi eftir áramótin. Svo virðist sem urriðarnir hafi orðið innlyksa í litlu vatni og frosið í kuldakastinu í síðustu viku. Lækurinn er talinn helsta hrygningar- og uppeldissvæði urriðans í Apavatni.

Veiðimálastofnun barst tilkynning um tugi dauðra urriða í Stangarlæk mánudaginn 10. janúar, en lækurinn er um tólf kílómetra langur og á upptök sín í Lyngdal á Lyngdalsheiði og fellur hann í Apavatn.

„Þótt Stangarlækur sé ekki stór er hann talinn mikilvægur sem hrygningar- og uppeldissvæði, einkum fyrir urriða úr Apavatni. Hætta er á að verulegur hluti hrygningarfiska og seiða hafi farist. Það gæti haft áhrif á stofnstærð á næstu árum. Vert að gera frekari rannsóknir á afdrifum seiða á þessu svæði þegar aðstæður leyfa,“ segir á vef Veiðimálastofnunar.

Við vettvangsskoðun mátti hvarvetna sjá þykkan klaka og botnfrosinn ís á læknum. Voru um fimm kílómetrar ísi þaktir en með engu vatnsrennsli.

Alls fundust milli sextíu og áttatíu dauðir urriðar, flestir þrjátíu til fjörutíu sentimetra langir og voru þeir flestir frosnir í ís. Sérfræðingar Veiðimálastofnunar fundu engin dauð seiði en telja líklegt að seiði á svæðinu hafi einnig drepist.

Sjö urriðar voru teknir til frekari skoðunar og kom í ljós að fiskurinn virðist hafa verið í miðri hrygningu sem er óvenjulegt þar sem hrygningartími urriða á Suðurlandi er helst í október og nóvember.

Þessi óvenjulegi fiskdauði er nokkur ráðgáta að sögn sérfræðinga, en líklegast er að lækurinn hafi verið mjög vatnslítill í haust og framan af vetri. Í kjölfar rigningar á annan í jólum óx mjög í læknum og urriðinn er þá talinn hafa gengið upp í lækinn. Þegar stytti upp þvarr árvatnið fljótt og frysti í kjölfarið sem hefur valdið því að fiskarnir sátu eftir og drápust.

svavar@frettabladid.is



**FRUSU Í HEL** Við vettvangskönnun fundust tugir urriða dauðir. Sérfræðingar telja mikinn fjölda dauðra fiska hafi leynst í læknum undir ógegnsæjum ís. MYND/VEIÐIMÁLASTOFNUN



**Í HÉRAÐSDÓM** Maðurinn hélt bréfpoka fyrir andlitinu þegar hann var leiddur í héraðsdóm í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kærði úrskurð til Hæstaréttar:

# Meintur nauðgari áfram inni

**DÓMSMÁL Gæsluvarðhald var í gær framlengt til 11. febrúar yfir karlmanni á fimmtugsaldri, sem setið hefur inni vegna gruns um að hafa nauðgað konu í Reykjavík um síðustu helgi. Maðurinn kærði úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar.**

**Krafist var gæsluvarðhalds yfir manninum á grundvelli almannahagsmuna og til vara var lögð fram krafa um farbann.**

**Maðurinn er grunaður um að hafa nauðgað konunni, sem var mjög ölvuð, inni á salerni á skemmtistað. Framburður vitna og upptökur úr öryggismyndavélum styrkja þann grun lögreglu. Maðurinn hefur neitað sök.** - jss

Reykjavíkurleikar fara fram:

# Fjöldi erlendra þátttakenda

**ÍÞRÓTTIR** Reykjavíkurleikar fara nú fram í fjórða skipti í Laugardalnum. Það eru Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþróttafélögin í borginni sem standa að leikunum með stuðningi borgarinnar.

Á leikunum er keppt í tólf greinum: fimleikum, bogfimi, keilu, skylmingum, júdó, dansi, borðtennis, listhlaupi á skautum, frjálsum íþróttum, badminton, sundi og kraftlyftingum.

Reiknað er með því að um 400 erlendir gestir verði hér á landi vegna leikanna. - þeb


BAKLEIKFIMI

MEÐ SAMBAÍVAFI Í SPORTHÚSINU



8 vikna námskeið

Hádegistímar tvisvar í viku

Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkraþjálfara.

Upplýsingar og skráning í síma 897 2896 og á www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN

Sjúkraþjálfunin SPORTHÚSINU


Miklar framfarir hér eftir kreppuna, segir Julie Kozack, sendifulltrúi AGS á Íslandi:

# Hefur áhyggjur af atvinnuleysi

**EFNAHAGSMÁL** Vel hefur tekist til við að draga úr halla á fjárlögum og koma efnahagslífinu á réttan kjöl. Nýtt Icesave-samkomulag er mun hagstæðara en fyrri samningar sem kynntir hafa verið og flýtir fyrir bata efnahagslífsins. Þetta segir Julie Kozack, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, AGS, hér á landi.

AGS birti skýrslu um framgang efnahagsáætlunar stjórnvalda og sjóðsins í kjölfar fjórðu endurskoðunar áætlunarinnar í gær. Þar kemur fram að efnahagslífið hér sé smám saman að koma út úr djúpri kreppu og megi búast við hagvexti á árinu, þeim fyrsta í á þriðja ár. Helsta áhyggjuefnið er mikið atvinnuleysi. Átta prósenta atvinnuleysi mældist í desember á nýliðnu ári, samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofunnar.

Kozac sagði á símafundi frá Washington um það leyti sem skýrslan var birt í gær að efnahagsáætlunin væri á réttri leið. Vel hafi tekist við fjárhagslega endurskipulagningu heimila þótt enn eigi eftir að laga til hjá fyrirtækjum og muni samstarfinu ljúka eins og um var samið í ágústlok.

Seðlabankinn mun á næstunni kynna endurskoðun á afnámi gjaldeyrishafta. Kozac vildi ekki tjá sig um áætlanir áður en þær verða kynntar. Hún benti á að höftin hefðu skilað tilætluðum árangri og það yrði að afnema þau í skrefum. - jab



**JULIE KOZAC** Sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir efnahagsáætlun stjórnvalda á áætlun. Hún hefur áhyggjur af miklu atvinnuleysi.



Allar pottaplöntur
20-50%
afsláttur
tilboð
10stk
Túlipanar
990kr
Pottaplöntu
Útsalan
heldur áfram
Aðeins brot af úrvalinu!
Friðarlilja
1990kr
2990kr
Tígurskrúð
999kr
1549kr
20% afsláttur
af öllu á Græna torginu
Lífrænt grænmeti og ávextir, vítamín og bætiefni, hreinlætisvörur, snyrtivörur, sælgæti og margt fleira!
Blómaval Skútuvogi
Græna torgið
...heilsa er lífsstíll
Komið og sjáið úrvalið af lífrænum vörum á Græna torginu!
tilboð
Orkidea
1999kr
Kaffi Garður Skútuvogi
Heitt súkkulaði með rjóma og muffins
290kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**GENGIÐ 14.01.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,95 | 116,51 |
| Sterlingspund | 183,68 | 184,58 |
| Evra | 155,07 | 155,93 |
| Dönsk króna | 20,814 | 20,936 |
| Norsk króna | 19,692 | 19,808 |
| Sænsk króna | 17,215 | 17,315 |
| Japanskt jen | 1,3988 | 1,4070 |
| SDR | 179,37 | 180,43 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 210,6268

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi eigandi hefur leitað hundsins síns, sem hann neyddist til að láta frá sér vegna breytinga á búsetu:

# Hundurinn Skjöldur hvarf sporlaust

**DÝRAHALD** „Hræddastur er ég um að eitthvað slæmt hafi komið fyrir hundinn.“

Þetta segir Gunnar Ólafsson, sem leitar nú ákaft að hundinum Skildi, sem hann þurfti að láta frá sér.

„Ég er öryrki og þurfti að flytja í íbúð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu þar sem hundahald er bannað,“ útskýrir Gunnar. Hann sá þann kost vænstan að finna gott heimili fyrir hundinn og auglýsti hann því á Barnalandi og Hvuttar.net.

„Nokkrir svöruðu auglýsingunni og fólkið mitt sá um að velja Skildi gott heimili. Sá sem varð fyrir valinu sagðist eiga huskyhund og væri búinn að ráða hundaþjálfara til að þjálfa þann hund og Skjöld.“

Loforð var gefið um að Gunnar fengi að hitta Skjöld öðru hvoru, enda sér hann sárlega eftir honum.

„Ég ákvað að gefa þessu tíma þannig að hann gæti aðlagast nýju heimili áður en hann sæi mig aftur,“ segir Gunnar. En þegar til átti að taka fannst nýi eigandinn hvergi. Hann hafði gefið upp nafnið Ástþór,



**HUNDURINN SKJÖLDUR** Þetta er Skjöldur sem fyrrverandi eigandi hefur leitað að, en án árangurs. Síminn hjá Gunnari er 690-4000, hafi einhver séð Skjöld.

tvö símanúmer, bæði í heimasíma og farsíma, og kvaðst búa í Elliðaárdalnum.

„Ég fór að reyna að hringja fyrir um það bil viku, en annað númerið var þá óvirkt og alltaf slökkt á hinum símanum,“ segir Gunnar.

Þá kannast enginn hjá HRFÍ við nafnið sem maðurinn gaf upp og enginn hundaþjálfari sem Gunnar hefur rætt við segist hafa verið ráðinn til að þjálfa husky-hunda. Gunnar er hræddur um afdrif Skjaldar og vill jafnframt vara fólk við að láta dýr í hendur ókunnugra, nema að kynna sér hagi viðkomandi vel áður. **- jss**



**KÓPAVOGSLAUG** Blikur eru á lofti í rekstri sundlauga í Kópavogi.

Áhyggjur í Kópavogi:

## Færri fara í sund í Kópavogi

**SVEITARSTJÓRNIR** Gestum í sundlaugum í Kópavogi fækkaði um 9 prósent á milli áranna 2009 og 2010. Á sama tíma fjölgaði sundlaugargestum í Hafnarfirði um 9,23 prósent og um 4,35 prósent í Reykjavík. Skýringar sem lagðar voru fyrir bæjarráð Kópavogs eru fækkun opnunardaga um sex, stytting á daglegum opnunartíma og gjaldtaka af eldri borgurum. Þá hafi Reykjavíkurborg boðið börnum frítt í sund sumarið 2010 og samkeppni um börnin sé frá vatnagarði á Álftanesi. Bregðast á við með meiri markaðssetningu Kópavogslauganna og nýjungum í rekstrinum. **- gar**

**FÉLAGSMÁL**

### Sæki að nýju um leigubætur

Samkvæmt lögum um húsaleigubætur þarf að endurnýja umsókn um húsaleigubætur fyrir 16. janúar á hverju ári. Á þetta er bent á vef Kópavogsbæjar.

**ELDSVOÐI**

### Yfirheyrð vegna elds

Kona sem handtekin var vegna rannsóknar lögreglu á eldi í fjölbýlishúsi við Norðurbakka í Hafnarfirði í fyrrinótt, var yfirheyrð í gær. Ekki var ljóst hvort henni yrði sleppt að yfirheyrslu lokinni þegar Fréttablaðið fór í prentun.



**ÁÐUR YFIRHEYRÐUR** Sigurjón var yfirheyrður sumarið 2009 vegna Imon-málsins svokallaða. Það er nátengt þeim málum sem nú eru til rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI



**TÓK VIÐ SKIPUNUM FRÁ SIGURJÓNI** Ívar Guðjónsson var undirmaður Yngva Arnar Kristinssonar. Talið er að Sigurjón hafi þó gefið honum skipanir fram hjá Yngva.

# Í varðhald en neita allri sök

**Sigurjón Þ. Árnason og Ívar Guðjónsson voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á Landsbankanum. Fara í einangrun á Litla-Hrauni. Elín Sigfúsdóttir rétt slapp við að krafist yrði varðhalds yfir henni.**

**LÖGREGLUMÁL** Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald að kröfu sérstaks saksóknara til 25. janúar. Þá var Ívar Guðjónsson, fyrrverandi forstöðumaður eigin fjárfestinga bankans, úrskurðaður í varðhald til 21. janúar. Þeir munu sitja í einangrun á Litla-Hrauni. Varðhaldsúrskurðirnir voru kærðir til Hæstaréttar sem tekur líklega afstöðu til þeirra eftir helgi.

Hvorki Sigurjón né Ívar vildu tjá sig við fjölmiðla í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns, sagði að Sigurjón hafnaði öllum kröfum sem á hann væru bornar.

„Stærsta brotið er markaðsmisnotkunarbrot sem á að hafa staðið frá maí 2003 þar til bankinn féll. Liður í því broti er mjög merkilegur fyrir þær sakir að þar eiga að vera viðskipti við aflandsfélög en þann strúktúr setti upp núverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, þegar

**11** daga gæsluvarðhaldsúrskurður var kveðinn upp yfir Sigurjóni Þ. Árnasyni í héraðsdómi í gær.

hann starfaði hjá Landsbankanum sem ríkisbanka,“ sagði Sigurður við fjölmiðla.

Þessu vísar Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, á bug. „Er ég höfundur að aflandseyjum?“ spyr Gunnar. Hann hafi ekki smíðað kaupréttarfélagakerfið. „Ég kom að öðrum þætti þessara aflandseyjafélaga, og var formaður í einu félagi, þar sem voru reknir sjóðir sem voru skráðir í Kauphöllinni í Guernsey,“ útskýrir hann.

Ástæða varðhaldsins er sú að saksóknari óttast að mennirnir kynnu að hafa áhrif á framburð annarra vitna og sakborninga.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom sterklega til álita hjá embætti sérstaks saksóknara að óska einnig eftir gæsluvarðhaldi yfir Elínu Sigfúsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs. Starfsmenn embættisins munu hafa tekist á um það en niðurstaðan varð sú að naumur meirihluti var fyrir því að láta Elínu lausa.

Ívar Guðjónsson fór fyrir deild eigin fjárfestinga Landsbankans, sem sá um að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum í nafni bankans sjálfs. Grunur er um að deildin hafi stundað stórfelld kaup á bréfum í bankanum sem síðan voru lánuð áfram til útvalinna viðskiptavina gegn láni frá Landsbankanum, í því skyni að hífa upp virði bréfa í bankanum.

Deild eigin fjárfestinga var á verðbréfasviði bankans, sem laut stjórn Yngva Arnar Kristinssonar. Yngvi var yfirheyrður vegna málsins á fimmtudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið að Sigurjón hafi markvisst farið fram hjá Yngva Erni og gefið Ívari beinar skipanir um þau mál sem nú eru til rannsóknir.

Sigurður Bollason, eigandi eins félagsins sem er til rannsóknar vegna mála sem tengjast kaupum bankans á lánasafni Landsbankans í Lúxemborg, hefur verið boðaður til Íslands frá Lúxemborg í skýrslutöku. Hann segist í yfirlýsingu ekki hafa stöðu sakbornings, heldur muni hann gefa skýrslu sem vitni. Hann hafi tapað gríðarlega á viðskiptunum.

Magnús Ármann, helsti viðskiptafélagi Sigurðar og eigandi félagsins Imons, hefur ekki verið boðaður til yfirheyrslu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Imon-málið snýst um níu milljarða lán til félagsins og kaup þess fyrir sömu upphæð á bréfum í Landsbankanum. Imon-málið er nátengt rannsókninni á allsherjarmarkaðsmisnotkuninni en rannsókn þess máls hófst skömmu eftir bankahrun og er langt komin.

**stigur@frettabladid.is**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**NOKKUÐ RÓLEGT** veður víðast hvar um helgina. Strekkingur og dálítil snjókoma á Vestfjörðum í dag en annars hæg austanátt og úrkomulítið. Það kólnar aðeins á morgun með fremur hægri norðanátt og léttir víða til einkum sunnan og austan til.




**Á MORGUN** 8-15 m/s á Vestfjörðum, annars mun hægari.

**MÁNUDAGUR** Norðan 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 11° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 1° |
| Orlando | 20° |
| Ósló | -1° |
| París | 11° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


GOLDEN GLOBE
BEIN ÚTSENDING Á SUNNUDAGSKVÖLD
AÐEINS
2.890 KR.
Á MÁNUÐI
Hringdu núna og tryggðu þér áskrift
í síma 595 6000 eða farðu inn á skjareinn.is
GOLDEN GLOBE AWARDS
Fyndnasti maður veraldar, Ricky Gervais, stýrir hátíðinni og kynnir stjörnurnar sem stíga á svið auk fjölda tónlistar- og skemmtiatriða á heimsmælikvarða.
Fylgstu með Golden Globe í beinni á sunnudagskvöldið kl. eitt eftir miðnætti og í endursýningu á mánudag kl. 12.55 og laugardag kl. 20.45.
EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP
SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

## KJÖRKASSINN



*Eiga sýslumenn að sjá erlendum borgurum fyrir þjónustu túlka?*

| | |
|---|---|
| Já | 56,0% |
| Nei | 44,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu ánægð/ur með leik íslenska landsliðsins á HM í handbolta?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Tveir dómsalir undir í manndrápsmáli á hendur Gunnari Rúnari Sigurþórssyni:

# Réttarhöldum hljóðvarpað

**DÓMSMÁL** Tveir dómsalir verða lagðir undir í Héraðsdómi Reykjaness þegar aðalmeðferð í manndrápsmáli á hendur Gunnari Rúnari Sigurþórssyni fer fram hinn 7. febrúar næstkomandi. Í öðrum dómsalnum fer meðferðin sjálf fram en verður útvarpað þaðan yfir í hinn dómsalinn, til þess að allir sem það kjósa geti fylgst með henni.

Þetta kom fram í máli Söndru Baldvinsdóttur héraðsdómara í gær, þegar fram fór milliþinghald í málinu. Gæsluvarðhald yfir sakborningnum var jafnframt framlengt um fjórar vikur.

Fjölmargir hlýddu á þegar málið var þingfest og síðan tekið fyrir, þannig að dómsalurinn í héraðsdómi rúmaði vart fjöldann.

Í gær var lögð fram greinargerð sakborningsins. Hann hefur játað að hafa banað Hannesi Þór Helgasyni í Hafnarfirði í ágúst á síðasta ári en hafnað bótaskyldu gagnvart unnustu hans. Hins vegar hefur hann viðurkennt bótaskyldu gagnvart foreldrum Hannesar.

Gunnar Rúnar hefur af þremur geðlæknum verið metinn ósakhæfur. Hann er nú vistaður á réttargeðdeildinni að Sogni. **- jss**



**VERJANDINN** Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl., verjandi Gunnars Rúnars Sigurþórssonar, lagði fram greinargerð í milliþinghaldinu í gær.

Íslandsbanki fækkar útibúum:

# Engum sagt upp við sameiningu

**VIÐSKIPTI Útibú Íslandsbanka við Suðurlandsbraut og Háaleitisbraut verða í sumar sameinuð á nýjum stað, í gamla B&L húsinu við Suðurlandsbraut 14.**

**Engar uppsagnir eru fyrirhugaðar í tengslum við breytinguna.**

**Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, segir fækkun útibúa hjá Íslandsbanka hafa staðið frá árinu 2005. Að jafnaði hafi fækkað um rúmlega eitt útibú á ári síðan þá. - óká**


**Heilsuátak með aukinni fiskneyslu**

Súr hvalur

Siginn fiskur

Hákarl frá Bjarnarhöfn

Humar 2.000 kr.kg

**Sjáumst eldhress á eftir,** við erum tilbúnir að taka á móti mikilli traffík. Stutt bið, þó svo það eru 30 manns í röð.

*Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755*




**SIGLIR UM BÆINN** Meira en fimm hundruð manns hafa látist í Brasilíu vegna flóða og aurskriðna síðustu daga. NORDICPHOTOS/AFP

# Flóð á flóð ofan úti um allan heim

**Flóð og aurskriður í Brasilíu hafa kostað hundruð manna lífið síðustu daga. Mikið tjón er eftir flóðin miklu í Ástralíu og á Srí Lanka hafa menn áhyggjur af sjúkdómum. Víða í Evrópu glíma íbúar einnig við óvenjumikil flóð.**

**BRASILÍA, AP** Um 200 manns, sem fórust í flóðunum í Brasilíu á miðvikudag, voru jarðsettir í gær í bænum Teresopolis.

Búist er við að tugir manna verði jarðsettir í viðbót í dag, og svo er reiknað með að á morgun verði um 300 manns jarðsungnir í þessum 150 þúsund manna bæ í fjallahéruðunum fyrir ofan Rio de Janeiro.

„Við munum finna pláss. Við verðum að gera það,“ segir Vitor da Costa Soares, umsjónarmaður kirkjugarðsins í Teresopolis. „Við verðum hér til klukkan tíu í kvöld, til miðnættis ef við getum. Og svo verðum við mættir aftur klukkan sex í fyrramálið.“

Vitað var um rúmlega 500 manns sem fórust í flóðunum og aurskriðum á þessum slóðum snemma á miðvikudagsmorgun. Fjöldi fólks var sofandi í rúmum sínum þegar skriðurnar komu úr fjöllunum.

Í afskekktu hverfi borgarinnar hafa íbúarnir að mestu sjálfir þurft að grafa eftir fólki í aurnum, því engin leið er að komast þangað nema yfir margra kílómetra langt eðjuflæmi.



**HUGA AÐ EIGUM SÍNUM** Í Ástralíu er fólk byrjað að hreinsa upp eftir flóðin í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Mikil flóð hafa verið víðar í heiminum síðustu daga. Flóðin miklu í Queensland í Ástralíu eru í rénun og hafa valdið miklu eignatjóni, ekki síst í borginni Brisbane og landbúnaðarhéruðunum þar í kring.

Bændur í Ástralíu höfðu vonast eftir góðri uppskeru í ár til að bæta upp það tjón sem varð í þurrkunum miklu á síðasta ári.

Flóðin undanfarnar vikur í Ástralíu hafa kostað að minnsta kosti 26 manns lífið, en um 50 manns að auki er saknað.

Á Srí Lanka hafa tugir manna farist í flóðum síðustu daga og flóð hafa einnig verið víða í Evrópu nú í vikunni. Í sunnanverðu Þýskalandi hafa flóð valdið miklum skemmdum og lamað samgöngur.

Mörg þorp á Srí Lanka eru enn í hálfu kafi eftir flóðin og sums staðar hefur ekki tekist að koma neyðarhjálp til íbúanna. Óttast er að sjúkdómar breiðist út, meðal annars vegna þess að skolpleiðslur yfirfyllast og vatnsbrunnar mengast.

Ljóst er að sjúkrahús á Srí Lanka ráða ekki öll við það ef faraldur brýst út. Hópar lækna og hjúkrunarfólks hafa verið sendir út af örkinni til að setja upp sjúkraskýli á flóðasvæðunum.

gudsteinn@frettabladid.is


SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

World Class ICELAND



HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

**Styrkir**

**til náms í hafrétti**

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2011 - 2012.

2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 3. - 22. júlí 2011.

Umsóknir berist Hafréttarstofnun Íslands, pósthólf 5445, 125 Reykjavík, fyrir 1. febrúar næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Tómas H. Heiðar, forstöðumaður stofnunarinnar, í síma 545 9900.

# true

# NÝJAR VÖRUR




HAGKAUP
Ein ferð betra verð







Spila skvass í 24 klukkutíma:

# Safna fyrir langveik börn

**SAMFÉLAGSMÁL** Áhugamenn um íþróttina skvass hófu í gær 24 stunda skvassmaraþon sem standa á til klukkan 16 í dag. Með maraþoninu er ætlunin að safna fé fyrir Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum.

Öllum er boðið að taka þátt í maraþoninu og geta bæði keppnismenn og áhugafólk skorað á landsliðsmenn.

Notaðir verða púlsmælar á alla sem taka þátt í maraþoninu, og munu styrktaraðilar greiða ákveðna upphæð fyrir hverja hitaeiningu sem þátttakendur brenna. Auk þess verður tekið við frjálsum framlögum.

- bj



**SKVASSAÐ FRAM Á NÓTT** Maraþonið stendur í 24 tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**GOOGLE** Leitarsíða Google er sú síða sem Íslendingar leita næst mest í, Fésbókin er sú vinsælasta.

## Vinsælustu vefsíðurnar á Íslandi samkvæmt Alexa.com

Facebook er orðin vinsælasta vefsíða heims og er Ísland þar engin undantekning. Íslenskir fréttamiðlar fylgja henni þó fast á eftir í vinsældum. Samskiptasíðan MySpace.com, sem var ein vinsælasta síðan hér á landi fyrir um fjórum árum, er alveg dottin út af listanum.

| | |
|---|---|
| 1 | Facebook |
| 2 | Google |
| 3 | google.is |
| 4 | mbl.is |
| 5 | youtube.com |
| 6 | visir.is |
| 7 | DV.is |
| 8 | pressan.is |
| 9 | Wikipedia.org |
| 10 | ja.is |
| 11 | ruv.is |
| 13 | imdb.com |
| 14 | eyjan.is |
| 17 | flickmylife.com |
| 18 | Amazon.com |
| 19 | arionbanki.is |
| 21 | barnaland.is |
| 22 | twitter.com |
| 27 | Landsbanki Íslands – *landsbanki.is* |
| 30 | flickr.com |
| 34 | Fótbolti.net |
| 36 | Youporn.com |
| 40 | bleikt.is |
| 42 | Íslandsbanki.is |
| 47 | b2.is |
| 48 | simnet.is |
| 49 | Háskóli Íslands – *hi.is* |
| 50 | eveonline.com |
| 56 | vodafone.is |
| 57 | LinkedIn.com |

Vinsælasta síðan í Kópavogi (10 ja.is)

Fimmta vinsælasta íslenska vefsíðan. Notendur eyða að meðaltali um 43 sekúndum í einu á síðunni. (11 ruv.is)

36 prósent notenda skoða eingungis forsíðuna. (14 eyjan.is)

Notendur Flickmylife.com eyða um 6 mínútum þar í hverri heimsókn og um 80 sekúndum á hverri síðu. Flickmylife.com er orðið vinsælla á Íslandi en Barnaland.is, Flickr.com og Fotbolti.net. (17 flickmylife.com)

Youporn.com er vinsælla hér á landi en Íslandsbanki, Háskóli Íslands og Eve Online. (36 Youporn.com)

Síðan fór í loftið fyrir mánuði og er orðin vinsælli en B2.is. (40 bleikt.is)

Linkedin virðist ekki vera að ná eins miklum vinsældum hér á landi og aðrar samskiptasíður. (57 LinkedIn.com)

# Sækjum mest í Fésbók, fréttir, gúggl og grín

**Facebook, Google og íslenskar fréttaveitur eru vinsælustu heimasíðurnar hér á landi. Grínsíður og Amazon.com ofar á listanum en síður bankanna.**

**TÆKNI** Facebook er vinsælasta síðan hér á landi samkvæmt mælingum internetfyrirtækisins Alexa Internet, sem mælir umferð á vefsíðum um allan heim. Leitarvélin Google og íslenskar fréttaveitur fylgja þar strax á eftir, sem og Já.is og Youtube.

Athygli vekur að grínsíðan Flickmylife.com, sem var stofnuð opinberlega fyrir um ári, er orðin 17. vinsælasta síðan á landinu í dag og fær fleiri heimsóknir en bankarnir og Barnaland.is. Vefverslunin Amazon.com fylgir fast á hæla hennar.

Vinsælustu íslensku síðurnar í dag, samkvæmt mælingum internetfyrirtækisins Modernus, eru mbl.is, vísir.is og já.is. Bleikt.is, sem er mánaðargamall vefur, er í 10. sæti á íslenska listanum, en í því 40. á þeim alþjóðlega.

Tvær erlendar klámsíður, bannaðar innan 18 ára, eru á listanum yfir 60 vinsælustu síður landsins.

sunna@frettabladid.is

## Fjölsóttustu íslensku vefsíðurnar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | mbl.is | 11 | fotbolti.net |
| 2 | visir.is | 12 | leikjanet.is |
| 3 | dv.is | 13 | blogcentral.is |
| 4 | pressan.is | 14 | leit.is |
| 5 | ja.is | 15 | midi.is |
| 6 | ruv.is | 16 | reykjavik.is |
| 7 | eyjan.is | 17 | vb.is |
| 8 | vedur.is | 18 | doktor.is |
| 9 | fotbolti.net | 19 | smugan.is |
| 10 | bleikt.is | 20 | timarit.is |

Heimild: Modernus.is

# Lokafrestur 31. janúar

Endurgreiða má virðisaukaskatt vegna kostnaðar við aðkeypta vinnu við viðhald og endurbætur á íbúðar- og frístundahúsnæði. Samhliða má lækka tekjuskattsstofn um mest 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Frestur til að skila inn umsókn vegna vinnu á árinu 2010 rennur út 31. janúar næstkomandi.

Ef sótt er um eftir þann tíma vegna framkvæmda á síðasta ári heimilast aðeins endurgreiðsla á virðisaukaskatti en ekki lækkun á tekjuskattsstofni.

**Húsfélög** sem fengið hafa endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir hönd eigenda þurfa að skila til ríkisskattstjóra sundurliðun á kostnaði þannig að eigendur geti átt rétt á lækkun á tekjuskattsstofni við álagningu 2011.

**Til að lækka tekjuskattsstofn þarf að skila umsókn í síðasta lagi 31. janúar**




RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

**Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is**



**GENGUR Í PLASTPOKUM** Mikil flóð hafa verið í Þýskalandi síðustu daga. Í bænum Backnang brá þessi maður á það ráð að setja fæturna í plastpoka áður en hann byrjaði að vaða. NORDICPHOTOS/AFP

Íslenskir flugumferðarstjórar með reynslu eftirsóttir á alþjóðaflugvelli í Írak:

# Margföld árslaun og ævintýraþrá

**SAMGÖNGUR** Tveir íslenskir flugumferðarstjórar hafa flutt búferlum til Bagdad og stýra nú flugumferð yfir Írak. Tveir til viðbótar eru á leiðinni til Írak og fleiri eru að skoða málið, segir Ottó Garðar Eiríksson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra.

„Meginástæðan fyrir því að ég flutti voru launin sem boðið er upp á,“ segir Hörður Arilíusarson, sem er kominn til starfa í Bagdad.

„Í öðru lagi má segja að það sé ákveðin ævintýraþrá. Maður fær mikið út úr því að taka þátt í svona uppbyggingarstarfi.“



**FLUGUMFERÐARSTJÓRN** Flugumferðarstjórar með reynslu af úthafsflugstjórn eru eftirsóttir í Írak um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Nú er verið að afhenda loftrýmið yfir landinu írösku flugmálastjórninni, en loftrýmið hafði verið lokað fyrir yfirflugi þar til nýverið.

Aðspurður segist Hörður ekki óttast um öryggi sitt í Írak. Hann sé eins og aðrir starfsmenn á lokuðu svæði við Alþjóðaflugvöllinn í Bagdad, og öryggisgæslan sé góð.

Hörður segist hafa ráðið sig til eins árs, en vel komi til greina að vera lengur. Á þremur til fjórum árum geti hann haft jafn miklar tekjur í Bagdad og hann gæti haft á Íslandi á þeim þrettán árum sem hann eigi eftir í eftirlaunin.

Aðeins er verið að leita eftir flugumferðarstjórum með reynslu af úthafsflugstjórn enn sem komið er. - bj

Reykingar landsmanna:

# Um 14 prósent reykja daglega

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 14 prósent fullorðinna hér á landi reykja daglega, samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup fyrir árið 2010. Heldur því tíðni reykinga áfram að lækka, en 15,4 prósent reyktu daglega árið 2009.

Íslenskar konur virðast hafa hætt að reykja í meiri mæli en áður, en þrátt fyrir það hafa fleiri karlar hætt að reykja á síðustu þremur árum en konur. Kemur þetta fram á heimasíðu Lýðheilsustöðvar. Munur er á reykingum eftir menntun. - sv



**BOR** Íslandsbanki hefur unnið að endurskipulagningu Jarðborana.

Miðengi eignast Jarðboranir:

# Ekki búið að ákveða söluferli

**VIÐSKIPTI** Miðengi, dótturfélag Íslandsbanka, hefur eignast Jarðboranir. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvenær félagið verður sett í söluferli.

Jarðboranir hafa um árabil borað eftir jarðhita og gasi víða um heim jafnhliða.

Jarðboranir voru upphaflega í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar en einkavæddar árið 1992. Fyrirtækið var um tíma í eigu fjárfestingarfélagsins Atorku Group en varð síðar hluti af Geysi Green Energy. - jab

Forystumenn VG héldu til haga í þingræðum mögulegum viðræðuslitum við ESB:

# Þingið getur ákveðið að segja stopp

**STJÓRNMÁL** Þótt í þingsályktun Alþingis sé ekki gert ráð fyrir öðru en að aðildarviðræðunum við ESB ljúki með samningi sem borinn verður undir þjóðina settu forystumenn VG fyrirvara í umræðum um málið.

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, sagðist í umræðunum í júlí 2009 vilja halda því til haga að stjórnvöld gætu hvenær sem væri dregið sig út úr viðræðunum, „ef þeim þykir einsýnt að hagsmunum Íslands verði áfram betur borgið utan sambandsins eða fyrir liggi að ekki náist ásættanlegur aðildarsamningur“. Ályktun Alþingis þyrfti til að hætta viðræðunum.

Árni Þór ítrekaði þetta sjónarmið í Fréttablaðinu á miðvikudag. Tók hann jafnframt fram að hann teldi ástæðulaust að huga að viðræðuslitum nú.

„Ég er enn þeirrar skoðunar að það eigi að halda viðræðum við ESB áfram, ljúka þeim og leggja niðurstöðuna í almenna þjóðaratkvæðagreiðslu,“ sagði Árni í samtali í gær, en Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur túlkað orð Árna frá því á miðvikudag þannig að um stefnubreytingu sé að ræða.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Í áðurnefndum þingumræðum talaði Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, á sömu leið og Árni. „Við áskiljum okkur [...] líka rétt til þess á hverju stigi málsins sem er að leggja það til að samningaviðræðunum verði hætt og það á Alþingi líka að gera.“

Ekki kom til þess að þingið setti ákvæði í þessa veru inn í ályktunina. - bþs

Tilraun til manndráps:

# Skar mann á háls með gleri

**DÓMSMÁL** **Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir tilraun til manndráps þegar hann skar annan mann á háls með glerbroti. Atvikið átti sér stað í heimahúsi í Reykjavík árla morguns laugardaginn 20. mars á síðasta ári.**

**Hinum ákærða er gefið að sök að hafa slegið annan mann með bjórglasi og slegið eða skorið hann á háls með glerbroti.**

**Fórnarlambið hlaut skurð á enni og dreifða, krosslaga skurði á hálsi sem náðu fimmtán til tuttugu sentimetra þvert yfir hálsinn í gegnum húð, undirhúðsfitu, vöðva og æðar.**

**Fórnarlambið gerir einkaréttarkröfu á hendur þeim ákærða þar sem krafist er skaðabóta upp á tvær milljónir króna, auk dráttarvaxta.** - jss


Tal

HEIMASÍMI Í HEIMASÍMA
GSM ÓHÁÐ KERFI
INTERNET

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ÞÁ SEM VILJA STJÓRNA ÚTGJÖLDUM SÍNUM.
GERÐU OKKUR TILBOÐ.

KOMDU Á TAL.IS, HAFÐU SAMBAND Í 1817 EÐA KÍKTU Í KAFFI Í NÆSTU VERSLUN OG SEGÐU OKKUR HVERNIG ÞJÓNUSTU ÞÚ ÞARFT OG HVAÐ ÞÚ VILT BORGA. ÞÚ RÆÐUR.

MINNI ÓVISSA. MEIRA TAL.



Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
UPP BOÐ!
Í DAG
laugardaginn 15. janúar mun Siggi Hlö stýra æsispennandi uppboði á völdum vörum í Ellingsen Reykjavík.
Ekki missa af þessu!
Á RISAÚTSÖLU ELLINGSEN Í REYKJAVÍK
UPPBOÐ KL. 13.00
COLUMBIA NEWTON RIDGE TVÖ PÖR, DÖMU OG HERRA FYRSTA BOÐ 15.000 FULLT VERÐ 55.980
SCOTT GORE-TEX VÉLSLEÐABUXUR FYRSTA BOÐ 18.000 FULLT VERÐ 59.900
CAMPINGAZ TEXAS DELUX GASGRILL FYRSTA BOÐ 17.000 FULLT VERÐ 34.900
COLUMBIA LUSTER DÚNÚLPA FYRIR HERRA, OMNI-HEAT FÓÐRUN FYRSTA BOÐ 18.000 FULLT VERÐ 49.990
SCOTT VÉLSLEÐAHJÁLMUR FYRSTA BOÐ 8.000 FULLT VERÐ 24.900
UPPBOÐ KL. 14.30
LOOP TVÍHENDA FYRSTA BOÐ 25.000 FULLT VERÐ 77.990
BROWNING CAMO JAKKI FYRSTA BOÐ 18.000 FULLT VERÐ 46.900
DAXARA 158 FYRSTA BOÐ 95.000 FULLT VERÐ 174.500
ELLINGSEN 2JA BRENNARA GASGRILL FYRSTA BOÐ 25.000 FULLT VERÐ 79.900
CAMPINGAZ ADVANTAGE PALLAHITARI FYRSTA BOÐ 15.000 FULLT VERÐ 44.900
RAFMAGNS REYKOFN FYRSTA BOÐ 130.000 FULLT VERÐ 249.000
PIPAR\TBWA • SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Stjórnsýslan og fólk:

# Fyrir bestu

Ekki er nema von að fólk furði sig á flestu sem fram hefur komið í máli hjónanna og sonar þeirra sem bíða þess á Indlandi að komast heim til Íslands. Fjórar vikur eru síðan Fréttablaðið flutti fyrstu fréttir af málinu. Þá var að skilja að vandinn væri sá að íslensk stjórnvöld viðurkenndu ekki drenginn sem íslenskan ríkisborgara. Daginn sem fréttin birtist samþykkti Alþingi að veita honum slíkan rétt en enn er fjölskyldan ytra.


SKOÐUN



Björn Þór Sigbjörnsson

bjorn@frettabladid.is


Ekki er með öllu gott að segja til um hvort hrein og klár stjórnsýsluleg málefni ráði þeirri stöðu sem uppi er í málinu eða hvort pólitísk sjónarmið stjórni för. Að sönnu er grundvallaratriðið – staðgöngumæðrun – umdeilt og vandmeðfarið. Og upprifjun á afstöðu aðstoðarmanns ráðherrans til málefnisins, sem fram kom í blaðagrein fyrir fjórum árum, var ekki til að draga úr efasemdum og jafnvel ásökunum um að seinagangurinn væri vegna skoðana.

Því verður hins vegar ekki trúað að svo sé. Því verður ekki trúað að ráðherrar og embættismenn láti stjórnast af öðru en lögum og reglum í máli sem þessu, hvað sem skoðunum þeirra eða aðstoðarmanna líður.

Innanríkisráðherrann fullyrti enda í Fréttablaðinu í gær að málið hefði ekki strandað í ráðuneyti hans heldur í „indverskri stjórnsýslu“. Hér á landi er ekki rík þekking á innviðum indverskrar stjórnsýslu og fáir hafa af henni reynslu. Það væri helst að forseti lýðveldisins vissi eitthvað um það gangverk. Kannski hann ætti að beita sér í málinu. Hann hefur jú lagt Íslendingum lið á erlendum vettvangi í embættistíð sinni.

Annað sem innanríkisráðherrann sagði í gær og vekur vonir um að úr málinu leysist var að ráðuneytið legði mjög ríka áherslu á að barnið kæmist til Íslands sem allra fyrst. Þarna glitti í það húmaníska hjartalag ráðherrans sem landsmenn þekkja svo vel. Í gegnum sína pólitík og verkalýðsbaráttu hefur hann ekki mátt neitt aumt sjá.

Sendiherra Indlands í Reykjavík sagði það sama. Raunar stendur hann í þeirri trú að málið leysist hið fyrsta. Ekki kom þó fram – sem er lykilatriði – hvaða skilning ráðherrann og sendiherrann leggja í orðin „allra fyrst“ og „hið fyrsta“.

Þetta mál er snúið í alla staði. Ljóst er að hjónin héldu utan án þess að hafa vissu fyrir því hver nákvæm framvinda yrði. Þeim mátti vera ljóst að þau voru að taka talsverða áhættu og að þau ættu talsvert undir málshraða stjórnkerfa Íslands og Indlands. Við bættist full vitneskja um ólögmæti staðgöngumæðrunar á Íslandi.

Hvað sem því líður standa stjórnvöld í löndunum tveimur frammi fyrir orðnum hlut. Þeirra er að búa svo um hnúta að fjölskyldan geti komist til síns heima. Sem allra fyrst. Í þeim orðum felst að hjónin geti stigið upp í flugvél á Indlandi með litla drenginn sinn innan örfárra daga.

Sé ekki öðru til að dreifa eru orð umboðsmanns barna í Fréttablaðinu í gær leiðarvísir íslenskra stjórnvalda í málinu. „Barnið er íslenskur ríkisborgari og íslenska ríkið er bundið af barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ríkinu ber að gera það sem barninu er fyrir bestu,“ sagði umboðsmaður.

Því er fyrir bestu að komast til Íslands og það strax.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Styrkur
Þol og styrkur
Tabata

World Class ICELAND





## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# „Snilldarlausn“

Grundvallarstefna VG liggur svo langt frá hinum flokkunum að málamiðlanir reynast því þyngri þraut en öðrum. Andóf vinstrivængsins í VG verður að skoða í þessu ljósi. Fram til þessa hefur hann haft fullnaðarsigur innan flokksins og í stjórnarsamstarfinu á sviði orkunýtingar. Samfylkingin hefur þurft að kyngja því að þau ákvæði í efnahagsáætluninni hafa ekki orðið að veruleika.

Vinstrivængurinn gerði síðan aðventuuppreisn gegn fjárlögunum. Krafa um meiri ríkissjóðs-



ÞORSTEINN PÁLSSON

halla og lántökur var rökstudd með minni hagvexti en AGS-áætlunin gerði ráð fyrir. Helsta ástæðan fyrir minni hagvexti er hins vegar andstaða VG við orkunýtingu og erlenda fjárfestingu.

Eftir að aðventuuppreisnin rann út í sandinn hefur vinstrivængurinn fyrir hvatningu Heimssýnar endurnýjað kröfuna um að undið verði ofan af samkomulagi stjórnarflokkanna í Evrópumálum. Í byrjun vikunnar upplýsti Svavar Gestsson að Ögmundur Jónasson hefði átt hugmyndina að þeirri samkomulagslausn. Sú skýring fylgdi með að hún hafi verið snilldarleg.

ESB-lausnin fólst í því að Alþingi samþykkti aðildarumsókn, þjóðin tæki afstöðu til hugsanlegs samnings á undan Alþingi og VG yrði eftir sem áður á móti aðild. En er þetta sú lýðræðislega „snilldarlausn“ sem af er látið?

## Eða tvöfalt siðgæði?

Flokksmenn VG vita að andstaðan við NATO er málstaður sem tapaðist fyrir löngu. Enginn gerir því kröfu um að þeirri formlegu stefnu sé fylgt. Öðru máli gegnir um ESB. Þar er ekki unnt að kyngja ákvörðun sem aðrir hafa áður ábyrgst. „Snilldarlausnin“ felst í því að ábyrgjast umsóknina en láta líta svo út sem utanríkisráðherra beri síðan einn ábyrgð á samningaferlinu og hugsanlegum samningi.

Þetta gengur ekki upp af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er smám saman verið að taka ákvarðanir í viðræðunum sem eru skuldbindandi fyrir Ísland með fyrirvara um að á endanum verði samkomulag um alla þætti. Þessar ákvarðanir snerta valdsvið allra ráðherra og eru á ábyrgð hvers og eins. Í öðru lagi getur utanríkisráðherra ekki sett stafina sína undir samning þegar þar að kemur nema meirihluti Alþingis taki pólitíska ábyrgð á þeim gerningi. Það er grundvöllur þingræðisreglunnar.

Ætli VG eftir þá stjórnarathöfn að lýsa yfir andstöðu við samning sem gerður er á pólitíska ábyrgð þess birtist tvöfalt siðgæði þingmanna þeirra og ráðherra nakið fyrir almenningssjónum. Samstarfsmenn vinstrivængs VG í Heimssýn komu fljótt auga á þennan veikleika. Þeir hafa því komið því inn hjá vinstrivængnum að aðildarviðræðurnar séu eitthvað allt annað en Alþingi samþykkti. Sú staðhæfing styðst ekki við nein rök.

Öllum mátti vera ljóst hvert eðli aðildarviðræðna er. Það er ekki vandinn. Hann liggur þvert á móti í eðli þeirrar „snilldarlausnar“ sem setja átti niður ágreining stjórnarflokkanna. Samkomulag sem felur einungis í sér gagnkvæma ábyrgð á upphafi máls en ekki ferli þess og lyktum er ekki sátt um málið í heild. Þar af leiðandi dugar hún ekki.

## Atkvæði verði látin ganga

Veruleikinn er sá að báðir stjórnarflokkarnir þurfa að gangast undir sameiginlega ábyrgð á samningaferlinu öllu. Aðrir kostir eru að hætta við eða slíta samstarfinu. Það er blekking að þjóðaratkvæðagreiðsla sé sjálfgefin. Án þingmeirihluta sem ábyrgist undirskriftina, með þegjandi samþykki ef svo víkur við, verður enginn samningur og engin þjóðaratkvæðagreiðsla. Millileikur er því ekki til.

Vinstrivængur VG krafðist ekki sérstakrar atkvæðagreiðslu um framlög til aðildarviðræðnanna við afgreiðslu fjárlaganna. Ástæðan er trúlega sú að þeir reikna ekki með að hafa meirihluta. Utanríkisráðherra ætti því að láta atkvæði ganga strax eftir helgi um tillögu sem tekur af öll tvímæli um framhaldið.

Sósíalistaflokkurinn fórnaði nýsköpunarstjórninni á sínum tíma vegna Keflavíkursamningsins. Það var fyrir þá daga að feluleikur var talinn til „snilldarlausna“. Báðir vængir VG virðast nú ófúsir að fórna ríkisstjórninni fyrir málstaðinn. Í því ljósi er án efa þrautaminnst fyrir báða að axla ábyrgð á aðildarviðræðunum skref fyrir skref því að það er í raun og veru feluleikur „snilldarlausnarinnar“ sem gerir það að málflutningur þeirra nær ekki betri fótfestu en belja á svelli.

Árni Þór Sigurðsson sagði í Fréttablaðsviðtali í vikunni að meta yrði stöðuna eftir framvindu viðræðna og eftir atvikum hvort viðræðum yrði á einhverju stigi slitið. Hér kveður við annan tón. Með gagnályktun má ráða að fyrir liggi pólitísk ábyrgð VG á hverju skrefi meðan ekki er stoppað. Það er á sinn hátt ábyrgt. Svo kann þetta að vera hótun. Óvissan veikir ríkisstjórnina inn á við og út á við.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# BURT ÚR BÆNUM
# HRISTU HÓPINN SAMAN!

Burt úr bænum er fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum.
Komdu liðinu skemmtilega á óvart.

Taktu flugið burt úr bænum. Tilvalið fyrir starfsmannaferðir,
árshátíðir, óvissuferðir eða menningarferð með fjölskyldunni.

Frábær ferðatilboð til allra áfangastaða okkar innanlands
og nú bjóðum við einnig ferðir til Færeyja.

**REYKJAVÍK**
**EGILSSTAÐIR**
**ÍSAFJÖRÐUR**
**AKUREYRI**
**ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM**

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 52998 01/11

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FLUGFELAG.IS EÐA Í SÍMA 570 3075.**

# Tyrkland með VIT

## 10–11 nátta ferðir



# Bodrum

### Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrk
sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, f
og gnægð  veitingastaða og verslana.

## Flugáætlun

| | |
|---|---|
| 21. maí | 16. ágúst |
| 31. maí | 27. ágúst. |
| 11. júní | 6. sept. |
| 21. júní | 17. sept. |
| 2. júlí | 27. sept. |
| 16. júlí | 8. okt. |
| 26. júlí | 18. okt. |
| 6. ágúst | 29. okt. |



Við ströndina

## Flugsæti T

**Verð frá 9**
+ 15.000 Vilda

Innifalið: Flug fram og

* Verð án Vildarpunkta 109.9

## Tropicana B

Lítið en fjörugt íbúðaho
ströndina í Gumbet sem

**Verð frá 12**
og 15.000 Vild

á mann m.v. 2 fullorðna
31. maí. Verð á mann m
Vildarpunktar.

* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 142

### Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Vildarklúbbur

## Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 53165 01.01

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# TA í allt sumar




Aksturstími frá flugvelli til Bodrum er aðeins um 30 mínútur.

klands við Eyjahaf þar
yrsta flokks þjónusta

## 6. júlí

99.900 kr.*
rpunktar
til baka og flugvallaskattar.
00 kr.

## Beach ★★½

ótel á mjög góðum stað við
n hentar yngra fólki sérstaklega vel.

24.000 kr.*
arpunktar
og 2 börn (2-12) í íbúð í 11 nætur
.v. 2 í íbúð 132.900 kr.** og 15.000

134.000 kr.
2.900 kr.







## Eken ★★★

Eken er einkar vinalegt hótel með rúmgóðum og snyrtilegum herbergjum sem öll eru loftkæld og með svölum. Í garðinum eru sundlaugar þar sem börnin geta leikið sér í barnalaug.

**Verð frá 135.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12) í í herbegi með öllu inniföldu í 11 nætur 31. maí. Verð á mann m.v. 2 í herbergi 149.500 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.

* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+1 145.900 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 159.500 kr.

## Voyage Torba ★★★★★

Einstaklega glæsilegt fimm stjörnu hótel sem VITA kynnir með miklu stolti. Hótelið er staðsett í útjaðri Bodrum og er eitt það allra flottasta á svæðinu.

**Verð frá 172.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í herbergi með öllu inniföldu í 11 nætur 31. maí. Verð á mann m.v. 2 í herbergiz 195.100 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.

* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 182.900 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 205.100 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er






# Endurskoðun náttúruverndarlaga

**Náttúruverndarlög**

**Svandís Svavarsdóttir**
umhverfisráðherra



Talsvert hefur verið fjallað um drög að frumvarpi til laga um endurskoðun náttúruverndarlaga. Svo virðist sem ákveðins misskilnings gæti um drögin og benda viðbrögðin til þess að sumir haldi að um endanlegt frumvarp sé að ræða sem verði lagt fram óbreytt á Alþingi. Svo er ekki. Nú er einungis verið að óska eftir athugasemdum við drög sem sérstök nefnd hefur unnið áður en frumvarpið er fullunnið í umhverfisráðuneytinu og lagt fram á Alþingi.

Í ljósi þeirra fjölmörgu þátta sem hafa þarf í huga við endurskoðun náttúruverndarlaga var ákveðið að skipta vinnu nefndarinnar upp í tvo hluta. Í fyrsta lagi var ákveðið að greina þá þætti endurskoðunarinnar sem eru hvað brýnastir og leggja fram frumvarp til laga um þær breytingar. Í öðru lagi var ákveðið að fara í heildarendurskoðun á löggjöfinni og er sú vinna enn í gangi. Þeir þættir sem talið var brýnast að bregðast við með breytingum á núgildandi lögum eru 17. gr. sem fjallar um akstur utan vega, 37. gr. um sérstaka vernd og 41. gr. um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera. Ástæða þess að þessar tilteknu greinar voru sérstaklega teknar til skoðunar er sú að þær hafa ekki náð fram þeim markmiðum sem að var stefnt með setningu þeirra og eru ekki nægilega afgerandi þegar kemur að beitingu þeirra.

> Nú er einungis verið að óska eftir athugasemdum við drög sem sérstök nefnd hefur unnið

Til að tryggja að sem flest sjónarmið komi fram við tillögurnar var ákveðið að birta drög að frumvarpinu á heimasíðu umhverfisráðuneytisins og kalla eftir athugasemdum. Markmiðið með þessari aðferð er að kalla eftir víðtækum sjónarmiðum allra þeirra sem láta sig náttúruvernd varða svo að endanlegt frumvarp endurspegli eftir fremsta megni þau fjölmörgu sjónarmið sem uppi eru. Er rétt að taka fram að þetta vinnulag hefur áður verið viðhaft hjá umhverfisráðuneytinu til að tryggja sem víðtækast samráð. Ég hvet eindregið til þess að allir þeir sem áhuga og þekkingu hafa á náttúruvernd kynni sér frumvarpsdrögin og sendi inn athugasemdir við frumvarpsdrögin fyrir 21. janúar næstkomandi.

# Rangar tölur hjá Pawel

**Veggjöld**

**Runólfur Ólafsson**
framkvæmdastjóri FÍB



Það er auðvelt að komast að rangri niðurstöðu með því að nota rangar tölur. Stærðfræðingurinn Pawel Bartoszek fellur í þann pytt í grein í Fréttablaðinu í gær. Þar fullyrðir hann að útgjöld „hins opinbera“ af umferð séu töluvert meiri en tekjurnar. Því sé það tóm frekja af FÍB og 18% kosningabærra landsmanna að vera á móti vegatollum.

Á síðasta ári voru útgjöld ríkisins til vegamála um 22 milljarðar króna. Tekjur af bílum og bílanotkun voru 42 milljarðar. Stærðfræðingurinn vitnar í Hagstofuna um að útgjöldin hafi verið 39 milljarðar. Þar ber hann saman epli og appelsínur, því að inni í þeirri tölu eru útgjöld sveitarfélaga vegna gatnagerðar. Á móti þeim útgjöldum koma að sjálfsögðu útsvarstekjur og gatnagerðargjöld sveitarfélaganna. Pawel kýs hins vegar að sleppa þeim tekjulið í samanburðinum.

Pawel segir að auðvitað vilji fólk „ókeypis“ hraðbrautir og þess vegna sé það á móti vegatollum. Þetta er rangt ályktað. Vegakerfið er ekkert ókeypis, bíleigendur og bílnotendur borga tvöfalt til þrefalt meira fyrir að fá að fara ferða sinna en ríkið ver til vegamála.

Pawel kallar FÍB sérhagsmunasamtök. Þeir sérhagsmunir sem FÍB sinnir, með 15 þúsund fjölskyldur að baki, snúa að þriðja stærsta útgjaldalið rúmlega 95% íslenskra heimila. Ekki beint „sérhagsmunir“ í augum flestra.

Gott er þó til þess að vita að Pawel er sammála FÍB um að auðvitað eigi að leita ódýrari lausna til að bæta vegakerfið og auka öryggi vegfarenda.

NÆSTA ÚTHLUTUN ÚR HÖNNUNARSJÓÐI AURORU VERÐUR Í MARS 2011

FRESTUR TIL AÐ SKILA INN UMSÓKNUM RENNUR ÚT 15. FEBRÚAR.

HÖNNUNARSJÓÐUR Auroru hefur að markmiði að skjóta styrkum stoðum undir íslenska hönnun með því að veita hönnuðum og arkitektum fjárhagslega aðstoð. Nánari upplýsingar um úthlutaða styrki og leiðbeiningar vegna umsókna er að finna á www.honnunarsjodur.is. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á info@honnunarsjodur.is Seinni úthlutun úr sjóðnum, fyrir árið 2011, verður á haustmánuðum Umsóknarfrestur auglýstur síðar Hönnunarsjóður Auroru

Hönnun: Gunnar Vilhjálmsson, www.gunnarvilhjalmsson.net

# ALLT Í SKÍÐABREKKUNA



## SKÍÐADEILDIN
er í Glæsibæ

## 20% afsláttur
af skíðapökkum og snjóbrettapökkum ef keypt eru skíði, bindingar og skór eða bretti og bindingar.

## BRETTADEILDIN
er í Kringlunni

ROSSIGNOL PURE MOUNTAIN COMPANY®

BLIZZARD SKI

# HERRASKÍÐI



**Rossignol**
*PMC 3000*
*með bindingum.*
**Verð: 59.990 kr.**

**Blizzard**
*G-Force Three*
*með bindingum.*
**Verð: 94.990 kr.**

**Rossignol**
*Herraskór*
*Exalt 70.*
**Verð: 31.990 kr.**

# DÖMUSKÍÐI



**Rossignol**
*Attraxion I*
*með bindingum.*
**Verð: 64.990 kr.**

**Rossignol**
*Attraxion VIII*
*með bindingum.*
**Verð: 99.990 kr.**

**Rossignol**
*Dömuskór*
*Xena 60.*
**Verð: 34.990 kr.**

# BARNASKÍÐI

**Rossignol** *Radical J*
*Stærðir 67, 80, 93 sm*
*með bindingum.*
**Verð: 26.980 kr.**

**Rossignol** *Radical J*
*Stærðir 100, 110, 120, 130 sm, með bindingum.*
**Verð: 34.990 kr.**

**Rossignol** *Radical J*
*Stærðir 140 sm*
*með bindingum.*
**Verð: 41.990 kr.**



**Rossignol**
*Barnaskór.*
**Verð: 11.990 kr.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 53149 01/11

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

**ÚTILÍF**

# Ekki einsleitur hópur

Fatlaðir

Guðrún Pálsdóttir
bæjarstjóri í Kópavogi



Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, gerði þjónustu Kópavogsbæjar við fatlað fólk að umtalsefni í leiðara í vikunni og hélt því fram að undirrituð liti á fatlaða sem einn og einsleitan hóp sem öllum bæri að þjóna með sama hætti. Rökin fyrir þeirri fullyrðingu voru þau að Kópavogsbær byði blindu fólki ekki akstursþjónustu með leigubílum.

Kópavogsbær veitir fötluðu fólki margvíslega þjónustu í samræmi við ólíkar þarfir hvers og eins. Ferðaþjónusta fatlaðra er hins vegar ekki einstaklingsþjónusta heldur sértæk almenn þjónusta. Fatlað fólk sem ekki getur nýtt sér almenningssamgöngur getur, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, fengið sérstaka akstursþjónustu sem er ígildi þess að ferðast með strætó. Það þýðir að lögblindir geta, eins og annað fólk með fötlun, nýtt sér ferðaþjónustu fatlaðra, til að sækja vinnu, skóla eða hæfingu. Með því uppfyllir bærinn sínar lögbundnu skyldur.

Það var í ljósi ofangreinds sem bærinn hafnaði ósk Blindrafélagsins um að lögblindir fengju ferðaþjónustu umfram annað fólk með fötlun. Bærinn telur með öðrum orðum að ekki eigi að mismuna fólki eftir fötlun. Þetta þýðir þó ekki að litið sé á hóp fatlaðra sem einn og einsleitan hóp hér í Kópavogi, eins og aðstoðarritstjórinn heldur fram, enda veitir bærinn fötluðum margvíslega einstaklingsmiðaða þjónustu, eins og áður sagði.

> Við ætlum okkur að skara fram úr í þessum málaflokki.

Í Kópavogi geta þeir sem nýta sér ferðaþjónustu fatlaðra fengið allt að 68 ferðir á mánuði. Kvöldferðir má panta samdægurs. Til samanburðar er Hafnarfjörður með allt að 54 ferðir á mánuði en með samningi Hafnarfjarðarbæjar við Blindrafélagið geta blindir farið að hámarki 8 ferðir á mánuði með leigubíl.

Kópavogur tók yfir þjónustu við fatlað fólk af ríkinu nú um áramótin og hefur þegar verið lögð fram til umræðu í bæjarstjórn metnaðarfull stefna til næstu ára. Við ætlum okkur að skara fram úr í þessum málaflokki. Einn liður í því er að endurskoða ferðaþjónustu fatlaðra og bjóða hana út með það að markmiði að bæta þjónustuna enn frekar.

Kynningadagur slysavarnadeilda 18. janúar 2011 - **Opið hús**



Viltu slást í hópinn?

Slysavarnafélagið Landsbjörg leitar nú að fólki til að starfa með slysavarnadeildum félagsins en hlutverk þeirra snýr helst að slysavörnum auk þess að vera öflugt bakland björgunarsveitanna í starfi og útköllum. Deildirnar stefna að því að fækka slysum með öflugu forvarnastarfi, með gildi félagsins að leiðarljósi; fagmennsku, forystu og fórnfýsi. Í þessu 80 ára gamla félagi hefur starf deildanna þróast í gegnum tíðina en slysavarnahugsjónin sem leiddi til stofnunar Slysavarnafélags Íslands 1928 hefur þó alla tíð verið rauði þráðurinn í starfinu.

Innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru nú starfandi slysavarnadeildir um allt land. Starfið er fjölbreytt, skemmtilegt og upplagt fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða. Verið velkomin á kynningardag slysavarnadeildanna 18. janúar nk. kl. 20 og fáið allar nánari upplýsingar.

**Opið hús slysavarnadeilda verða á eftirtöldum stöðum:**

Akranes - Slysavarnadeildin Líf
Hellissandur - Slysavarnadeild Helgu Bárðar
Ólafsvík - Slysavarnadeildin Sumargjöf
Patreksfjörður - Slysavarnadeildin Unnur
Bolungarvík - Slysavarnadeild kvenna
Hnífsdalur - Slysavarnadeild
Ísafjörður - Slysavarnadeild kvenna
Sauðárkrókur - Slysavarnadeild Skagfirðingasveitar
Dalvík - Slysavarnadeild kvenna
Akureyri - Slysavarnadeild kvenna
Húsavík - Slysavarnadeild kvenna
Vopnafjörður - Slysavarnadeildin Sjöfn
Eskifjörður - Slysavarnadeildin Hafrún
Reyðarfjörður - Slysavarnadeildin Ársól
Fáskrúðsfjörður - Slysavarnadeildin Hafdís
Höfn - Slysavarnadeildin Framtíðin
Vestmannaeyjar - Slysavarnadeildin Eykyndill
Grindavík - Slysavarnadeildin Þórkatla
Reykjanesbær - Kvennasveitin Dagbjörg
Hafnarfjörður - Slysavarnadeildin Hraunprýði
Seltjarnarnes - Slysavarnadeildin Varðan

Nánari upplýsingar um tíma- og staðsetningu er að finna á vefsíðu okkar **www.landsbjorg.is**

Slysavarnafélagið Landsbjörg er stærstu sjálfboðaliðasamtök landsins, með um 100 björgunarsveitir og um 50 slysavarnadeildir um land allt. Meðlimir félagsins sinna fjölbreyttum störfum allt árið um kring. Yfir 80 ára reynsla félagsins í slysavörnum er traustur grunnur undir starf slysavarnadeilda sem hafa unnið þrekvirki á undanförnum áratugum. Öflugur tækjakostur björgunarsveita, markvisst þjálfunar- og fræðslustarf og skilvirkt stjórnkerfi tryggja skjót viðbrögð við vá og fagleg vinnubrögð þeirra á vettvangi.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Sátt um san

Sjávarútvegur

Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður Sjálfstæðisflokksins



Jóhann Ársælsson, fyrrverandi alþingismaður, skrifar grein í Fréttablaðið 13. janúar til þess að svara grein sem ég ritaði í Morgunblaðið 8. janúar sl. Erindi höfundar er greinilega það fyrst og fremst að tala niður þá sögulegu niðurstöðu sem varð í nefnd starfshóps sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra um endurskoðun á fiskveiðistjórnarlögunum. Ekki hefur hann þó þar erindi sem erfiði. Staðreyndirnar tala nefnilega sínu máli. Um niðurstöðuna skapaðist mikil og breið sátt í hópi fulltrúa hagsmunaaðila og stjórnmálaflokka sem hafa haft mismunandi sýn á fiskveiðistjórnarmálin. Breytir þá engu hversu margar breiðsíður menn skrifa í blöðin um þessi mál. Staðreyndir málsins standa jafn óhaggaðar.

Starfshópurinn vann undir forystu Guðbjarts Hannessonar núverandi velferðarráðherra. Varaformaður hópsins var Björn Valur Gíslason alþingismaður. Þeir ásamt öðrum fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna stóðu að afdráttarlausri niðurstöðu starfshópsins. Undir álitið skrifaði ég sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, auk fulltrúa Framsóknarflokksins og breiðs hóps hagsmunaaðila í sjávarútveg.

Þetta eru söguleg tíðindi. Undrum sætir að menn reyni að gera lítið úr þessari niðurstöðu, eða að hún skipti litlu máli við undirbúning lagafrumvarpa um þessi mál, eins og Jóhann Ársælsson er greinilega að gera. Nefndin var skipuð á grundvelli stefnuyfirlýsingar núverandi ríkisstjórnar. Hlutverk okkar var „að endurskoða lög um fiskveiðistjórnun í heild“, eins og segir í skipunarbréfi, sem Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra undirritaði. Það er því ljót tilraun til útúrsnúnings á yfirlýstum vilja ráðherrans að tala niður þýðingu þeirrar afdráttarlausu niðurstöðu sem fékkst á vettvangi fólks með svo ólík sjónarmið í jafn vandasömu og langvarandi deilumáli.

Fyrirfram hefði mátt vænta þess að niðurstöðunni yrði fagnað og svo hefur orðið víða. En þeim mun meiri undrum sætir að gagnrýnin hefur einkanlega komið frá einstökum aðilum nátengdum öðrum stjórnarflokknum, Samfylkingunni.

Í grein sinni freistar Jóhann Ársælsson að draga upp þá mynd að niðurstaða okkar feli í sér litlar breytingar á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar. En er það svo? Aldeilis ekki. Þessi niðurstaða er ekki einasta söguleg vegna þeirrar víðtæku samstöðu sem um hana myndaðist í endurskoðunarnefndinni, heldur ekki síður vegna þess að hún felur í sér nýja nálgun og á ýmsan hátt grundvallarbreytingar.

# Mótmælum margföldum vegskatti

Veggjöld

Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Ótrúlegt er að ríkisstjórnin ætli sér að leggja á nýja vegskatta til viðbótar þeim ofurháu sköttum, sem nú þegar eru lagðir á bifreiðaeigendur. Ríkisstjórnin telur ekki skipta máli að benzínverð á Íslandi er nú þegar eitt hið hæsta í heimi en rúmur helmingur af verði hvers benzínlítra rennur til ríkisins.

Hver benzínstöð er því í raun hluti af hinu mikilvirka innheimtukerfi ríkissjóðs, útibú frá skattstofunni.

Háir skattar á eldsneyti eru réttlættir með því að þannig sé í raun verið að afla fjár til samgönguframkvæmda, sem eðlilegt sé að bifreiðaeigendur standi undir. Skattar, sem ríkið innheimtir af bifreiðum og eldsneyti, skila sér þó aðeins að hluta til samgönguframkvæmda. Og það sem þó hefur skilað sér, hefur að stórum hluta verið nýtt til umdeildra stórframkvæmda á landsbyggðinni.

Þrátt fyrir að stærstur hluti eldsneytisskatta sé innheimtur á höfuðborgarsvæðinu, hafa arðbær og brýn samgönguverkefni þar setið á hakanum. Nefna má framkvæmdir, sem myndu stórauka öryggi í umferðinni og fækka slysum; t.d. með uppsetningu vegriða meðfram stofnbrautum og aðskilnaði akreina á fjölförnum vegum.

### Hrein viðbótarskattheimta

Komist hugmyndir ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna í framkvæmd verður skattheimta bæði aukin og flækt. Í sjálfu sér er ekkert að því að innheimta veggjöld til að fjármagna samgöngumannvirki en slík innheimta á sér nú þegar stað, og það margfalt, með eldsneytissköttum. Fyrirhuguð veggjöld munu leggjast á meginþorra bifreiðaeigenda og um hreina viðbótarskattheimtu er að ræða því ríkisstjórnin ætlar sér ekki að lækka neina skatta á móti. Þyngst mun skatturinn leggjast á íbúa höfuðborgarsvæðisins og þá, sem fara á milli sveitarfélaga vegna vinnu sinnar. Þá væri með öllu óviðunandi ef staðið væri þannig að málum að veggjaldskattur væri innheimtur innan marka sama sveitarfélagsins, t.d. í þeim tilvikum þegar Kjalnesingar sækja vinnu og þjónustu í önnur hverfi Reykjavíkurborgar.

Það er í sjálfu sér jákvætt að vilji standi til þess að ráðast í úrbætur á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi, sem munu greiða fyrir umferð og stórauka umferðaröryggi. Hins vegar verður að gera þá kröfu til Alþingis að í stað viðbótarskattheimtu verði slíkar framkvæmdir fjármagnaðar með því að höfuðborgarsvæðið fái sanngjarnan skerf af hinum háu skatttekjum af bifreiðum, sem verða til á svæðinu.

# ngjarna leið

### Verulegar breytingar

Í fyrsta lagi gerðum við tillögu um að setja í stjórnarskrá ótvírætt ákvæði um eignarhald ríkisins/þjóðarinnar á fiskveiðiauðlindinni.

Í annan stað er lagt til að horfið verði frá því að úthluta veiðirétti til ótiltekins tíma. Þess í stað er gert ráð fyrir að gerðir verði samningar um nýtingu aflaheimilda til tiltekins tíma. Með öðrum orðum að kveðið sé skýrt á um að um sé að ræða nýtingarrétt á auðlind sem sé í eigu þjóðarinnar/ríkisins.

Í þriðja lagi að fyrir þennan nýtingarrétt beri að greiða eigandanum afgjald, þannig að tryggt sé að afraksturinn skili sér með beinum hætti til ríkisins.

Í fjórða lagi að tilteknum hluta aflaheimilda sé ráðstafað á félagslegum, byggðalegum og atvinnulegum grunni.

Í fimmta lagi að gætt sé jafnræðis við úthlutun nýrra aflaheimilda, eða heimilda sem komi til endurúthlutunar.

Af þessu má glögglega sjá að tillögur okkar fela í sér róttækar breytingar.Í raun má segja að þetta sé rökrétt niðurstaða. Fyrirmyndin sem við studdumst við hefur komið fram í þeirri stefnumótun sem ríkisstjórnin hefur unnið að varðandi aðrar auðlindir, þ.e. orkuauðlindirnar. Í þeim málum hafa engir talað jafn ákveðið og forystumenn Samfylkingarinnar, stjórnmálaflokks Jóhanns Ársælssonar. Það sætir því talsverðri furðu að hann skuli ekki koma auga á samhengið, þegar hann ræðir um fyrirkomulag nýtingar á fiskveiðiauðlindinni.

> Stjórnlagaþingið mun semja frumvarp að nýjum stjórnarskipunarlögum

Þegar Jóhanna Sigurðardóttir talar eins og hún gerði í áramótaávarpi sínu verða þau orð ekki skilin á annan veg en þann að hún telji eðlilegt að þessum málum sé skipað eins, í tilviki nýtingar orku- og fiskveiðiauðlinda. Það varð líka niðurstaða okkar í starfshópnum.

Tillögur okkar voru að sönnu málamiðlun. Þær voru niðurstaða mikillar faglegrar vinnu, sem nefndarmenn lögðu svo mat sitt á. Auðvelt hefði verið fyrir þá sem í hlut áttu að halda sig fast við sínar ítrustu skoðanir. Það var ekki gert. Menn lögðu sig fram um að nálgast gagnstæð sjónarmið af virðingu til þess að komast að bærilegri sátt. Það var þess vegna sem við sögðum fyrirvaralaust í áliti okkar: „Meirihluti starfshópsins telur að þær tillögur sem hópurinn gerir nú til breytingar og endurskoðunar á lögum um stjórn fiskveiða sé grunnur að lausn þeirra stóru ágreiningsefna sem verið hafa uppi hér á landi um langt skeið."

Þetta er kjarni málsins.




# Þjónusta við fatlað fólk í Reykjavík

**Frá áramótum ber Reykjavíkurborg ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík skv. lögum nr. 152/2010 um málefni fatlaðs fólks.**

**Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarljós Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk til framtíðar. Í því felst viðurkenning á sjálfstæðu lífi á eigin forsendum, jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, réttur til aðstoðar við að lifa innihaldsríku lífi og viðurkenning á fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindum allra.**

**Framkvæmd þjónustunnar er á þjónustumiðstöðvum Velferðarsviðs í hverfum borgarinnar. Íbúar eru hvattir til að vera í beinu sambandi við sína þjónustumiðstöð með allar spurningar og ábendingar sem upp kunna að koma.**

Þjónustumiðstöðvar:

**Árbæjar og Grafarholts**, Hraunbæ 115, sími 411-1200

**Breiðholts**, Álfabakka 12, sími 411-1300

**Grafarvogs og Kjalarness** (Miðgarður), Langarima 21, sími 411-1400

**Laugardals og Háaleitis**, Síðumúla 39, sími 411-1500

**Miðborgar og Hlíða**, Skúlagötu 21, sími 411-1600

**Vesturbæjar** (Vesturgarður), Hjarðarhaga 45-47, sími 411-1700

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á vef borgarinnar www.reykjavik.is.

Hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar fást upplýsingar um starfsemi borgarinnar. Sími: **411 1111**.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

**Sumarferðir**
kynna með stolti nýjan áfangastað:

Ferðatímabil
JÚNÍ - ÁGÚST
FLOGIÐ EINU SINNI Í VIKU

SUMAR 2011

# Almeria

## - falda perlan í Miðjarðarhafinu!

### Í fyrsta skipti flogið beint frá Íslandi!

Í fyrsta sinn verður boðið uppá spennandi ferðir til Almeria sem er í næststærsta héraði Spánar, Andalúsíu. Borgin er einstaklega sjarmerandi þar sem sólríkar strendur, hvítkölkuð hús, nautaöt og seðjandi flamenco tónlist ráða ríkjum. Í Almeria eru fallegar strendur og fjölbreytilegt landslag.

NÝTT hjá Sumarferðum!





## Mediterraneo Park Hotel

ALLT INNIFALIÐ! ☆☆☆☆

Hotel Mediterraneo Park Hotel er 4 stjörnu frábærlega staðsett á ströndinni í Roquetas de mar. Á hótelinu er 1.100 fermetra sundlaug með barnalaug og nuddpotti. Skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna. Allt fæði og drykkir innifaldir í verði!

frá 103.947 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 126.885** fyrir 2 fullorðna.
Verð gildir á allar brottfarir í sumar.

ÓTRÚLEGT VERÐ!

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar



## Hotel Golf Trinidad

**ALLT INNIFALIÐ!** ☆☆☆

**Hotel Trinidad er 3 stjörnu hótel staðsett alveg á ströndinni í Roquetas de Mar. Fjöldi verslana, veitingahúsa og bara er í nágrenni hótelsins. Stór og mikil sameiginleg aðstaða. Allt fæði og drykkir innifaldir.**

frá 98.386 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 117.988** fyrir 2 fullorðna.
Verð gildir á allar brottfarir í sumar.



## Hotel Neptuno

**HÁLFT FÆÐI** ☆☆☆☆

**Mjög gott 4 stjörnu hótel staðsett 300 metra frá ströndinni í Roquetas de Mar. Mjög góð sameiginleg aðstaða. Fallegur garður með stórri sundlaug og barnalaug með tveimur rennibrautum.**

frá 89.925 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 112.906** fyrir 2 fullorðna.
Verð gildir á allar brottfarir í sumar.



## Hotel Portobello

**HÁLFT FÆÐI** ☆☆☆☆☆

**5 stjörnu hótel, vel staðsett, við ströndina í Roquetas de mar. Stutt í alla þjónustu. Fjöldi veitingahúsa í nágrenni hótelsins. Val um herbergi eða junior svítur. Hálft eða fullt fæði.**

ofærðu í Junior svítu fyrir
ins 10.000 kr á mann!

frá 99.974 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 120.529** fyrir 2 fullorðna.
Verð gildir á allar brottfarir í sumar.

**Uppfærðu í Junior svítu fyrir aðeins 11.914 kr á mann!**





* Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Þingvellir þurfa samkomuhús

Fyrir réttu ári var **Ólafur Örn Haraldsson** ráðinn í starf þjóðgarðsvarðar Þingvalla. Hann segir mikilvægt að bjóða upp á betri aðstöðu fyrir ferðamenn á þessum merka stað. Ólafur Örn ræddi við *Sigríði Björgu Tómasdóttur* um þjóðgarðinn, ferðamennsku og viðburðaríkan feril í atvinnulífi og stjórnmálum.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður tekur á móti blaðamanni á skrifstofu þjóðgarðsins í Reykjavík. „Ég hef líka aðsetur á Þingvöllum en er aðallega hér,“ útskýrir hann og nær í kaffi. Fyrir rúmu ári var Ólafur Örn ráðinn til að veita þjóðgarðinum forstöðu.

„Þetta er náttúrulega afskaplega áhugavert og skemmtilegt starf. Ég hef leitast við að takast á við það af virðingu og reyni að vanda mig eins og ég get. Í þessu starfi er ég líka að fást við mest allt sem ég hef menntað mig í og fengist við um ævina,“ segir Ólafur sem er menntaður í jarðfræði, sögu og skipulagsfræðum, stofnaði og starfaði lengi hjá Hagvangi og Gallup, sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn og er núverandi forseti Ferðafélags Íslands svo fátt eitt sé nefnt.

„Ég þekki Þingvelli vel, er alinn upp í nágrenninu, á Laugarvatni og ég þekki fólk í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð vel. Faðir minn, sem var doktor í íslensku, kenndi á Laugarvatni. Þar á ég enn hús ásamt systrum mínum. Við erum alin upp við gömul íslensk gildi, landið, tunguna og söguna,“ segir Ólafur sem er mikið niðri fyrir þegar talið berst að stöðu og merkingu Þingvalla fyrir Íslendinga.

**Merkur staður fyrir margar sakir**

„Þingvellir eru eign allra Íslendinga og öllum á að finnast þeir velkomnir þangað. Þingvellir eru svo merkur staður fyrir margar sakir. Þarna er hjarta íslenskrar menningar, þingstaðurinn forni, en fyrir utan það þá er allt náttúrfar gríðarlega merkilegt, og Þingvallavatn eitt merkilegasta stöðuvatn í heimi. Þingvellir eru mikilvægir fyrir ferðamennsku hér á landi, þeir eru einn fjölsóttasti staðurinn á Ísland. Ekki má svo gleyma mannlífinu í sveitinni, þar er merkileg saga,“ segir Ólafur Örn sem er ekki alls kostar sáttur við þá aðstöðu sem ferðalöngum á Þingvöllum er boðið upp á.

„Eins og staðan er núna þá erum við með lágmarksaðstöðu til að taka á móti fólki, þetta rétt sleppur. En Þingvellir sem þjóðgarður stendur þjóðgörðum í öðrum löndum langt að baki. Hér vantar þá glæsilegu aðstöðu sem þyrfti að vera til staðar til að geta tekið á móti þeim fjölda sem kemur í garðinn með sómasamlegum hætti.“

**Samkomustað vantar á Þingvöllum**

Spurður um hvernig bæta mætti og ætti aðstöðuna á Þingvöllum segir Ólafur af mörgu að taka:

„Það sem sker mest í augu er að það er hvergi hægt að taka á móti hópum í garðinum innandyra. Hér vantar tilfinnanlega samkomustað fyrir ferðamenn svo ekki sé minnst á að Alþingi getur ekki komið saman á þessum merka stað. Burstabærinn hefur verið notaður til móttöku á opinberum gestum en aðstaða þar er mjög þröng. Fyrir utan þetta mikilvæga mál þyrfti að taka stíga og merkingar í gegn. Það þarf að laða söguna og fornminjarnar betur fram, upplýsingaskiltin mættu vera ítarlegri. Sömuleiðis þarf að fara að endurnýja margmiðlunarsýninguna okkar, það þarf einnig að bæta salernisaðstöðu, hún er ágæt þar sem hún er en mætti vera víðar,“ segir Ólafur sem hefur þar fyrir utan ýmsar hugmyndir um hvernig auka mætti afþreyingarmöguleika í þjóðgarðinum.

„Ég myndi vilja sjá aðstöðu fyrir stjörnuskoðun og norðurljósaskoðun. Síðan sé ég fyrir mér að fólk ætti að geta komið í þjóðgarðinn til þess að njóta þeirrar listsköpunar sem Þingvellir hafa verið innblástur að, hér get ég nefnt myndlistarmenn á borð við Kjarval og Ásgrím. Þá hafa Þingvellir verið sögusvið bóka allt frá Íslendingasögum og til glæpasagna og síðast en ekki síst þarf að opna fyrir almenningi þá mögnuðu náttúrubók sem Þingvellir og nágrenni geyma.“

**Valhallarreitur ekki gallalaus**

Ólafur Örn segist ekki hafa myndað sér sterka skoðun á því hvar bygging fyrir gesti ætti að standa, Valhallarreiturinn hafi kosti og galla. „Hann er nálægt vatnsyfirborðinu sem eykur mengunarhættu auk þess sem bygging þar spillir útsýni yfir þingstaðinn forna. Margir eiga hins vegar góðar minningar þaðan og þær skal ekki vanmeta,“ segir Ólafur Örn sem segist gera sér fullvel grein fyrir að fé til framkvæmda liggi ekki á lausu. Ýmsar möguleikar til að auka sértekjur þjóðgarðsins hafi þó verið vannýttir til þessa.

„Við höfum nú þegar hækkað lóðaleigu og verð fyrir veiðileyfi og tjaldsvæði. Síðan er stefnan að opna verslun í Fræðslumiðstöðinni uppi á Hakinu, þangað kemur fjöldi ferðamanna ár hvert og algjör vitleysa að þeim standi ekki til boða að kaupa drykki og nauðsynjar. Það má segja að þarna hafi evrurnar trítlað framhjá okkur að óþörfu. Við ætlum líka að rukka fyrir aðgang að salernum, 200 krónur. Það er sem sagt ekki ætlunin að rukka alla ferðamenn um aðstöðugjald, heldur bara þá sem nýta sér þessa þjónustu. Við verðum að gera það til að standa undir kostnaði við framkvæmdir við Hakið, þar þarf bæði að stækka planið og sömuleiðis eru komin þar ný salerni,“ segir Ólafur Örn sem segir útilokað að rukka fyrir aðgang að Þingvöllum, það sé staður í þjóðareign.

> „Ég fylgdi minni sannfæringu og lenti í andstöðu við flokkinn. Innanflokkserjur eru það leiðinlegasta við stjórnmálastarfið …

„Við eigum öll þennan stað og það eiga allir að finna að þeir eru velkomnir til Þingvalla, hann er svo ríkur af sögu og menningu að fólki á alls ekki að finnast hann vera fyrir fáa útvalda.“

Tekjuöflun á ferðamannastöðum hefur verið umdeilt efni. Ólafur Örn segist sjálfur þeirrar skoðunar að ekkert sé að því að innheimta aðgangsgjald á vinsælustu ferðamannastöðum landsins. Verði frumvarp iðnaðarráðherra að veruleika um komugjald á ferðamenn á leið til Íslands þurfi ekki að velta vöngum um slík gjöld í bili. Verði slíkt gjald tekið þá myndist sjóður til framkvæmda á vinsælustu ferðamannastöðunum og ekki sé vanþörf á. Það þekkir Ólafur vel enda mikill ferðalangur, hefur ferðast mikið innanlands og er sömuleiðis forseti Ferðafélags Íslands og hefur verið um sex ára skeið. „Við sjáum það í Landmannalaugum, þar sem 150 þúsund gestir koma ár hvert að við þyrftum að geta aukið tekjur staðarins. Eins og staðan er núna þá borga gestir sem nýta aðstöðuna 400 krónur en þar fyrir utan einskorðast tekjumöguleikar Ferðafélagsins við gistingu í skálanum.“

**Sér enn eftir Kringilsárrana**

Ferðamennska er Ólafi í blóð borin. Hann ólst upp við mikil ferðalög í æsku og hefur alla tíð síðan verið ötull ferðalangur. „Við erum öll í þessu fjölskyldan, eiginkona Sigrún Richter og synirnir þrír, Haraldur Örn, Örvar Þór og Haukur Steinn. Við höfum farið víða, meðal annars gengið saman yfir Vatnajökul,“ segir Ólafur Örn sem fór með elsta syninum yfir Grænlandsjökul 1993 og á Suðurpólinn 1997 en Haraldur Örn hefur síðan þá farið á Norðurpólinn og hæstu tinda heims eins og frægt er orðið.

Áhuginn á ferðamennsku tengist öðru áhugamáli Ólafs sem eru umhverfismál en þegar hann sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn veitti hann umhverfisnefnd forystu í sex ár og segir það hafa verið afar áhugavert enda mikilvægir lagabálkar sem tengjast þeim málaflokki á leið í gegnum þingið.

„Á þessum tíma voru sett náttúruverndarlög, lög um mat á umhverfisáhrifum og skipulag Miðhálendisins var endurskoðað. Samþykkt var að stofna Vatnajökulsþjóðgarð og svo mætti lengi telja.“

Ólafur Örn segir það hafa verið afar gaman og áhugavert að sitja á Alþingi. Hann hafi kynnst eftirminnilegum einstaklingum og séð mikinn árangur starfans, enda fulltrúi ríkisstjórnarflokks. Hann var þó ekki alltaf sammála flokksbræðrum sínum, greiddi til að mynda atkvæði gegn Eyjabakkavirkjun og greiddi ekki atkvæði með Kárahnjúkavirkjun og sér enn eftir landinu sem fór undir lónið, einkum Kringilsárrana.

„Ég fylgdi minni sannfæringu og lenti í andstöðu við flokkinn. Innanflokkserjur eru það leiðinlegasta við stjórnmálastarfið en ég tel að það sé afar mikilvægt fyrir stjórnmálaflokka að menn hafi svigrúm til þess að fylgja sinni sannfæringu. Síðan verða menn auðvitað að lúta lýðræðislegri niðurstöðu meirihlutans.“

**Stofnaði Gallup**

Ólafur Örn sat á þingi á árunum 1995 til 2003. Þar áður hafði hann verið framkvæmdastjóri Gallup en hann var stofnandi þess fyrirtækis. Þar áður vann hann hjá Hagvangi og var þar líka í stofnendahópi. „Við hjá Hagvangi sinntum ráðgjafaverkefnum, aðallega fyrir ríkisfyrirtæki og sveitarfélög. Þarna var góður hópur auk mín, Ásmundur Stefánsson, Sigurður Helgason síðar hjá Flugleiðum og fleiri. Svo stofnaði ég Gallup sem sinnti skoðanakönnunum og ýmiss konar fyrirtækjaráðgjöf. Eftir átján ára starf í umhverfi sem sannarlega tók stakkaskiptum á tímabilinu var ég farinn að svipast um eftir nýjum verkefnum. Mig langaði í stjórnmál og tók boði um að fara í prófkjör Framsóknarflokksins fagnandi,“ segir Ólafur Örn sem hefur þó ekkert skipt sér af stjórnmálum síðan hann hætti á þingi.

Hann kvartar samt ekki yfir verkefnaskorti, auk þess að vera forseti Ferðafélagsins sinnir hann ýmsum félagsstörfum og er til að mynda formaður nefndar sem á að fara yfir tryggingamál í tengslum við náttúruhamfarir. „Eins og staðan er núna er allt utandyra ótryggt, garðar, stéttir, heitir pottar. Ríkið hefur komið til móts við tjónþola í náttúruhamförum undanfarið, Suðurlandsskjálftum og gosinu í Eyjafjallajökli en hugmyndin er að skyldutrygging nái einnig yfir þessar eignir.“

Það er því í nógu að snúast. Næst á dagskránni er hins vegar að fá skoðun almennings á uppbyggingu á Þingvöllum en Ólafur Örn segir að í vor verði opnaður hugmyndabanki á netinu sem gerir almenningi kleift að láta sína skoðun á þjóðgarðinum í ljós. „Við eigum öll þennan stað og eigum öll að hafa eitthvað um uppbygginguna í honum að segja.“

## BÚSTAÐIR, BARRTRÉ OG BÍLASTÆÐI

Sumarbústaðir í landi þjóðgarðsins eru reglulega fréttaefni. Ólafur segir framkvæmdir við bústaði í þjóðgarðinum í samræmi við tilskilin leyfi. „Það má vissulega deila um hvort rétt hafi verið að gefa leyfin í upphafi en þau voru veitt. Þess má svo geta að samningar um lóðaleigu hafa verið endurnýjaðir til tíu ára og undir þá eru eigendur sumarbústaða að rita um þessar mundir,“ segir Ólafur Örn og bendir á að framtíð sumarbústaða í þjóðgarðinum hafi ekki verið tekin til umfjöllunar.

„Sumarbústaðaeigendur eru að inna okkur eftir svörum um hana en um þessi mál hefur ekki verið rætt. Þess má geta að Heimsminjaskráin hefur gert athugasemd við þrjá þætti í þjóðgarðinum, sumarbústaðina, barrtrén og bílastæðin við Peningagjána. Það er ekki þannig að verið sé að setja okkur úrslitakosti en við þurfum að hafa gætur á þessum þremur þáttum.“ Ólafur Örn segir það líðna tíð að hægt sé að reikna með því að vera inni á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna að eilífu, nýlega hafi þjóðgarður í Þýskalandi til að mynda dottið út af skránni eftir að hraðbraut var lögð í gegnum hann.

Lífeyrissparnaður

# *Ávöxtun*
# Frjálsa lífeyrissjóðsins

*Hafðu samband*
sími 444 7000 · arionbanki.is

Nafnávöxtun *2010*




*Stofnaður 1. janúar 2008.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

*5 ára* meðalnafnávöxtun




Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun á tímabilinu 31. desember 2005 til 31. desember 2010 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á **frjalsilif.is**

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlaut alþjóðleg verðlaun sem besti lífeyrissjóður á Íslandi árin 2009 og 2010.



FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

**Frjálsi lífeyrissjóðurinn** hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opinn öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Sjóðfélagar í **Frjálsa lífeyrissjóðnum** eru um 40 þúsund og stærð sjóðsins er um 90 milljarðar króna.

Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er mikil áhersla lögð á gagnsæi. Þú getur nálgast ítarlegar upplýsingar um eignir sjóðsins á vefnum **frjalsilif.is**

**Leitaðu til okkar þegar kemur að lífeyrissparnaði.**
Hafðu samband við Lífeyrisþjónustu **Arion banka** Borgartúni 19, í síma **444 7000,**
sendu tölvupóst á **lifeyristhjonusta@arionbanki.is** eða komdu við í næsta útibúi Arion banka.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 53173 1/11



NÝÁRS
EKKI MISSA AF ÞESSU
NÝÁRS ÚTSALA · NÝÁRS ÚTSALA · NÝÁRS ÚTSALA
HEITT SÚKKULAÐI MEÐ RJÓMA OG MÖFFINS
290,-
Kaffi Garður Laugardag
Pylsa og kók
99 kr.
Kaffi Garður Laugardag
89.900,-
106.900,-
Kælir/frystir
Kælir/frystir
FK322 BPX stál
185cm
1808316
Kaffivél
Bomann
12 bolla.
1840932
3.890,-
6.490,-
RAFTÆKI ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
4.890,-
6.990,-
Töfrasprota sett
með hakkara og hníf
1850073
Snjóskófla
Alpin
5082360
999,-
1.499,-
5.995,-
8.995,-
Vinnuljós
26 Led perur
sveigjanlegur armur,
getur hangið eða staðið
5023976
Verkfærataska,18"
5024496
999,-
1.499,-
damixa
Eldhústæki
Space Damixa.
8000850
8.990,-
12.996,-
BLÖNDUNARTÆKI ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR af Weitzer Parketi
3ja stafa
Eik Structure PS
146395
Weitzer Parkett
TRUENORTH
Úlpa
dömu,hvít,
xs-xxL
5869863
ÚTIVISTAFATNAÐUR ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
7.990,-
12.990,-
6.990,-
9.990,-
Dún úlpa
Dömu og herra
5869816-5869834
ekta andardúnn
20% AFSLÁTTUR af öllum vettlingum og húfum
50% AFSLÁTTUR
4.990kr/m²
9.990kr/m²
MÁ LEGGJA ÁN FÚGU
Albireo
Gólf og
Veggflísar
30x60cm
5869816-5869834
FROSTÞOLIÐ
HÚSASMIÐJAN
NÝÁRS ÚTSALA
Útsölublaðið er komið út!
Opið til 21:00 alla daga í Skútuvogi

# ÚTSALA

NÝÁRS ÚTSALA · NÝÁRS ÚTSALA · NÝÁRS ÚTSALA

## BRJÁLAÐ VERÐ

**Hleðsluborvél**
12V EPC12CAB
5245999

8.995,-
~~11.995,-~~

RAFMAGNS VERKFÆRI ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

**Kastari Colorado**
Einfaldur bleikur.
6000683

1.990,-
~~3.890,-~~

LJÓS ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**Kastari Artemis**
Stál .
6001999

2.490,-
~~4.990,-~~

3.990,-
~~4.990,-~~

**Matarstell**
Toronto, hvítt
12 stk sett
2009444

BÚSÁHÖLD ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

450,-
~~899,-~~

**Plastkrukka**
1L með loki
2005353

899,-
~~1.799,-~~

**Vínáhöld**
5 stk.
2000097

10 ltr.

5.595,-
~~6.995,-~~

20% AFSLÁTTUR af allri innimálningu

**Jotaplast**
Gæða plastmálning á loft, gljástig 2.
7119808

ÖLL LEIKFÖNG 50% AFSLÁTTUR

1.395,-
~~2.790,-~~

**Trélest**
5857708

750,-
~~1.499,-~~

**Kubbar**
5857338

1.350,-
~~2.699,-~~

**Dúkkuvagn**
5857578

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Afsláttur á útsölu gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda höfum við þegar lækkað þær vörur í lægsta verð sem við getum boðið á viðkomandi vöru.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# Í skóglausu landi vantar skóg

Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir alþjóðlegu ári skóga 2011. Verkefnið er hvatning til samstillts átaks í umhverfisvernd og skógrækt. En hvar er **skógrækt á Íslandi** stödd á þessum tímamótum og hver er saga hennar? *Svavar Hávarðsson* komst að því að stutt er síðan menn hófust handa af alvöru og vart ofsagt að skipulögð skógrækt sé rétt að slíta barnsskónum.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktaði um alþjóðlegt ár skóga árið 2006. Þar kemur fram að skógar og sjálfbær umhirða þeirra geti skilað miklu til sjálfbærrar þróunar, upprætingar fátæktar og því að ná alþjóðlegum markmiðum um þróun. Þar er lögð áhersla á sjálfbærri umhirðu allra gerða skóga, þar með talin viðkvæm skógarvistkerfi og fram kemur sú sannfæring að samstillt átak þurfi til að auka vitund á öllum sviðum til að styrkja sjálfbæra umhirðu, verndun og sjálfbæra þróun allra skógargerða til hagsbóta fyrir núlifandi og óbornar kynslóðir.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setti alþjóðlegt ár skóga 2011 við formlega athöfn á Bessastöðum á miðvikudaginn. Verkefnið byggir á fyrrnefndri hvatningu SÞ um samstillt átak í umhverfisvernd og skógrækt.

### ÞJÓÐSKÓGAR OG LANDSHLUTAVERKEFNI Í SKÓGRÆKT




### Hlutfall gróins lands

**Flatarmál Íslands er 103.000 ferkílómetrar**

| | |
|---|---|
| Gróið land: | 23.805 km² |
| Stöðuvötn: | 2. 757 km² |
| Jöklar: | 11.922 km² |
| Auðnir: | 64.538 km² |

#### Orð eru til alls fyrst

Hulda Guðmundsdóttir skógarbóndi er umsjónarmaður verkefnisins alþjóðlegt ár skóga á Íslandi. Hún sér verkefnið í því ljósi að á næstu vikum og mánuðum verði athygli almennings vakin á mikilvægi íslenskra skóga í fjölbreyttum skilningi, og með því vakni nauðsynleg umræða um stöðuna í dag og hvernig þjóðin sér framtíðina fyrir sér í þessu samhengi.

„Þetta á ekki síst við um okkur sem erum að vinna í skóginum. Við höfum enga hagsmuni af því að vinna gegn óskum fólksins í landinu. Því erum við að hvetja til samtals og verkefnið er eins konar flaggskip þeirra samskipta,“ segir Hulda.

Almennt talað vita Íslendingar fátt eitt um skógana sem klæða landið. Það er leitun að þeim manni sem ekki tengir saman skóg og lífsgæði; við leitum flest okkar til skóglendis þegar hugmyndin er að glæða hversdaginn lífi. Hvar vill fólk vera þegar það fer út í náttúruna? Hvar staðsetur fólk sumarhús og aðra aðstöðu sem tengist frítíma sem er öllum dýrmætur?

Hulda bendir á að verið sé að vinna að stefnumótun hjá þeim sem að íslenskum skógum koma og sjálfbær þróun sé þar mönnum hugleikin. „Þar eru allir þessir þættir sjálfbærrar þróunar áberandi, umhverfisþátturinn auðvitað og sá hagræni. En sá félagslegi er síst minna verður og þá skipta þessi atriði jafn miklu máli hvort sem um ræktaðan skóg er að ræða eða óræktaðan.“

#### Nytjar skóganna

Um nytjar íslenskra skóga segir Hulda það staðreynd að hönnuðir, arkitektar og ýmsir aðilar sem vilja vinna úr íslensku timbri hafi þá reynslu að það sé erfitt að nálgast unnið íslenskt timbur. Það sé ekki hægt að treysta á öruggt innlent framboð þurrkaðs viðar og á sama tíma eru stæður af timbri að skemmast af því þeim er ekki komið til vinnslu.

„Það verður að huga að því að koma á virkri keðju, frá hrávöruframleiðandanum til markaðarins, og þá um leið þarf kannski að endurskoða hvaða tré er verið að rækta. Á til dæmis að leggja meiri áherslu á íslenska reyniviðinn á ákveðnum stöðum? Hann er okkar sérstaða og er ákaflega fallegur til smíði á listvörum og nytjahlutum. Ættum við að framleiða ókantskornar utanhússklæðningar sem í dag eru ekki fluttar inn? Hugum við að gömlu handverki? Hvað með að á útivistarsvæðum, einkanlega friðlýstum svæðum og þjóðgörðum verði auk húsgagna eða „þjóðgagna“, eins og mig langar að kalla þau, hugað að gömlu stafverksaðferðinni sem áður fyrr var notuð við gerð smáhýsa. Fyrir liggur að timbur úr íslenskum skógum er og verður sjaldgæft og því er mikilvægt að við hugum að því að marka okkur sérstöðu,“ segir Hulda.

#### Meira en margur heldur

Þröstur Eysteinsson, sviðsstjóri þjóðskóga hjá Skógrækt ríkisins, bendir á að skógrækt á Íslandi er í raun bráðungt fyrirbæri. Alla vega má segja það um skógrækt í stórum stíl. „Skógrækt er tuttugustu aldar fyrirbæri. Skógrækt með gróðursetningu byrjaði ekkert að ráði fyrr en eftir 1950 og meirihluti gróðursetningar á Íslandi hefur átt sér stað eftir 1990. Þessir skógar sem sjást í landslaginu núna eru litlir og afmarkaðir. Samanborið við stærð landsins er þetta lítið. Heildargróðursetning frá upphafi þekur um það bil þrjátíu þúsund hektara lands, eða 0,3 prósent. Birkiskógarnir þekja þess utan önnur 0,8 prósent sem þýðir að heildarþekja skóga og kjarrs á Íslandi er rúmt prósent lands. Það er nú ekki meira.“

Þröstur bendir á að umfang skóga sé meira í hugum fólks en það raunverulega er af þeirri ástæðu að meirihluti skógræktar á sér stað í grennd við þéttbýli. „Þar hafa skógræktarfélög verið virk en þetta er blekkjandi. Nýlega skógræktin er síðan á bújörðum meðfram þjóðvegum landsins. Þess vegna er skógræktin sýnilegri en umfang hennar gefur tilefni til.“

Þegar ógnir við skógrækt ber á góma segir Þröstur að tilraunir einstakra aðila til að hamla skógrækt sé ein helsta ógnin. „Sumir eru beinlínis á móti skógrækt, af ýmsum ástæðum, og vinna gegn framgangi hennar. Sjálfsagt er að skógrækt taki tillit til eðlilegra verndarsjónarmiða og skipulags, og hún gerir það, en sumir halda fram ýktum eða jafnvel óraunhæfum skoðunum, sérstaklega með tilliti til þess að umfang skógræktar á Íslandi er mjög takmarkað.“

#### Margar hendur vinna létt verk

Skógrækt á Íslandi má skipta annars vegar í ríkis- og atvinnutengda skógrækt og hins vegar í skógrækt

FRAMHALD Á SÍÐU 28

### SEX HELSTU TRJÁTEGUNDIR Í SKÓGRÆKT Á ÍSLANDI



**BIRKI**

Ilmbjörk er mest gróðursetta trjátegundin undanfarin ár. Hún er duglegust íslenskra trjáa að sá sér og mikið notuð til uppgræðslu illa farins lands, en vex betur á frjósömu landi. Myndin er tekin í Vaglaskógi.



**RÚSSALERKI**

Rússalerki vex betur á rýru landi en önnur íslensk tré og hefur mikið verið gróðursett á Austur- og Norðurlandi. Það er gott til uppgræðslu og framleiðir auk þess verðmætt timbur. Myndin er tekin í Guttormslundi í Hallormsstaðaskógi.



**SITKAGRENI**

Sitkagreni vex hægt í æsku en gríðarlega hratt þegar það er komið á miðjan aldur. Umtalsvert magn timburs fellur nú til við grisjun sitkagrenilunda og það á eftir að verða hæst íslenskra trjáa. Myndin er tekin í Haukadalsskógi.



**STAFAFURA**

Stafafura er harðgerðust þeirra trjáa sem mest eru notuð í íslenskri skógrækt. Hún er góð sem jólatré og best íslenskra trjáa í kolefnisbindingu. Myndin er tekin í Skuggabjargaskógi í Fnjóskadal.



**ALASKAÖSP**

Alaskaösp var lengst af aðeins ræktuð í görðum en er nú mikið gróðursett í skógrækt. Hún vex hraðast íslenskra trjáa á frjósömu landi. Hæstu trén á Íslandi eru alaskaaspir; um 25 metra háar. Myndin er tekin í Mörkinni á Hallormsstað.



**REYNIVIÐUR**

Reyniviður er algengur í görðum en mikil gróðursetning hans í skógrækt er nýlega hafin. Hann er ómissandi í yndisskógrækt. Myndi er tekin í Hallormsstaðaskógi.

MYNDIR/ÞRÖSTUR EYSTEINSSON

Lífeyrissparnaður

# *Ávöxtun* viðbótar-lífeyrissparnaðar Arion banka

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

**Lífeyrisauki og Vista** henta þeim sem vilja leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað og nýta sér þannig mótframlag launagreiðanda. Réttháfar í **Vista og Lífeyrisauka** eru samtals um 63 þúsund og stærð sjóðanna er ríflega 40 milljarðar kr.

## Lífeyrisauki

Nafnávöxtun *2010*




*5 ára* meðalnafnávöxtun




## Vista

Nafnávöxtun *2010*




*5 ára* meðalnafnávöxtun




Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun á tímabilinu 31. desember 2005 til 31. desember 2010 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á **arionbanki.is/lifeyrir**

**Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.**

**Leitaðu til okkar þegar kemur að lífeyrissparnaði.**
Hafðu samband við Lífeyrisþjónustu **Arion banka** Borgartúni 19, í síma **444 7000**, sendu tölvupóst á **lifeyristhjonusta@arionbanki.is** eða komdu við í næsta útibúi Arion banka.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 53173 1/11



**ATLAVÍKURSTEKKUR** Sýnir blöndu af birkiskógi og gróðursettum skógi og skóglaust land handan við Lagarfljót til samanburðar. Myndin er tekin á Atlavíkurstekk í Hallormsstaðaskógi. MYNDIR/ÞRÖSTUR EYSTEINSSON

**FRAMHALD AF SÍÐU 26**

áhugamanna og félaga. Í landinu eru í dag yfir sextíu skógræktarfélög, með mismikið umleikis. Þau eru starfrækt um allt land undir hatti Skógræktarfélags Íslands. Auk skógræktarfélaganna ræktar umtalsverður fjöldi bænda um allt land skóga og starfrækja þeir Landssamtök skógareigenda.

Stór verkefni eru unnin innan landshlutanna og er ástæða til að geta sérstaklega. Öðruvísi fæst ekki yfirsýn yfir skógræktina í landinu.

### Landshlutaverkefni

Markmiðið með landshlutaverkefnum í skógrækt er að gefa sem flestum tækifæri til að taka þátt í fjölnytjaþróun og viðhaldi byggðar í öllum landshlutum, jafnframt því að græða og bæta landið fyrir komandi kynslóðir. Gert er ráð fyrir að umfang skóganna verði um fimm prósent af landi sem er 400 metrum yfir sjó. Verkefnin skapa grundvöll fyrir marga til að halda áfram búsetu á jörðum sínum og fyrir aðra skapa þau nýtingarmöguleika á jörðum sem áður voru lítið nýttar.

Með tilkomu þessara verkefna í skógrækt hefur skógrækt á lögbýlum víða um land aukist undanfarin ár, því nú geta landeigendur sótt um framlög til skógræktar á jörðum sínum. Landshlutaverkefnin eru fimm talsins. Þau starfa sjálfstætt og mótast þróun hvers verkefnis af aðstæðum og áherslum í hverjum landshluta.

### Landgræðsluskógar

Landgræðsluskógar er skógræktar- og uppgræðsluverkefni á vegum skógræktarfélaganna í samstarfi við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og umhverfisráðuneytið. Á vegum verkefnisins hafa skógræktarfélögin séð um gróðursetningu á um einni milljón trjáplantna árlega frá árinu 1990. Markmiðið er að sameina aðgerðir landgræðslu og skógræktar til að klæða rýr og illa gróin svæði skógi. Öll eru þau opin almenningi til útivistar.

Ræktunarsvæði Landgræðsluskóga eru víðs vegar á landinu og eru nú rúmlega hundrað talsins. Langflest svæðin eru á landi í eigu sveitarfélaga, ríkis eða skógræktarfélaganna sjálfra. Skógræktarfélögin sjá um framkvæmd verkefnisins á hverjum stað, útvegun lands, friðun og vörslu, gróðursetningu og umhirðu.

### Hekluskógar

Hekluskógaverkefnið er kapítuli út af fyrir sig og er runnið undan rifjum Úlfars Óskarssonar, skógfræðings hjá Landgræðslu ríkisins. Hann hefur unnið að rannsóknum á ræktun birkis á vikri í nágrenni Heklu. Áætlað er að rúmlega níutíu þúsund hektarar lands í nágrenni Heklu verði innan Hekluskógasvæðisins, eða nálægt einu prósenti af Íslandi. Um sjötíu prósent þess lands eru nú lítið gróin og á hluta þess er sandfok og mikið rof.

### Ekki íslensk hugmynd

Þegar talað er um skóga á Íslandi vitna menn gjarnan til orðanna um að við landnám hafi landið verið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Það hafi síðan tekið okkur nokkur hundruð ár að nota þennan við í ýmsum tilgangi og ekki sést fyrir um afleiðingar þess. Enda litu sennilega Íslendingar á við sem hráefni en ekki æskilegan hlut í umhverfinu af öðrum ástæðum.

Þröstur segir að skiptar skoðanir séu um hvað felst í orðum sagnaritaranna forðum. Almennt megi þó segja að tilvitnunin eigi við um láglendið fyrir utan blautustu mýrar og rasksvæði eins og nýrunnin hraun og flóðasvæði, til dæmis sunnan jökla. „Að öðru leyti var landið þakið birki og á skjólsælum stöðum og inn til dala hefur hér verið sæmilega hávaxinn skógur en við strendurnar og í meiri hæð yfir sjó hefur þetta verið kjarr.“

Allt of fáir Íslendingar sjá nefnilega að í skóglausu landi vantar skóg, var upplifun danska sjóliðsforingjans Carls H. Ryder, sem hafði siglt reglulega til Íslands á síðustu áratugum 19. aldar. Eða svo segir Þröstur frá í upprifjun hans um upphaf íslenskrar skógræktar.

Ryder fékk skógfræðiprófessorinn Carl V. Prytz til liðs við sig og saman stofnuðu þeir Islands Skovsag, sem Þröstur þýðir sem Skógræktarmálefni Íslands. Þeir útveguðu styrki fyrir tilraunir í skógrækt á Íslandi. Stofnað var til Furulundarins á Þingvöllum 1899 og Grundarreits í Eyjafirði aldamótaárið og fóru þar fram tilraunir með innfluttar trjátegundir. Þar vaxa enn tré frá þessum tíma, en kannski má segja að þau standi sem minnisvarði um upphaf langrar vegferðar skógræktarfólks á Íslandi. Alþjóðlegt ár skóga 2011 vekur athygli á því starfi og markar grundvöll til að ræða hvernig því verður best fram haldið.

*Sjá skogur.is*
*Sigurður Blöndal – Skúli Björn Gunnarsson, Íslandsskógar – Hundrað ára saga, 1999.*
*Sérstakar þakkir: Þröstur Eysteinsson*

## STIKLAÐ Á STÓRU

**1898** Ríkið keypti tvo höfuðskóga Íslands, Hallormsstaðaskóg og Vaglaskóg, til að forða þeim frá eyðingu. Heimildin veitt með lögum frá Alþingi sem voru fyrstu skref í náttúruvernd á Íslandi.

**1907** Lög til stuðnings skógrækt. Með lögunum var stofnað til Skógræktar ríkisins. Agner F. Kofoed-Hansen ráðinn skógræktarstjóri og tók til starfa í febrúar 1908.

**1914** Skógræktin fékk umsjón með Vatnaskógi í Svínadal og Laugarvatnsbrekkum. Báðir friðaðir sama ár.

**1927** Skógræktin eignast og friðar Ásbyrgi og Sigríðarstaðaskóg í Ljósavatnsskarði. Fékk einnig umsjón með Þórsmörk og Goðalandi.

**1930** Skógræktarfélag Íslands stofnað á Þingvöllum. Skógræktarfélög stofnuð víða um land á næstu árum.

**1935** Hákon Bjarnason tekur við sem skógræktarstjóri.

**1940** Ný skógræktarlög sett á Alþingi.

**1944** Landgræðslusjóður stofnaður í tilefni lýðveldisstofnunar.

**1955** Ný skógræktarlög. Sömu markmið og 1907: vernda skógarleifar, rækta nýja skóga og leiðbeina um skógrækt.

**1967** Rannsóknastöð Skógræktarinnar stofnuð á Mógilsá í Kollafirði fyrir þjóðargjöf frá Norðmönnum.

**1970** Fljótsdalsáætlun.

**1977** Sigurður Blöndal tekur við sem skógræktarstjóri.

**1984** Kafla um nytjaskógrækt á bújörðum bætt við skógræktarlögin.

**1980 -** Mikil endurnýjun í skógfræðingastétt. Vigdís Finnbogadóttir forseti vinnur stórvirki við að afla skógrækt fylgis.

**1990** Jón Loftsson skógræktarstjóri. Landgræðsluskógar og Héraðsskógar hefjast og gróðursetning trjáa fer úr einni milljón plantna í þrjár og hálfa á áratug.

**1995** Rússalerki í Hallormsstaðaskógi, gróðursett 1937, nær 20 metra hæð.

**2000** Lög sett um landshlutaverkefni í skógrækt.

**2006** Hekluskógaverkefnið hófst og varð sjálfstætt 2008.

**2008** Hugtakið þjóðskógar tekið upp yfir skóga í eigu og umsjá Skógræktar ríkisins.

**2009** Skógrækt ríkisins færð undir Umhverfisráðuneytið.

## ALÞJÓÐLEGT ÁR SKÓGA DRÖG AÐ DAGSKRÁ

**Febrúar** – heimasíða Árs skóga á Íslandi opnuð. Átakið Þekkjum skógartrén á heimasíðu kynnt. Hugað að myndlistarsýningu undir heitinu Skógurinn í íslenskri myndlist.

**Mars** – Skógrækt á Íslandi í framtíðinni – málstofa á fræðaþingi landbúnaðarins.

**Apríl** – Skógarmyndir óskast – fólki boðið að senda inn að hámarki tvær myndir fram að 15. okt, þar sem skógur/tré leika veigamikið hlutverk
**21. apríl**: „Skógurinn í ljóðlist og bókmenntum"
**25. apríl:** „Vernd, þróun og sjálfbær nýting skóga á Íslandi"
**28. apríl**: Heilsdagsráðstefna um „úrvinnslu timburs úr íslenskum skógum – staða og framtíð. Haldin í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð

ALÞJÓÐLEGT ÁR SKÓGA · 2011

**Maí-ágúst:** Áhersla á atburði í náttúrunni um land allt. Hugað að gerð sjónvarpsmyndar um hvernig skógar Íslands hafa breyst.

**September-desember:** Fundir og ráðstefnur. Kynnt verður framkvæmdaáætlun um vernd og endurheimt birkiskóga á umhverfisþingi í október.

Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí | Júní | júlí | Ágúst | September | Október | Nóvember | Desember

## HELSTU ÓGNIR SEM STEÐJA AÐ SKÓGRÆKT Á ÍSLANDI



### SITKALÚS

Sitkalús er mesti skaðvaldur á ýmsum grenitegundum og dregur úr vexti trjánna.

MYND/EDDA ODDSDÓTTIR



### RYÐ

Ryðsjúkdómar herja á birki, víðitegundir, alaskaösp og fleiri tré. Skemmdir geta verið mjög áberandi síðsumars og valdið vaxtartapi og kali.

MYND/HALLDÓR SVERRISSON



### FIÐRILDI

Fiðrildalirfur valda reglulega skemmdum á ungum trjám og geta aflaufgað heilu skógana þegar fjöldi þeirra er í hámarki. Hér eru ertuyglur á asparblöðum.

MYND/HALLDÓR SVERRISSON



### FROSTLYFTING

Frostlyfting nýgróðursettra plantna er algeng í skógrækt á rýru landi en hægt er að draga verulega úr henni með áburðargjöf. Hér frostlyfting birkiplöntu.

MYND/EDDA ODDSDÓTTIR



### FROST

Frost seint að vori, snemma hausts eða jafnvel um hásumar valda einkum skemmdum á ungplöntum. Hættan á vorkali gæti aukist vegna hlýnunar á vetrum.

MYND/ÞRÖSTUR EYSTEINSSON

**HONDA**
The Power of Dreams

# CR-V

# BÍLLINN SEM PASSAR

Til afhendingar strax




## CR-V 4x4
### 2.0i-VTEC bensín sjálfskiptur

Óbreytt verð

150 hestöfl • meðaleyðsla 8,4L/100km • $CO_2$ útblástur 193g/km

frá kr. **5.290.000** | frá kr. **62.274**

* miðað við 70% bílasamning óverðtryggðan til 84 mánaða

## CR-V 4x4
### 2.2i-VTEC dísil sjálfskiptur

Lækkað verð

150 hestöfl • meðaleyðsla 7,4L/100km • $CO_2$ útblástur 195g/km

frá kr. **6.390.000** | frá kr. **75.162**

* miðað við 70% bílasamning óverðtryggðan til 84 mánaða

Nýr CR-V passar. Með fjölda loftpúða, ABS, spólvörn, skrikvörn og endalausum öryggisatriðum passar hann börnin okkar, farþega og gangandi vegfarendur, jafnvel og bílstjórann. Hann passar ótrúlega vel þegar þú þarft að flytja marga eða mikið. Nýr CR-V passar af nákvæmni að jafnvægi krafts og eldsneytiseyðslu sé rétt og býður allt það besta í staðalbúnaði sem hugurinn girnist. Hann passar upp á umhverfið í framleiðslu og í akstri. Hann passar upp á glæsilega ásýndina. Hann passar við drauminn þinn um akstur í borg og byggð með sjálfskiptum, hljóðlátum og öflugum dísil- og bensínvélum. CR-V passar að laga sig óaðfinnanlega að þörfum eigandans. **Komdu og mátaðu hvernig nýr CR-V smellpassar fyrir þig.**

www.honda.is

* Miðað við óverðtryggðan bílasamning til 84 mánaða í íslenskum krónum, 70% lánshlutfall og 9,95% vexti. Hlutfallstala kostnaðar er 11,85%. **Bíll á mynd:** CR-V Executive 2.0i með samlitaða stuðara, sílsa, hjólboga og aurhlífar.

**UMBOÐSAÐILAR:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Akranes | Bílver - Bernhard | Innnesvegi 1 | sími 431 1985 |
| Akureyri | Höldur | Þórsstig 2, | sími 461 6020 |
| Reykjanesbær | Bernhard - Reykjanesbæ | Njarðvíkurbraut 15 | sími 421 7800 |
| Vestmannaeyjar | Bragginn | Flötum 20 | sími 481 1535 |

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL DRÝGJUM LAUNIN



398 KR. 500ml

KÓKOSHNETUVATN

**VÖKVI LÍFSINS**

**CoCo drink** er frískandi svaladrykkur, beint úr brunni náttúrunnar, náttúrulegur drykkur sem svalar þorstanum, unnin úr lífrænt ræktuðum kókoshnetum.

100 KR. VERÐLÆKKUN



98 KR. 500ml







HIMNESKT FINT & GRÓFT

**SPELTHVEITI 1 kg**

**359 kr.**

HIMNESKT

HIMNESKT

**HVEITIKÍM 500g**

**259 kr.**



FÍNAR OG GRÓFAR *( ÁN SYKURS)*

**PAGEN BRUÐUR 400g**

**298 kr.**



25% AFSLÁTTUR

SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM

**25% afsláttur** við kassann

Merkt verð 1648 kr./kg.

**1236 kr./kg**



MEÐ ÓLÍFUOLÍU

**LÉTT & LAGGOTT**

*NÚ 20% LÆGRA VERÐ*

**185 kr.**



LÍFRÆNT

**DETOX TE** MEÐ ANIS, FENNEL OG KADEMOMMU ( af engiferætt )

**PUKKA TE** *20 POKAR*

**459 kr.**



259 KR. 1000g

***Barilla*** SPAGHETTI 1000g



GÆÐA FJÖLKORNA POTTBRAUÐ

**ORKUKUBBUR 600g**

**259 kr.**



298 KR. 500g

**TILDA BASMATI HRÍSGRJÓN**

5 POKAR x 100g



198 KR. 750g

**Hunt's** SPAGHETTISÓSUR 750g



**MYLLAN HEIMILISBRAUÐ 385g**

**129 kr.**



SÆLGÆTISBARINN

ENGINN AFSLÁTTUR

BARA LÁGT VERÐ ALLA DAGA

**898 KR KG**

100g / 90 kr.

AFGREIÐSLUTÍMI

| | |
|---|---|
| LAUGARD: | 10-18 |
| SUNNUD: | 12-18 |

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# VERSLUM Í BÓNUS NÝTT KORTATÍMABIL

Að matbúa **Lambalæri**; sjá *www.bonus.is* smella á *Uppskriftir* síðan á Lambalæri

toppur **139** KR. 2 ltr.

**998** KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI**

toppur **139** KR. 2 ltr.

**698** KR. KG
KS FROSIÐ **LAMBASUPUKJÖT 1.FL**

**798** KR. KG
KS FROSINN **LAMBABÓGUR**

**269** KR. KG
FROSIN **LAMBASVIÐ**

**598** KR. KG
OG **SVIÐALAPPIR**

GRÍSA Veisla FERSKT GRÍSAHAKK
**498** KR. KG

ÞÝSK **KALKÚNABRINGA**
*MINNA EN 1% FITA*
**1998** KR. KG
FRYSTI VARA

FERSKUR KJÖRFUGL
BRINGUR: **1898** KR/KG

ES FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
**1498** KR. 1 KG

**BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR**

**BÓNUS BURRITOS 4 STK.**

**BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE**

ÓDÝRT Í BÓNUS - AÐEINS AÐ HITA ***998 KR.*** *MATUR FYRIR 3-4*

DANSKAR GRÍSALUNDIR
**1398** KR./KG.
FRYSTI VARA

**698** KR. 620g
KJARNAFÆÐI: FROSIÐ 100%
**NAUTAHAKK** 620g RÚLLAN

VARAN HÆTTIR Í BÓNUS
STONE OVEN PIZZA VERDURA x2
*TVÆR* EUROSHOPPER 370g
**GRÆNMETISPIZZUR**
**298 kr.**

*NORÐANFISKUR*
**GRÆNMETISBUFF 1 KG.**
**998 kr.**

NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT
Ali
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
**598** KR./KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**AFGREIÐSLUTÍMI**

| | |
|---|---|
| LAUGARD: | 10-18 |
| SUNNUD: | 12-18 |

# Tíu ára vaxtarstökk á vefnum

**Wikipedia** er tíu ára í dag. Hún virðist vera orðin ómótstæðilegur vettvangur fyrir mannkynið til að safna saman þekkingarforða sínum, bæta við hann og gera hann aðgengilegan öllum. *Guðsteinn Bjarnason* skoðar vöxtinn í tilefni dagsins.

Ekkert lát ætlar að verða á sigurgöngu alfræðivefsins Wikipediu, sem vaxið hefur hraðar en flestir hefðu trúað þau tíu ár sem liðin eru frá upphafi hans.

Fyrsta síðan fór á netið í janúar árið 2001 og strax næstu vikurnar var dælt inn á vefinn nýjum síðum í erg og gríð. Innan tveggja ára voru greinarnar á Wikipediu orðnar hundrað þúsund talsins, ári síðar voru þær orðnar tvö hundruð þúsund og nú eru þær að nálgast tíu milljónir. Þar af er enska útgáfan komin með 3,5 milljónir orða og er þá orðin 25 sinnum stærri en breska alfræðiritið Encyclopædia Britannica.

### Tólf milljarðar stafa

Alls hafa verið stofnaðar Wikipedíur á nærri 280 tungumálum, sem reyndar eru afar misjafnar að gæðum og stærð.

Enska Wikipedian er langstærst, með 3,5 milljónir greina. Þar á eftir kemur þýski vefurinn með 1.175 þúsund greinar og síðan sá franski með 1.055 þúsund greinar. Samtals eru greinarnar í öllum þessum Wikipedium 17 milljónir talsins.

Efnismagnið er því orðið gífurlegt og sífellt er verið að bæta við og lagfæra. Í ensku Wikipediunni eru nú nærri tólf milljarðar stafa og nærri tveir milljarðar orða. Reiknað hefur verið út að 1.500 bindi þurfi til að koma þessu öllu fyrir á prenti, og hvert bindi væri þá fimm sentimetra þykkt og 25 sentimetra hátt.

### Galopin

Aðalsmerki Wikipediu er að hún er galopin. Allir geta skrifað í hana. Allir geta bætt við greinum í safnið eða bætt við greinar sem aðrir hafa skrifað, lagfært og breytt.

Hún er að þessu leyti mjög frábrugðin öðrum alfræðiritum, sem leggja metnað sinn í að fá sérfræðinga til að skrifa greinar um þau efni sem þeir þekkja best til.

Þetta er um leið aðalgalli Wikipediu. Hvernig á að vera hægt að treysta því sem hver sem er getur hafa skrifað?

### Stjórnendur

Wikipedia hefur reyndar gripið til ýmissa ráðstafana, sem eiga að tryggja betur áreiðanleika þess efnis sem finna má á vef þessa lifandi alfræðirits. Mestu munar þar líklega að þeir sem skrifa reglulega á Wikipediu geta fengið þar ákveðinn virðingarsess, að minnsta kosti ef efnið sem þeir koma með reynist yfirleitt vera boðlegt. Þeir verða stjórnendur eða möppudýr eins og það er nefnt í íslensku útgáfunni af Wikipediu.

Stjórnendurnir geta skipt sér meira en aðrir af því efni sem birt er á Wikipediu. Til dæmis geta þeir lokað á einstaka notendur og þeir geta læst síðum þannig að ekki sé hægt að breyta þeim. Þeir geta samt sjálfir breytt þessum vernduðu síðum og eytt síðum af Wikipediu. Þeir geta líka afturkallað eyðingu síðna og tekið aftur skemmdarverk sem unnin eru á síðum.

Ekki er víst að þetta dugi þeim sem efast um áreiðanleika Wikipediu. Alltaf geta slæðst inn villur og þeir sem vilja afvegaleiða lesendur og vinna skemmdarverk á síðum geta alltaf fundið leiðir til þess.

### Fordómar

„Almenna reglan í háskólum er sú að maður vitnar ekki í alfræðirit í ritgerðum, hvort sem það er Íslenska orðabókin eða Encyclopædia Britannica. Að því leyti gilda engar aðrar reglur um Wikipediu,“ segir Magnús Sveinn Helgason sagnfræðingur, sem hefur ekki hikað við að nota Wikipediu og hvetja nemendur sína til þess. Hann segir þó að meiri tregðu gæti til þess að nota Wikipediu í háskólasamfélaginu en aðrar alfræðibækur.

„Maður verður óneitanlega var við töluverða fordóma hjá mörgum kennurum gagnvart Wikipediu. Ég hef samt hvatt nemendur til að nota hana sem fyrsta stopp til að glöggva sig á viðfangsefninu, rétt eins og kennarar hafa alltaf hvatt nemendur til að nota uppflettirit í náminu.“

Þótt Wikipedia hafi fyrstu árin verið harla ófullkomin hefur hún vaxið og batnað með hverju árinu sem líður.

„Þær rannsóknir sem ég hef séð benda til þess að hún sé ekkert óáreiðanlegri en aðrar alfræðibækur. Það koma til dæmis alltaf upp einhverjar villur í Encyclopædia Britannica. Það hefur eitthvað skolast til og það vantar kannski inn það nýjasta. Gallinn er sá að þótt ég sjái einhverjar vitleysur í Britannicu get ég ekkert gert, en kosturinn við Wikipediu er að notendur geta strax gert breytingar.“

### Nauðsyn á Íslandi

Magnús segir mikla þörf á því að efla íslenska vefinn, því ekki verður horft framhjá því að notkun Wikipediu er orðin almenn. Ef nemendur gætu gengið að upplýsingum á íslensku myndi það styrkja stöðu íslenskunnar í fræðasamfélaginu hér á landi.

„Enn sem komið er nota nemendur aðallega ensku Wikipediuna og það helgast fyrst og fremst af því að sú íslenska er ennþá frekar takmörkuð. Ég held að þetta sé vandamál sem íslenskt fræðasamfélag þarf að taka alvarlega.“

Sjálfur hefur hann tekið þátt í því að efla hina íslensku Wikipediu með því að láta nemendur sína í Háskólanum á Bifröst skrifa greinar um námsefnið, sem var bandarísk stjórnmál.

Einnig hefur Salvör Gissurardóttir lagt mikið fram og meðal annars látið nemendur sína við Menntavísindasvið Háskóla Íslands skrifa töluvert inn á Wikipediu.

„Það þarf ekkert svo mikið til þess að bæta íslensku Wikipediu mikið. Við mættum gjarnan fá fleiri til að taka þátt í þessu og skrifa þó ekki sé nema bara nokkrar færslur. Til dæmis einhvern sem hefur brennandi áhuga á breskum bókmenntum og annan sem veit mikið um sænsk leikrit. Eftir bara þrjú ár væri hægt að sjá miklar breytingar.“

### Fámennur hópur

„Það var tiltölulega lítill hópur sem byrjaði á þessu hér á Íslandi í kringum 2006, og þetta hefur alltaf verið frekar lítill hópur,“ segir Smári McCarthy, einn þeirra Íslendinga sem hafa tekið þátt í að byggja upp íslensku útgáfuna af Wikipediu.

Hann giskar á að virki kjarninn sé kannski 15 til 20 manna hópur, en þar fyrir utan hefur mjög stór hópur fólks tekið þátt í að skrifa efni á íslensku, bæta inn upplýsingum og lagfæra. Sjálfur segist hann reyndar ekki hafa verið mjög virkur upp á síðkastið, en hvetur fólk til að taka þátt í þessu verki.

„Fólk tekur bara þátt þegar það getur. Til þess að vera þátttakandi þarf ekki annað en að fara inn á síðu og ýta á ‚Breyta‘. Markmiðið er gott og mikið hefur gerst.“

### Ný markmið

Víða um heim fagna aðstandendur Wikipediu í dag tíu ára afmæli þessa vinsæla vefs með viðburðum af ýmsu tagi, þar á meðal hér á landi þar sem efnt verður til málþings um Wikipediu og vinnslu með opin rannsóknar- og kennslugögn.

Vöxtur Wikipediu virðist vera óstöðvandi. Þarna er kominn að því er virðist ómótstæðilegur vettvangur fyrir mannkynið til að safna í þekkingarforða sinn og gera hann aðgengilegan öllum.

Sjálfir segjast aðstandendur Wikipediu nú, í tilefni afmælisins, hafa sett sér þá stefnu að fjölga og breikka notendahópinn þannig að hann verði ekki jafn einhæfur. Sem stendur eru ungir karlmenn á Vesturlöndum yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem skrifa efnið á Wikipediu. Jimmy Wales, stofnandi vefsins, segir nauðsynlegt að fólk víðar að úr heiminum taki þátt í skrifunum. Einnig vill hann sjá fleiri konur skrifa á Wikipediu.

Hugmyndin er sú að gera vefinn enn þægilegri í notkun en nú er og gera notendum enn auðveldara að bæta efni inn á hann.

## ■ NAFNIÐ

Wikipedia fær seinni hluta nafnsins frá orðinu encyclopedia, sem þýðir alfræðirit og er myndað úr forngrísku orðunum ‚enkyklios paideia‘ sem þýða ‚almenn menntun‘. Fyrri hlutinn er hins vegar kominn úr máli Havaíbúa, en er þó aðeins helmingur orðsins ‚wikiwiki‘ sem þýðir ‚hratt‘ eða ‚hraði‘ á máli þeirra eyjabúa. Merking orðsins Wikipedia gæti því útlagst ‚hraðfræði‘.



**STOFNANDINN** Jimmy Wales er einn þeirra sem stofnuðu Wikipediu fyrir tíu árum og hefur jafnan verið helsti talsmaður vefsins út á við. NORDICPHOTOS/AFP

## ■ WIKIPEDIA Á ÍSLENSKU



Tæpum tveimur árum eftir að Wikipedia fór í gang var komin íslensk útgáfa á netið. Fyrsta íslenska síðan birtist hinn 5. desember 2003. Íslensku síðunum hefur síðan fjölgað jafnt og þétt. Á fimmtudaginn var voru þær orðnar 30.347 talsins. Íslenska Wikipedian er í 65. sæti yfir stærstu Wikipediur heims, en í 18. sæti þegar raðað er eftir því hve oft greinum er breytt.

## ■ FJÖLDI GREINA

| | |
|---|---|
| Enska | 3.527.000 |
| Þýska | 1.175.000 |
| Franska | 1.055.000 |
| Pólska | 765.000 |
| Ítalska | 763.000 |
| Japanska | 727.000 |
| Spænska | 700.000 |
| Portúgalska | 666.000 |
| Hollenska | 665.000 |
| Rússneska | 648.000 |



SALVÖR GISSURARDÓTTIR



SMÁRI MCCARTHY



MAGNÚS SVEINN HELGASON




**FORSÍÐA ÍSLENSKU WIKIPEDU** Íslenska Wikipedian hefur smám saman verið að eflast síðan hún fór út á netið árið 2003 en á þó langt í land með að ná gæðum ensk útgáfunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Úrval ljósa á betra verði
ÚTSALA
10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag frá kl. 10 - 18
Laugardag frá kl. 11 - 16
Sunnudag frá kl. 12 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800



**MYND ÁRSINS AÐ MATI STJÖRNUFRÆÐIVEFSINS** Hér sést yfirborð rauðu reikistjörnunnar Mars á ansi listrænan hátt. Myndin er vísvitandi í fölskum litum til að draga fram smáatriði. Á henni sést risavaxið sandöldusvæði á norðlægri breiddargráðu, á stað sem ef til vill var á bólakafi í vatni fyrir milljörðum ára. Á veturna verður svo kalt á þessum slóðum að koldíoxíðið í lofthjúpnum frýs og þurríslag legst yfir sandöldurnar og bindur ryk í hlíðum þeirra. Með vorinu hækkar sólin á lofti og hitastigið um leið. Við það þurrgufar þurrísinn svo rykið losnar úr krumlum hans og fossar niður hlíðarnar. Við það myndast dökku rákirnar í hlíðum sandaldanna sem minna einna helst á trjágróður. MYND/NASA/JPL/ARIZONAHÁSKÓLI



**LEYSIGEISLA SKOTIÐ Á MIÐJU VETRARBRAUTARINNAR** Hér sést leysigeisla skotið upp með risakíki (Very Large Telescope ESO) í Paranal-stjörnustöðinni í Síle. Í 90 kílómetra hæð örvar leysigeislinn natríumatóm efst í lofthjúpi jarðar. Þetta natríum er talið leifar loftsteina sem brenna upp í lofthjúpnum. Við örvunina byrja natríumatóm að glóa og mynda lítinn ljósblett. Sjónaukinn getur fylgst með hvernig ljósbletturinn bjagast vegna ókyrrðar í lofthjúpi jarðar og leiðrétt lögun speglanna í samræmi við bjögunina. Þessi tækni nefnist aðlögunarsjóntækni og er eitt mikilvægasta töfrabragð nútíma stjarnvísinda. MYND/ESO/Y.BELETSKY

# Alheimurinn er sem listaverk

Stjörnufræði er einstaklega myndræn vísindagrein. Ár hvert eru þúsundir ljósmynda teknar af **undrum alheimsins**, hvort sem er af áhugafólki um stjörnufræði, fræðimönnum eða vélrænum sendiherrum okkar í geimnum. Aðstandendur Stjörnufræðivefsins hafa valið þær myndir sem þeim finnst framúrskarandi. ***Svavar Hávarðsson*** komst að því að þeir eru smekksmenn.

*Heimildir: Stjörnufræðivefurinn. Allar skýringar við myndirnar eru aðstandenda vefsins.*



**STJÖRNUMYNDUNARTINDAR Í KJALARÞOKUNNI** Árið 2010 var haldið upp á 25 ára afmæli Hubble-geimsjónaukans. Af því tilefni var þessi fallega ljósmynd birt. Á henni sjást þau sérkennilegu form sem gas- og rykský taka á sig í stjörnumyndunarsvæðum Vetrarbrautarinnar. Þessi tiltekna geimþoka tilheyrir risastóru stjörnuhreiðri sem kallast Kjalarþokan og er í 7.500 ljósára fjarlægð í stjörnumerkinu Kilinum. Í tindi hæsta stólpsins á myndinni, sem er þrjú ljósár á hæð, er nýmynduð stjarna. Frá henni skaga tveir gasstrókar út hvor í sína áttina; greinilegt merki um að í kringum stjörnuna er gas- og rykskífa sem stjarnan er smám saman að draga til sín. Þetta eru svonefnd Herbig-Haro fyrirbæri. Innan í skýinu er fjöldi annarra ungra og nýmyndaðra stjarna sem geisla frá sér orkuríku ljósi og móta skýið með veðrunarmætti sínum. MYND/NASA/ESA/M. LIVIO OG HUBBLE 20TH ANNIVERSARY TEAM



**SUÐURLJÓSIN SÉÐ UTAN ÚR GEIMNUM** Geimfarar um borð í Alþjóðlegu geimstöðinni njóta vægast sagt góðs útsýnis yfir jörðina. Sennilega er ógleymanlegt að upplifa norður- og suðurljós á þann hátt sem hér sést. Norður- og suðurljós verða til þegar hlaðnar agnir frá sólinni streyma meðfram segulsviði jarðar inn að norður- og suðurpólnum. Þar rekast þær á sameindir lofthjúpsins og gefa frá sér ljós. Litur ljóssins er háður efninu sem agnirnar rekast á í um 80-160 kílómetra hæð yfir jörðinni. Þannig má rekja græna litinn til árekstra við súrefni. Þessi glæsilega mynd var tekin þegar segulstormur geisaði af völdum kórónuskvettu frá sólinni hinn 24. maí á þessu ári. Þá var geimstöðin í 350 kílómetra hæð yfir sunnanverðu Indlandshafi, töluvert hærra en suðurljósin sjálf. MYND/NASA/EXPEDIDION 23



**TEÞÝS OG TÍTAN** Cassini-geimfarið hefur hringsólað umhverfis Satúrnus frá árinu 2004 og hefur frá þeim tíma tekið fjölda stórkostlegra mynda. Hér sést ein glæsileg af tunglunum Teþýs og Títan. Ef vel er að gáð sést Ódysseifur, stærsti gígurinn á Teþýs, á bak við þykkan lofthjúp Títans. Teþýs var í 2,2 milljóna kílómetra fjarlægð frá Cassini þegar þessi mynd var tekin en Títan næstum tvöfalt nær, um milljón kílómetra í burtu.
MYND/NASA/JPL/SPACE SCIENCE INSTITUTE

**TUNGLIÐ BER FYRIR SÓL** Á himinhvolfinu eru sólin og tunglið nánast jafn stór. Í raunninni er sólin 400 sinnum stærri en tunglið en líka 400 sinnum lengra í burtu frá jörðinni. Fyrir kemur að tunglið gengur fyrir sólina, hylur hana að hluta eða í heild og veldur þá sólmyrkva.

Hinn 7. október varð óvenjulegur deildarmyrkvi á sólu, aðeins sjáanlegur frá sjónarhóli Solar Dynamics Observatory gervitunglsins. Á þessari óvenjulegu mynd sést mjög heit og orkurík útblá geislun frá sólinni á bak við myrkvað tungl. Ef vel er að gáð sjást gígar og fjöll á brún tunglskífunnar.

Solar Dynamics Observatory hefur stundum verið nefnt Hubble-sjónauki fyrir sólina enda útbúið öflugustu myndavélum sem notaðar hafa verið til rannsókna á sólinni.
MYND/NASA/GODDARD SPACE FLIGHT CENTER





**JON** Bon Jovi var vinsælasta rokksveit heims á síðasta ári. Margir telja þá staðreynd skýrt dæmi um hnignun rokksins sem tónlistarstefnu.



**NÆSTA STÓRA ROKKHLJÓMSVEIT?** Paul Stokes hjá tónlistartímaritinu NME segir marga bíða eftir því að næsta stóra rokkhljómsveit komi fram á sjónarsviðið og breyti landslagi tónlistarinnar á ný. Meðal annars bindur hann miklar vonir við hljómsveitina The Vaccines, en þar plokkar Árni Hjörvar Árnason bassann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**U2** The Edge og Bono eru ekkert að yngjast. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**AC/DC** Angus Young og félagar sungu um að rokkið myndi aldrei deyja.

# Er rokkið komið á endastöð?

Dauða rokksins sem ríkjandi tónlistarstefnu er reglulega spáð, nú síðast í vikunni af breska bransatímaritinu MusicWeek, en aðeins þrjú af hundrað vinsælustu lögunum í Bretlandi á síðasta ári teljast til rokklaga. *Kjartan Guðmundsson* kannaði málið.

Rokk og ról er komið til að vera – það mun aldrei deyja,“ sungu nostalgíuboltarnir í Sha-Na-Na (í lauslegri snörun) á sínum tíma og ekki minni kanónur en AC/DC og Neil Young eru meðal þeirra mörgu sem tekið hafa undir það sjónarmið í textum sínum.

Nokkrum árum síðar, um miðjan tíunda áratuginn, sendi sjálfur Lenny Kravitz frá sér lagið „Rock‘n‘Roll Is Dead,“ þar sem hann gerði lítið úr klisjukenndu rokklíferni samtímans. Margir af þeim sem á annað borð gáfu sér tíma til að rýna í textann urðu móðgaðir og sögðu Lenny fara með fleipur, en listamaðurinn hló að öllu saman og sagðist bara hafa verið að grínast, enda lagið öðru fremur byggt á trixum sem hefðu hæglega getað verið hluti af námsefninu Rokkgítarriff 101.

En alhæfing Kravitz er fráleitt einstök í sögunni. Með reglulegu millibili hefur dauða rokksins verið spáð og stórbrotinni endurreisn þess jafnharðan. Því má í raun furðu sæta að enn þann dag í dag veki slíkir spádómar mikla athygli, eins og raunin varð í vikunni þegar fyrirsagnir netmiðla um allan heim öskruðu á lesendur að rokkið væri sannarlega dautt og grafið, með vísan í tölur yfir vinsælustu lög síðasta árs í Bretlandi.

## Hrun á vinsældalistanum

Að þessu sinni var það breska tónlistarbransatímaritið MusicWeek sem hratt umræðunni um vanheilsu rokksins af stað á ný með þeirri tilkynningu að aðeins þrjú rokklög vermdu listann yfir hundrað vinsælustu lögin í Bretlandi á síðasta ári. Samkvæmt útreikningum tímaritsins hafa rokklögin á listanum ekki verið færri í hálfa öld og hefur algjört hrun verið í vinsældum þeirra síðan fyrir tveimur árum þegar rokklögin á listanum voru 27 talsins. Árið 2009 voru þau þrettán. Á síðasta ári var hipphopp og R‘n‘B vinsælast, en 47 lög á listanum voru þeirrar tegundar, á meðan popplög voru fjörutíu og danslög tíu talsins.

Það sem mörgum þykir jafnvel enn undarlegra er að vinsælasta rokklagið árið 2010 var hinn þrjátíu ára gamli slagari Don‘t Stop Believing með iðnaðarrokksveitinni Journey, sem sló aftur í gegn eftir að hafa heyrst í hinni ofurvinsælu unglingasápuóperu Glee sem sýnd er á Stöð 2, fólki til mismikillar ánægju.

Hin tvö lögin sem MusicWeek flokkar undir rokklög á listanum eru Hey, Soul Sister með Train og Dog Days Are Over með Florence + The Machine, en vafalaust eru þeir margir til sem setja myndu bæði þessi lög í hóp popplaga í stað rokklaga.

Raunar tilgreinir MusicWeek ekki nákvæmlega hvaða aðferðum tímaritið beitir í flokkun sinni, enda slíkar útskýringar nánast ómögulegar nú til dags þegar dægurtónlistin hefur tvístrast í óteljandi og margra laga undirflokka. Líklega er óhætt að fullyrða að flest öll tónlist sem byggir á hinum hefðbundna rafmagnsgítarleik, bassa, trommum og fleiri hljóðfærum í aukahlutverkum, falli undir hugtakið rokk í þessu tilliti.

Þá er enn fremur litið framhjá þeim lærðu skoðunum margra að rokkið sé í sífelldri þróun, að til dæmis house-tónlist sé einungis einn armur þessa víðtæka hugtaks. En einhvers konar skilgreiningar verður jú að nýtast við, vilji fólk stytta sér stundir með að rýna í þessi mál.

Og vissulega er gaman að velta þeim fyrir sér með hliðsjón af þessum tölum. Sjálft rokkið fæddist ekki í Bretlandi en þaðan hefur þó komið margt af því frægasta og vinsælasta sem tónlistarstefnan, í víðum skilningi, hefur alið af sér í gegnum tíðina.

> Mest af áhugaverðri og ögrandi tónlist hefur verið gert á erfiðum tímum.

## Frábær rokklög sjaldgæf

Í viðtali við The Guardian segir tónlistarsérfræðingurinn og plötusnúðurinn Paul Gambaccini, sem hefur marga fjöruna sopið í þessum málum, nokkuð orðrétt: „Þetta eru endalok rokktímabilsins. Það er búið, á sama hátt og tímabil djassins er liðið undir lok. Það þýðir þó ekki að aldrei muni góðir rokktónlistarmenn koma fram á sjónarsviðið aftur, en rokkið, sem ráðandi stefna, er liðin tíð. Ég kenni í brjóst um rokktónlistarmenn í dag, því plötufyrirtæki kjósa frekar að elta skjótfenginn gróða en þróun til langs tíma,“ segir rokkprófessorinn svokallaði Gambaccini og tekur sem dæmi einbeittan brotavilja plötufyrirtækja við að koma keppendum í raunveruleikaþættinum X Factor á framfæri.

Framkvæmdastjóri útvarpsstöðvarinnar Absolute Radio tekur í sama streng og segir í viðtali við MusicWeek að gítartónlist hafði verið sofandi á árinu 2010, á meðan George Ergatoudis, tónlistarstjóri BBC Radio 1, telur afar sjaldgæft að frábær rokklög séu samin nú á dögum.

## Bon Jovi vinsælust á síðasta ári

Ekki svo að skilja að öllum rokkhljómsveitum og -tónlistarmönnum gangi illa að selja afurðir sínar í Bretlandi og víðar. Vinsældir þeirra má þó fremur merkja á tónleikamiðasölu og sölu á stórum plötum en ekki smáskífum, en smáskífusala hefur löngum verið viðmið vinsælda í Bretlandi.

Það sem flestir af vinsælustu rokkurum dagsins í dag eiga sameiginlegt er hár aldur, sem gæti bent til þess að tónlistarneytendur finni fátt nýtt í rokkinu lengur, og vissulega eru ár og aldir síðan „alvöru“ rokkstjarna af gamla skólanum kom fram á sjónarsviðið. Bon Jovi græddi mest allra hljómsveita á tónleikamiðasölu á síðasta ári, AC/DC varð þar í öðru sæti og U2 í þriðja. Samanlagður aldur söngvara þessara sveita er 161 ár. Samkvæmt skýrslu Deloitte verða fjörutíu prósent af tuttugu tekjuhæstu rokktónlistarmönnum þessa árs sextug eða eldri á næsta ári og uppreisnarandinn sem áður þótti einkenna rokkið líklega víðs fjarri.

„Skipuleggjendur tónleika eru með hjartað í buxunum vegna þess að innan tíu ára verða þessar hljómsveitar hættar að spila, og hvað gera þeir þá?“ spyr Gambaccini, eðlilega.

## Bransinn fer í hringi

Eins og áður sagði hefur rokkinu farnast betur með sölu á stórum plötum en smáskífum, en sala stórra platna hríðminnkar ár frá ári á meðan þeim sem hala niður tónlist ólöglega fjölgar ört. Það setur óhjákvæmilega aukna pressu á plötufyrirtæki að fjárfesta fyrst og fremst í hljómsveitum og listamönnum sem eru nokkuð örugg ir um að seljast vel. Rokkarar eru ekki þeirra á meðal, þessa stundina að minnsta kosti.

Ekki er þó allt breskt bransafólk reiðubúið að skrifa undir dánarvottorð rokksins strax. „Tónlistarbransinn fer í hringi,“ segir Paul Stokes, einn af ritstjórum tónlistartímaritsins New Musical Express, í viðtali við Guardian. „Okkur hefur áður verið sagt að rokkið væri dautt, til dæmis í lok níunda og tíunda áratugar síðustu aldar, en alltaf kemur það aftur.“

Martin Stokes, framkvæmdastjóri Official Charts fyrirtækisins sem hefur umsjón með samantekt breskra vinsældalista, tekur undir það sjónarmið og telur líklegt að efnahagskreppan komi til með að flýta endurreisn vinsælda rokksins. „Mest af áhugaverðri og ögrandi tónlist hefur verið gert á erfiðum tímum. Kannski virka íhaldsstjórnir hvetjandi á ögrandi rokktónlist, og núna höfum við eina slíka.“

*(Heimildir: MusicWeek, The Guardian.)*

## ROKKIÐ EKKI UPPHAF OG ENDIR ALLS



„Ef eingöngu er miðað við vinsældir, þá var kannski einhvern tímann eitthvað til sem hét rokk og það var vinsælast, en er það klárlega ekki lengur. Á Íslandi eru þetta bara „köverlög“ núna. Helgi Björns að syngja eldgömul dægurlög eða Baggalútur með jólatexta, sem er ekki mjög rokkvænt,“ segir poppspekingurinn Dr. Gunni, inntur eftir því hvort dauði rokksins sé á næsta leiti. „En á móti kemur að Dikta er til dæmis mjög vinsæl hljómsveit á Íslandi, og jafnvel Hjaltalín og fleira, svo kannski er aðeins meiri rokkfílingur hér en annars staðar.“

Hann segir þó allt bera að sama brunni í raun. „Ef sú staðreynd að ég er gamall karl sem hefur séð allt og heyrt áður er tekin út úr myndinni,“ segir Gunni og hlær, „þá virðist samt vera frekar dapurt ástand á rokkinu sem slíku. Aðalplöturnar í fyrra virðast hafa verið nýja plata Arcade Fire, sem hljómar eins og Echo & The Bunnymen, og platan með Kanye West sem allir eru að slefa yfir. En það er auðvitað ekki rokk. Og reyndar virðist vera fremur dapurt ástand á músík yfirleitt. Við erum í miðju ládeyðutímabili, líkt því sem var um miðjan áttunda áratuginn, rétt áður en pönkið kom. Það sem er vinsælast er agalega mikið léttmeti og froða. Andleysið er ríkjandi og rokkið hefur fengið marga skelli í gegnum þessa endalausu ædolmennsku, þar sem hlutirnir snúast ekki um frumlegheit og ögrun heldur að vera fær í karókísöng,“ segir Gunni.

Hann segist þó ekki syrgja það sérstaklega að rokkið sé dautt. „Svo lengi sem einhver góð tónlist er í gangi, sem vekur hjá manni mikla lífslöngun og sparkar í rassinn á manni á jákvæðan hátt, má hún alveg heita eitthvað annað en rokk. Gróskan á sér heldur ekki stað á vinsældalistum. Gítarrokk er ekki upphaf og endir alls.“




# VIÐ TRÚUM Á FRAMTÍÐINA

Árið 2010 lagði Auður grunn að uppbyggingu til framtíðar. Fyrirtækjaráðgjöf Auðar kom að ráðgjöf, fjárhagslegri endurskipulagningu og verðmati á þriðja tug fyrirtækja. AUÐUR I fagfjárfestasjóður fjárfesti í rekstri og kom með nýtt hlutafé inn í sjö fyrirtæki.

Fasteignaráðgjöf Auðar kom að endurskipulagningu fasteignafélaga og gerði verðmat á yfir 100 atvinnufasteignum ásamt því að annast rekstur og umsýslu fasteigna. Ört stækkandi hópur viðskiptavina Auðar fékk góða ávöxtun á séreignarsparnað og fjármuni í eignastýringu.

Við trúum á fólkið í landinu og framtíðarhorfur íslensks samfélags. Við höldum ótrauð áfram á nýju ári með sterka eiginfjárstöðu, áhættumeðvitund og langtímaárangur að leiðarljósi.

## Auður er sjálfstæður og óháður kostur á fjármálamarkaði

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is

FAGFJÁRFESTASJÓÐIR | FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF | FASTEIGNARÁÐGJÖF | SÉREIGNARSPARNAÐUR | EIGNASTÝRING

# Stuðningsmaður númer eitt

**Kenny Dalglish**, þjálfari Liverpool, hefur upplifað meiri gleði og sorg í fótboltanum en flestir aðrir. Hann hefur unnið til ótal titla en líka verið viðstaddur þrjá af mannskæðustu íþróttaharmleikjum sögunnar. *Kjartan Guðmundsson* kynnti sér feril „kóngsins“.

Það er óhætt að fullyrða að nostalgían hafi hríslast um margan knattspyrnuáhugamanninn þegar Kenny Dalglish gekk inn á Old Trafford leikvang þeirra Manchester United manna síðastliðinn sunnudag til að stýra liði Liverpool gegn erkifjendunum, tveimur áratugum eftir að hann sagði starfi sínu lausu hjá félaginu.

Hvort um hafi verið að ræða unaðshroll eða gamalkunnug óþægindi fer væntanlega eftir því hvort téðir áhugamenn fylgi Liverpool að málum eður ei, því undir stjórn „kóngsins“, eins og stuðningsmenn Liverpool kalla hann, naut félagið gríðarlegrar velgengni á árunum 1985 til 1991 og vart fannst það lið sem stóðst því snúning á löngum köflum hvað varðar áferðarfagra og árangursríka spilamennsku.

Eins er líklegt að margir minnist Dalglish sem eins allra besta leikmanns Evrópu áður en hann gerðist spilandi knattspyrnustjóri Liverpool. Hann og annað nafn sem er vel til þess fallið að vekja upp fortíðarþrá, hinn velski Ian Rush, mynduðu saman framherjapar sem flestir andstæðingar hræddust og enn er í minnum haft.



**KÓNGURINN** Kenny Dalglish var illa haldinn af streitu þegar hann sagði starfi sínu lausu hjá Liverpool árið 1991 eftir farsælan feril sem leikmaður og þjálfari. Nú er hann snúinn til baka, í það minnsta tímabundið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

> Fólk fer á völlinn til að horfa á fótboltaleik en það býst aldrei við svona málalokum, er það? Enginn fótboltaleikur er svona mikils virði.

**Er að sinna skyldu sinni**

En nú er öldin önnur. Liverpool, þetta sögufræga knattspyrnufélag, hefur verið á hraðri niðurleið síðustu misserin. Liðið hefur ekki unnið ensku deildina síðan vorið 1990 (þá undir stjórn Dalglish) meðan nágrannarnir í Manchester hafa raðað inn titlunum. Yfirstandandi leiktímabil er það versta í hálfa öld, hvert niðurlægjandi tapið hefur rekið annað og nú er svo komið að liðið situr í þrettánda sæti deildarinnar, aðeins fjórum stigum frá fallsæti.

Á fyrsta blaðamannafundi sínum sem endurráðinn stjóri Liverpool um síðustu helgi kvaðst Dalglish, sem tók við í kjölfar þess að Roy Hodgson var rekinn eftir einungis hálft ár í starfi, hreinlega vera að sinna skyldu sinni. Vissulega væri heilmargt að hjá klúbbnum, en hann myndi gera sitt besta til að lægja öldurnar meðal stuðningsmanna og freista þess að rétta skipið af, en skýrt og greinilega var tekið fram að ráðning Dalglish væri aðeins tímabundin.

Tap í fyrstu tveimur leikjum hans sem stjóra, gegn Manchester United í bikarnum og Blackpool í Úrvalsdeildinni, ætti að gefa glögga mynd af þeim óteljandi vandamálum sem hrjá Liverpool-liðið um þessar mundir. En Dalglish ætti líka að vera betur í stakk búinn en margir aðrir til að setja hlutina í rétt samhengi.

Bill Shankly, samlandi Dalglish og knattspyrnustjórinn sem hóf Liverpool til vegs og virðingar fyrir alvöru á sjöunda áratug síðustu aldar, lét eitt sinn hafa eftir sér að fótbolti væri ekki spurning um líf og dauða, því hann væri mun mikilvægari en svo. Eftir að hafa verið viðstaddur þrjá af mannskæðustu harmleikjum knattspyrnusögunnar, á Ibrox, heimavelli Glasgow Rangers árið 1971, Heysel-leikvanginum í Belgíu vorið 1985 og Hillsborough í Sheffield í Englandi árið 1989, er ljóst að Dalglish er á allt annarri skoðun. Alls lét 201 knattspyrnuáhugamaður lífið í þessum harmleikjum og þessi áföll höfðu að endingu svo djúpstæð áhrif á Dalglish að hann fann sig knúinn til að segja upp störfum hjá Liverpool fyrir tuttugu árum.

**Fyrsti harmleikurinn**

Kenny Dalglish lék einungis með tveimur liðum allan sinn feril, Liverpool og Glasgow Celtic, og gerðist síðar knattspyrnustjóri þeirra beggja, en hann þjálfaði einnig lið Blackburn Rovers og Newcastle United um hríð.

Hann hafði nýlega tryggt sér sess í aðalliði Celtic sem heimsótti erkióvinina í Rangers heim í „Old firm“ leik (eins og leikir þessa liða eru vanalega kallaðir) fyrir rétt rúmum fjórum áratugum, 2. janúar 1971. Hann var þó ekki valinn í liðið þennan dag en stóð í stúkunni með fleiri leikmönnum liðsins. Þegar ein mínúta var eftir af viðureigninni skoraði Jimmy Johnstone fyrir Celtic og margir aðdáendur Rangers hófu að yfirgefa völlinn þar sem þeir töldu ljóst að leikurinn væri tapaður.

Colin Stein tókst þó að jafna fyrir Rangers í uppbótartíma og upphófust mikil fagnaðarlæti í stúkunni. Við það reyndu fjölmargir áhorfendur að komast aftur inn á völlinn í gegnum inngang númer 13, sem orsakaði gríðarlegan troðning. Rannsókn leiddi í ljós að einhver, mögulega barn sem var borið á öxlum föður síns, hefði dottið og olli það keðjuverkun sem leiddi til þess að 66 manns lágu í valnum af völdum köfnunar á eftir, þar á meðal mörg börn. Tvö hundruð aðrir slösuðust og sumir alvarlega.

**Enginn leikur þess virði**

Eftir að hafa unnið til fjölmargra titla með Celtic, meðal annars sem fyrirliði liðsins, keypti knattspyrnustjórinn Bob Paisley Dalglish til Liverpool sumarið 1977 sem arftaka goðsagnarinnar Kevin Keegan, sem flutti sig um set til Hamborgar. Dalglish öðlaðist umsvifalaust sess í hjörtum stuðningsmanna Liverpool með spilamennsku sinni og prúðmannlegri framkomu innan vallar sem utan, en næsti harmleikur var því miður ekki langt undan og þar með svartasti bletturinn í sögu félagsins.

Hann átti sér stað þegar Liverpool lék gegn Juventus í úrslitaleik Evrópukeppni meistaraliða 29. maí 1985. Leikurinn fór fram á Heysel-leikvanginum í Brussel, þjóðarleikvangi Belgíu, sem var gamall og úr sér genginn völlur og allur aðbúnaður í raun stórhættulegur áhorfendum, eins og átti eftir að koma í ljós. Eins var öll skipulagning varðandi áhorfendamál í molum, þar sem ákveðið var að úthluta fjölda miða til hlutlausra belgískra áhorfenda sem áttu að skilja að aðdáendur liðanna tveggja í stúkunni. Miðarnir fóru þó flestir á svartan markað og lentu í höndum stuðningsmanna Juventus, sem olli því að einungis lítil girðing aðskildi stuðningsmannahópana tvo.

Ytri aðstæður firra þó ekki stuðningsmenn Liverpool ábyrgð á því sem gerðist um klukkustund fyrir áætlað upphaf leiksins, þegar sumir af stuðningsmönnum Juventus hófu að kasta steypubrotum sem molnað höfðu úr niðurníddri stúkunni yfir á svæði þeirra rauðklæddu. Nokkrir þeirra brugðust við með því að rífa niður girðinguna og hlaupa ógnandi í átt að stuðningsmönnum Juventus, sem hörfuðu þúsundum saman að vegg sem hrundi ungan þunganum. 38 stuðningsmenn Juventus og einn Belgi létust þegar þeir tróðust undir, og um sex hundruð til viðbótar slösuðust. Fjórtán stuðningsmenn Liverpool hlutu síðar dóma fyrir verknaðinn.

Eftir langa töf, og af óskiljanlegum ástæðum, var ákveðið að úrslitaleikurinn færi fram þrátt fyrir harmleikinn. Juventus stóð uppi sem sigurvegari eftir 1-0 sigur, en í ævisögu sinni segist Dalglish ekki hafa vitað að fólk hefði látið lífið fyrir leikinn.




# Það þarf áræðni, kraft og þor

*til að láta drauminn rætast*

**Átt þú góða hugmynd í fórum þínum?**
**Rekur þú fyrirtæki og vilt þróa nýja vöru eða þjónustu?**

Vinnumálastofnun/Velferðarráðuneyti auglýsir styrki til atvinnumála kvenna vegna ársins 2011 lausa til umsóknar. Skilyrði er að verkefnið/hugmyndin falli að eftirfarandi skilyrðum.

- Verkefnið sé í eigu konu/kvenna og stjórnað af konu
- Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð
- Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetingar og gerðar markaðsáætlunar, þróunar vöru eða þjónustu, hönnunar og efniskostnaðar.
- Ennfremur geta konur sem hafa fullmótaða viðskiptaáætlun og hafa hug á því að stofna fyrirtæki á næstunni eða hafa stofnað fyrirtæki en ekki hafið rekstur, sótt um styrk til að koma henni í framkvæmd.

Heildarfjárhæð styrkja að þessu sinni eru kr. 30.000.000 og er hámarksstyrkur kr. 2.000.000 en ekki eru veittir lægri styrkir en kr. 300.000. Umsóknarfrestur er til og með 07.02.2011 og skal sækja um rafrænt á heimasíðu verkefnisins **www.atvinnumalkvenna.is**

ATVINNUMÁL KVENNA

Grafika 11

**Skemmtileg lífsreynsla** Lilja Björk Jónasdóttir starfaði við sumarbúðir barna í Bandaríkjunum síðasta sumar og ætlar aftur í vor.
SÍÐA 6





**Góður markaður** Íslendingar geta nú nýtt sumarfríið til að leigja út íbúðir sínar í gegnum fyrirtækið Iceland Summer.
SÍÐA 2



# OFURSVALT INÚÍTALÍF

Snjóhús eru með fegurstu manngerðu smíðum náttúrunnar, en efniviðurinn hverfull eftir veðri og vindum. Um víða veröld er hægt að upplifa andrúmsloft inúíta í hnausþykkum, listilega smíðuðum snjóhúsum, til að matast, vera og njótast.

Það hljómar kannski kuldalega að hátta sig ofan í rúm undir frostmarki, en engu að síður staðreynd að gisting í snjóhúsum nýtur fádæma vinsælda hvar sem hún býðst. Eftir áramót sýnir Vetur konungur oft grimmustu klærnar og hrúgar niður snjó á mestu snjósöfnunarstaði veraldar. Því fagna ferðamenn sem dýrka vetrarríkið og þrá að upplifa eitthvað nýtt og framandi, en einnig að komast í mikla nánd við náttúruna. Vinsælar snjóhúsabyggðir eru í Lapplandi, Sviss, Slóveníu og Japan, þar sem hin ægifagra Kamakura-hátíð er haldin í febrúar ár hvert í Yokote í Akitahéraði í norðaustur Japan. Mikil snjókoma er í Yokote og ekki óalgengt að falli allt að 30 sentimetra snjór yfir nótt. Snjóhúsin sjálf kallast kamakura og inni í þeim er reist altari til tilbeiðslu vatnsguðsins, þar sem fólk biður fyrir góðri uppskeru, öryggi fjölskyldunnar, velgengni og vernd gegn eldum. Ólýsanlega fagurt er á kvöldin á Kamakura þegar kertaljós lýsa upp snjóhúsin, en hvarvetna ræður rómantík ríkjum á snjóhúsaslóðum og vinsælt meðal elskenda að gefast hvort öðru undir bleiklilluðum stjörnuhimni og glitrandi frostrósum. -þlg

FRAMHALD Á SÍÐU 4

ÚTSALA
ÖLL RAFTÆKI Í ELDHÚS OG ÞVOTTAHÚS Á ÚTSÖLU
Ofnar, helluborð og háfar með allt að 50% afsl.
Candy þvottavélar - verð frá kr. 79.990
Blomberg uppþvottavélar - verð frá kr. 89.990
Severin smátæki með allt að 33% afslætti og margt fleira
Sýningareintök og útlitsgallað með miklum afslætti
Sjálfvirkar Saeco kaffivélar frá kr. 49.990
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Óþreytandi
## – engin áhöld um það




5 Year RÖSLE Warranty

» Það er ekki að ástæðulausu að þeytarinn og önnur áhöld frá Rösle eru með fimm ára ábyrgð – þau eru einfaldlega óþreytandi. Þetta gróna þýska fyrirtæki hefur framleitt hágæða eldhúsáhöld úr stáli í nær hundrað ár og er reynslunni ríkara. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is




**Starfsemin hófst í fyrra** Sigurður Bjarni Gíslason og Baldvin Þór Baldvinsson standa að baki Icelandic Summer. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# ÍSLENSKAR ÍBÚÐIR LEIGÐAR ÚTLENDINGUM

Íslenskir húseigendur sem hyggja á sumarfrí hafa margir hverjir nýtt sér fjarveruna og leigt heimili sitt út. *Iceland Summer* er umboðsfyrirtæki sem tekur að sér að leigja íslenskar íbúðir til útlendinga á ferðalagi hérlendis.

Iceland Summer er fyrirtæki sem varð til á síðasta ári en hugmyndin er sú að gefa íslenskum íbúðareigendum tækifæri á að nýta eign sína meðan farið er í sumarfrí og leigja hana til erlendra ferðamanna. Sigurður Bjarni Gíslason og Baldvin Þór Baldvinsson eru eigendur Iceland Summer.

„Húseigandi sem skráir eign sína hjá Iceland Summer gefur okkur umboð til að leigja hana út til ferðamanna á umsömdum tíma. Við semjum við hvern og einn eiganda og komum íbúðunum á framfæri á bókunarvélum í gegnum tengingar okkar við ferðaskrifstofur erlendis ásamt því að kynna íbúðirnar á okkar eigin heimasíðu,“ segir Sigurður. „Það er hópur ferðamanna sem hefur áhuga á þessum möguleika,“ bætir hann við.

Iceland Summer sér um öll samskipti við viðskiptavinina en sem dæmi má nefna að lágmarksútleiga fyrir ferðamenn er 2 nætur í 101 Reykjavík en algeng tímalengd er 3-5 nætur í senn. „Við tökum í raun ekki við íbúðum í minna en þrjár vikur. Ferðamennirnir velja íbúðirnar eftir svæði og stærð en sjá ekki í hvaða íbúð þeir munu dvelja þegar þeir panta. Það er öðruvísi nálgun en flestir aðilar af okkar toga eru með, viðskiptavinirnir treysta okkur bara til að finna réttu íbúðina.“

Þegar farið var af stað með verkefnið í fyrra var ákveðið að byrja smátt með tilraunasvæði þar sem Akureyri varð fyrir valinu. Sigurður segir að eigendur íbúðanna á Akureyri hafi verið mjög ánægðir með samstarfið. „Svæðin sem við einskorðum leiguna við nú í sumar eru Akureyri, miðborg Reykjavíkur, Keflavík og svo ætlum við að færa okkur lengra út á höfuðborgarsvæðið. Einnig erum við með Mývatn og Höfn í skoðun.“

Miðað er við að íbúðareigendur hafi það tiltækt í íbúðum sínum sem annars er til reiðu í orlofshúsum. „Íbúðareigendur þurfa jafnframt að hringja til síns tryggingafélags til að ganga úr skugga um að þeir séu rétt tryggðir þar sem við erum ekki ferðaskrifstofa, skipuleggjum ekki ferðir, heldur bókunarþjónusta. Einnig þarf að fá tilskilin leyfi hjá sýslumanni á hverjum stað fyrir sig til að leigja út íbúðina, það er bara ákveðið ferli og betra að vera fyrr en seinna á ferðinni með það. Við sjáum um að afhenda ferðamönnunum lyklana og sjáum jafnframt um rukkunina og að skila mánaðarlega umsaminni greiðslu til eigenda íbúðanna.“

Sigurður telur að hérlendis sé góður markaður fyrir erlenda túrista og þessi möguleiki eigi eftir að njóta vinsælda, eins og sjá mátti á stuttum reynslutíma á Akureyri. „Straumurinn liggur í þennan gistimöguleika og við höfðum til þeirra sem eiga íbúðir og vilja nýta þær á hagkvæman hátt.“ *- jma*

## REMEDÍUR TIL AÐ LINA KVILLA Á FLUGI OG FERÐALÖGUM

Hómópatískar neyðarremedíur eru nú fáanlegar í fríhöfninni, vélum Iceland Express og í Manni lifandi en þær eru hugsaðar til að lina þjáningar og kvilla sem geta hrjáð fólk á flugi og ferðalögum. Um er að ræða tvær tegundir. Annars vegar My flight ER emergency remedy og My travel ER emergency remedy. „Í My flight ER öskjunni eru fjórir stautar og tekur hver um sig á ákveðnum vandamálum. Einn er fyrir flugþreytu, annar fyrir flughræðslu, þriðji við eyrnaverk og fjórði við magaverk. Í My travel ER er einn stautur við flugnabiti, annar við sólbruna og höfuðverk, þriðji við meltingartruflunum og fjórði við minni háttar slysum og verkjum sem fylgja,“ segir hómópatinn Svana Ingvaldsdóttir, sem stendur að baki framleiðslunni. Hún segir remedíunum einungis ætlað að lina þjáningar og að þær séu hugsaðar sem fyrsta hjálp. „Þetta eru litlar sykurkúlur til að setja undir tunguna með mismunandi virkni. Þær eru teknar á korters fresti þar til óþægindin líða hjá og er gott að geta gripið til þeirra ef þarf.“ *- ve*




**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd** Getty Images **Pennar** Júlía Margrét Alexandersdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Vera Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir** Fréttablaðið **Auglýsingar** Benedikt Freyr Jónsson *benediktf@365.is* og Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*




# ego dekor



-20% Skenkur
Breidd: 150cm
Verð: 129.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
103.920,-

-30% Stækkanlegt hnotuborð
160(248)x100
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
97.930,-



-20% Skenkur í hnotu
Breidd: 150cm
Verð: 119.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
95.200,-

-30% Borð í hnotu
180x100
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
69.930,-

TV skenkur í hnotu
Breidd: 183cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
79.920,-



-20%

Sófaborð
Stærð: 120x60
Verð: 49.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
24.950,-

Stærð: 50x50
Verð: 32.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
16.450,-



-50%

## ÚTSALAN ER HAFIN 20-50% AFSLÁTTUR

VERONICA TUNGUSÓFI
Stærð: 260x165
Verð: 236.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
177.000,-



-25%

SWING SÓFASETT
3ja sæta
Stærð: 210cm
Verð: 149.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
104.300,-

2,5 sæta
Stærð: 180cm
Verð: 135.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
94.500,-



-30%



-30%

YASAM tungusófi
Stærð: 212x157
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
118.930,-



-25%

AIR tungusófi
Stærð: 280x165
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
183.750,-



-40%

BORGES tungusófi
Stærð: 290x165
Verð: 225.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 135.000,-



-25%

RENO leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
12.675,-



-25%

VIOLA stóll
Verð: 18.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-



-30%

MOSS leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
11.830,-

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**

FRAMHALD AF FORSÍÐU




**Ískaldir húsmunir** Listamenn í ísskurði fá notið sín við innanhússhönnun snjóhúsanna í Davos, eins og sjá má í þessum hlýlega veitingasal þar sem fjölskylda nýtur veitinga í einstakri snjólistasmíð.




**Ísi lagt altari** Kamakura-hátíðin er ávallt haldin í febrúar í Yokote í Akita-héraði í norðausturhluta Japan. Þar biður fólk fyrir góðri uppskeru, öryggi fjölskyldunnar, velgengni og vernd gegn eldum.




**Snjóraðhús** Þessi heillandi snjóhúsaþyrping er í Kakslauttanen í finnska hluta Lapplands. Í snjóhúsaþorpinu er einnig snjókapella og snjóbar, og vinsælt hjá ástföngnum að gefast hvort öðru í stórbrotnu vetrarríkinu.




**Óvanalegur nestisstaður** Gestir gæða sér á fondú inni í Iglu-Dorf í Davos. Þar er klasi fimmtán snjóhúsa sem tengjast saman með göngum hátt uppi í ægifegurð Alpafjalla.




**Einn ískaldan, takk!** Ískalt sake og fleira ljúft í frosin glös fæst á þessum klakabar í snjóhúsi á ísilögðu Shikaribetsu-vatni í Daisetsuzan-þjóðgarðinum í Hokkaido í Japan.




**Hitað upp með ást** Ástfangið par hvílist á loðfeldum í snækaldri rekkju rómantísks snjóhúss skíðaparadísarinnar Krvavec í Slóveníu. Hitastig í snjóhúsinu, sem geymir móttöku, bar og sauna, fer aldrei niður fyrir frostmark.


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

GAUKSHREIÐRIÐ XXII/08

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






## KONUNGLEGA RÓMANTÍSKIR DAGAR Í LUNDÚNUM

Hver hefur ekki yndi af konunglegum brúðkaupum og óskar þess í laumi að vera mitt á meðal boðsgesta? Leikur einn að skella sér mitt í hringiðu sögulegra atburða þegar Vilhjálmur prins gengur að eiga sína heittelskuðu Kötu í Westminster Abbey 29. apríl. Hátíðarstemningin mun engan láta ósnortinn sem verður í Lundúnaborg á þessum degi þar sem þjóðin mun safnast saman á götum úti. Ýmis hótel Lundúna, eins og Royal Garden Hotel í konunglega hluta Kensington, býður gestum konunglegan brúðarpakka þegar brúðkaupsklukkurnar klingja, þar sem sopið verður á eftirmiðdagste, konungssvítan heimsótt og jafnvel litið inn í Kensington-höll.

## NÝ TEGUND AF FERÐAHANDBÓK



Ferðahandbók fyrir iPad og iPhone er komin á markaðinn, Locals Recommend, sem er byggð upp af upplýsingum, auglýsingum og myndskeiðum með ráðum búnum til af heimamönnum í hverri borg sem auðvelda ferðamönnum lífið á nýjum stað. Reykjavík er fyrsta borgin og þegar komin í sölu í Apple Apps búðinni. Reykjavík var einnig valin sem „New and Noteworthy“ af Apple. Fleiri borgir eru í framleiðslu og fara í dreifingu á næstunni, ásamt útgáfu fyrir Android-kerfið. Locals Recommend leitar að samstarfsaðilum í borgum heimsins, sem geta búið til svona myndskeið. Áhugasamir sendi póst á info@localsrecommend.org. Sjá www.localsrecommend.org

**Óskabarn – Æskan og Jón Sigurðsson** er sýning sem opnuð verður í Þjóðmenningarhúsinu í dag klukkan 15. Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, opnar sýninguna, sem sett er upp í tilefni af því að 200 ár verða frá fæðingu Jóns Sigurðssonar hinn 17. júní næstkomandi.






**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



## NÁMSAÐSTOÐ

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

**Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233**

## HRÁFÆÐISNÁMSKEIÐ

Nýr lífsstíll og aukinn lífsorka - **Edda Magnúsdóttir**



Farið verður í grunnatriði hráfæðis, s.s. orkusúpu, kornsafa og ræktun hveitigrass og ýmsa fleiri rétti. Kenndar verða góðar æfingar sem hægt er að gera heima, öndun o.fl. sem tengist góðum lífsstíl og kynntur verður búnaður sem þarf til að útbúa hráfæði.

Námskeiðið verður haldið miðvikudaginn **19. janúar,** kl.17:30 og kostar aðeins **6.900 kr.** Uppskriftir fylgja með og eftir sýnikennslu verður smakkað á réttunum.

**Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni madurlifandi.is**

maður lifandi
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720



## Ómótstæðileg hráfæðiskaka og frítt kaffi

Komdu við á Grænum kosti og prófaðu hina geysivinsælu hráfæðisköku. Við bjóðum frítt kaffi með kökusneiðinni.

Tilboðið gildir frá 15. til 22. janúar.

GRÆNN KOSTUR

Grænn kostur
Skólavörðustig 8
101 Reykjavík
Sími: 552 2028
www.graennkostur.is


Herder Andersson opnar sýningu á höklum í Norræna húsinu í dag.

# Saumar allt í höndunum




;HELGIN | 2


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skraddarinn og fatahönnuðurinn Herder Andersson opnar sýningu á höklum, stólum, altarisdúkum og altarisklæðum í Norræna húsinu í dag en hann hefur saumað 26 hökla í öllum litum kirkjuársins ásamt stólum á tæpum fjórum árum. Allt sem fyrir augu ber á sýningunni hefur Herder saumað í höndunum í stofuhorninu heima hjá sér.

„Þetta hafa verið langir en gefandi vinnudagar,“ segir hann glaður í bragði. Hann telur ólíklegt að höklarnir eigi sér líka hér á landi. „Ég held að flestir prestar beri hökla sem hafa verið saumaðir erlendis og ég efast um að þeir séu handsaumaðir.“

En hvernig kom þetta til? „Ja, það var nú þannig að ég sá viðtal við mann í Morgunblaðinu sem hafði saumað altarisdúk og gefið kirkjunni sinni. Þar var tekið fram að hann hefði saumað harðangur og klaustur og ég hugsaði með mér að það gæti ég nú aldeilis gert. Ég fór því með blað, blýant og málband upp í Langholtskirkju, sem er sóknarkirkjan mín, og spurði prestinn hvort ég mætti ekki sauma fyrir kirkjuna.“





**Lín Design** Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is lindesign@lindesign.is

**Reiðkennarinn Mette Mannseth** verður með sýnikennslu í reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi í dag klukkan 18.30. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.




# ÚTSALA
## 20-50% afsláttur
Úlpur - Kápur - Jakkar
Peysur - Húfur
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, sími 588 5518
Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16


Framhald af forsíðu

Langholtskirkja á nú fimm hökla eftir Herder í öllum litum kirkjuársins, í fjólubláu, bláu, rauðu, hvítu og grænu ásamt altarisdúk og klæði með harðangri og klaustri. „Síðan hef ég saumað hökla í gráu, ýmsum bláum litum, gulu og rósóttu en það kom þannig til að ég las viðtal við prestinn í Neskirkju þar sem hann sagði frá því að hann vildi fá fleiri liti inn í kirkjuna. Ég tók mig bara til án þess að spyrja nokkurn.“

Herder er fæddur í Svíþjóð árið 1933 en flutti til Íslands tuttugu og fimm ára gamall. Hann lærði fatahönnun hjá Háskóla Stokkhólmsborgar og fyrri hluta í skraddaraiðn hjá Stockholms Tillskärarakademi. Hann hannar og saumar öll munstrin á höklunum. „Ég er sérstaklega ánægður með þrjá hökla sem eru prýddir krosssaumsjafa. Einn er með útsaumi á kraganum og hinir tveir með borða bæði að framan og aftan,“ segir Herder.

Auk Langholtskirkju eru höklar eftir Herder í Seltjarnarneskirkju, Akureyrarkirkju og Landakirkju í Vestmannaeyjum. „Mér finnst mjög gaman að sjá prestana í höklunum. Það er eiginlega bara hátíð í hvert skipti.“



Herder hannar öll munstrin frá grunni. Hann er sérstaklega stoltur af höklum með krossaumsjafa sem hann hefur bæði saumað í renningum og sem herðaskraut.

Herder segir ömmu sína hafa byrjað að kenna sér fyrstu saumsporin þegar hann var fimm ára gamall. „Hún kenndi mér líka að hekla og ég hef heklað og prjónað óskaplega mikið í gegnum tíðina. Þá hef ég litað mikið af garni ásamt því að vefa nytjavörur, myndvefnað og sauma dúka og renninga með harðangri og klaustri.“ Þó að Herder viðurkenni að hann sé ekki hinn dæmigerði karlmaður segir hann marga karla leggja stund á saumaskap. „Þeir eru þó eflaust fáir sem sauma í höndunum.“

Sýningin í Norræna húsinu er að hluta til sölusýning en auk þess verða verk Herders í eigu Landakotskirkju og fleiri safnaða til sýnis. „Ég hef ekki lengur pláss fyrir þetta í skápunum hjá mér og ákvað því að halda sýningu. Það eru fimmtán höklar til sölu og hefur öllum prestum og sóknarnefndarformönnum í Reykjavík og nágrenni verið boðið. Ég vona að þeir taki við sér og ég geti selt einhverja hökla því ég vil helst ekki þurfa að fara með þá heim aftur,“ segir Herder og hlær. Sýningin stendur til 6. febrúar.

*vera@frettabladid.is*


Nú eru allar vörur frá Mini A Ture, Ej Sikke Lej, Danafae, Sunbird & Bifrost á
40% afslætti ef keypt er fyrir 10 þús eða minna
50% afslætti ef keypt er fyrir 10 til 20 þús
60% afslætti ef keypt er fyrir 20 eða meira
MINI A TURE COPENHAGEN
ej sikke lej
sunbird clothes for creative kids
danefæ
BIFROST
Útsöluhorn með 80% afslætti
Rumputuski
Rumputuski Laugavegi 61 - Sími 552 7722
Póstfang: rumputuski@rumputuski.is
Facebook: www.facebook.com/rumputuski.is



# HOLLUSTA


Gæðafiskur er framleiddur með kældri framleiðsluaðferð sem tryggir ferskleika og næringargildi vörunnar. Gæðafiskur inniheldur rífleg fimmfalt meiri næringu en sama þyngd af ferskum ýsuflökum.
Rétt næring eykur andlegan og líkamlegan styrk og stuðlar að betri heilsu.
Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.
Sölustaðir
10-11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja.
GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA







Emil og félagi hans Kristján klipptu meðal annars í heilan dag frá morgni til kvölds til styrktar Krabbameinsfélaginu. MYND/HELLERT

# Bjartsýnir Sjoppustrákar

**Meðan svartnættið einkennir margt á Íslandi vilja Sjoppustrákarnir ekki annað sjá en jákvæðni og bjartsýni. Tónleikar, kaffi og klipping eru á matseðlinum, framreitt með slurk af áhugaverðum samræðum.**

Þegar gengið er inn um dyr Sjoppunnar blasir við sófakrókur þar sem tveir ungir strákar leika sér í Nintendo, menntaskólanemi með úfinn lubba teflir við nýklipptan bankastarfsmann, heldri kona blaðar í ljósmyndabók með kaffibolla í hönd á meðan hárliturinn festir sig í sessi og plötusnúður bograr yfir plötuspilaranum sem hann er að gera tilbúinn fyrir kvöldið. Handan við krókinn eru svo níu stólar og í öllum þeim situr fólk sem komið hefur í Sjoppuna til að fara í klippingu.

Þrátt fyrir allt þetta fólk er andrúmsloftið afslappað og rólegt. „Við viljum að fólk gefi sjálfu sér tíma þegar það kemur til okkar, spjalli og fái sér kaffi og njóti þess að vera hérna,“ segir Emil Ólafsson, annar stofnenda Sjoppunnar. „Fólk vinnur svo mikið að það gleymir af hverju það er að leggja svona mikið á sig. Er það ekki einmitt til að geta gefið sér tíma til að vera góður við sjálfan sig?“

Þetta hugarfar, að fólk geri vel við sig í tíma og samskiptum, endurspeglast í allri umgjörð Sjoppunnar. Umhverfið er stílhreint en um leið heimilislegt og í andstöðu við eril Bankastrætisins sem blasir við út um stóra glugga stofunnar. „Við vildum ekki taka risalán til að fjármagna marmaralagða stofu, enda sögðu margir okkur klikkaða að láta okkur detta í hug að opna stofu í miðri kreppu,“ segir Emil. „Þess vegna reyndum við að gera eins mikið sjálfir og við mögulega gátum auk þess sem við fengum mikla og góða hjálp frá vinum og vandamönnum.“

Þegar Sjoppan var opnuð formlega 20. mars voru hársnyrtarnir tveir. Emil og Kristján Aage. Nú eru þeir orðnir níu. „Þegar við byrjuðum voru ljósakrónurnar ennþá á gólfinu og ýmislegt óklárað en við vildum ólmir byrja, enda fengum við engin laun fyrir smíðavinnuna sem við lögðum í húsið,“ segir Emil og glottir.

Sjoppan hefur ekki bara vakið athygli á faglega sviðinu heldur einnig fyrir hliðarverkefnin á menningarlega planinu. Til dæmis stóðu Sjoppustrákarnir fyrir tónleikum á Menningarnótt beint fyrir utan stofuna á horni Bankastrætis og Skólavörðustígs. Þegar best lét stóðu þar nokkur þúsund mans og hlustuðu á Sykur spila.

„Okkur dreymir um að vera líka einhvers konar menningarmiðstöð,“ segir Emil. „Eins og ég segi snýst þetta allt um að gefa sér tíma á öllum sviðum lífsins. Tíma til að bæði vinna og til að vera góður við sjálfan sig.“ *tryggvi@frettabladid.is*

# Gestum boðið á Háskólatorg

OPIÐ HÚS VERÐUR Á HÁSKÓLATORGI Í DAG ÞAR SEM NEMENDUR Á HEILBRIGÐISSVIÐI HÁSKÓLA ÍSLANDS BJÓÐA GESTUM AÐ KYNNAST ÝMSU ÞVÍ SEM SNÝR AÐ HEILBRIGÐI.

Nemendur á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands bjóða gestum og gangandi í opið hús á Háskólatorgi í dag. Þar gefst fólki kostur á að fræðast um sykurmagn í ýmsum þekktum fæðutegundum, skoða sýni í smásjá, fræðast um starfsemi Ástráðs og margt fleira. Forvarnafélag hjúkrunarfræðinema, Skjöldur, kynnir starfsemi sína en félagið hefur meðal annars farið með forvarnaverkefni um sjálfsmynd unglinga í lífsleikniáfanga í framhaldsskólum.

Bangsaspítalinn verður á staðnum og býður öllum börnum á aldrinum 3-6 ára að koma með dúkkurnar sínar eða bangsana til læknis.

Meistaranemar í lyfjafræði munu flytja stutta fyrirlestra um lyfjamisnotkun og íþróttir og hefst sá hluti dagskrárinnar klukkan 12 og verður í stofu 101. Einnig verður ungmennadeild Blóðgjafafélags Íslands á staðnum og veitir fræðslu um mikilvægi blóðgjafar.



Bangsaspítalinn verður á staðnum og býður börnum á aldrinum 3 til 6 ára að koma með dúkkurnar sínar eða bangsana til læknis.







## Viltu vinna við skjalaþýðingar? 14860-þýðingar á ESB löggjöf RAMMASAMNINGUR

Ríkiskaup, fyrir hönd Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins (ÞM), auglýsir hér með útboð vegna þýðinga á löggjöf ESB. Um er að ræða lagatexta á ýmsum sviðum úr ensku á íslensku.

Stefnt er að því að semja við a.m.k. 25 verksala.

Jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum er boðið að leggja inn tilboð. Gerð er krafa um háskólamenntun og/eða löggildingu í skjalaþýðingum auk þess sem æskilegt er að hafa reynslu af textagerð.
Haldin verða hæfnispróf og verða bjóðendur valdir til þátttöku á grundvelli ferilskrár og tilboðs. Samningar verða gerðir við bjóðendur á grundvelli tilboðs að því tilskyldu að viðkomandi hafi staðist hæfnispróf. Umfang og fjöldi verkefna til einstakra þýðenda ræðst af niðurstöðu gæðamats ÞM.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum sem eru rafræn og aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is eigi síðar en 19. janúar. Opnunartími tilboða er 24. febrúar kl. 11:00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

## Laust starf hjá Hagstofu Íslands

### Forritari

**Hagstofa Íslands leitar að forritara sem hefur þekkingu á hönnun gagnagrunna, gagnagrunnsforritun og gagnavinnslu (ETL). Þekking á forritun í .NET umhverfinu er einnig nauðsynleg. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna í hóp og eigi auðvelt með að starfa með öðrum.**

**Við leggjum áherslu á að viðkomandi ástundi öguð vinnubrögð og hafi lifandi áhuga á að þróa ferla og upplýsingakerfi Hagstofu Íslands.**

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegum greinum er æskilegt.
- Þekking á gagnagrunnsforritun.
- Þekking á .NET forritun.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Borgartúni 21a
150 Reykjavík
Sími 528 1000

Umsóknarfrestur er til og með **31. janúar 2011** og skulu umsóknir berast á eftirfarandi póstfang: *Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík* eða rafrænt á netfangið *starfsumsokn@hagstofa.is*. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Þórðarson í síma 528 1000 eða á netfanginu *olafur.thordarson@hagstofa.is*.

Hagstofa Íslands

# SKJÁREINN AUGLÝSIR EFTIR GÓÐU FÓLKI

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

Við bjóðum fjölbreytt og skemmtileg verkefni hjá fyrirtæki í fremstu röð á sínu sviði.

### KLIPPARI

**Starfssvið:**
Klipping á kynningarefni og auglýsingum ásamt öðru efni.

**Hæfniskröfur:**
· Mikil reynsla af Final Cut Pro. Einnig gott vald á Soundtrack Pro, DVD Studio Pro, Pro Tools og After Effects

· Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
· Reynsla úr sjónvarpi er mikill kostur en þó ekki nauðsynleg

Um tímabundna ráðningu er að ræða til 1. jan. 2012.

### FORRITARI

**Starfssvið:**
Starfið felst í þróun og rekstri á vefumhverfi þeirra vefja sem Skjárinn rekur ásamt þróun á ýmsum stoðkerfum. Flest verkefnin snúa að veflausnum og gagnagrunnsvinnslu.

**Hæfniskröfur:**
Við leitum að sjálfstæðum og öflugum forritara. Einstaklingi sem er annaðhvort með reynslu eða tilbúinn að læra og þróast með starfinu.

· Reynsla af Python og Django er kostur en ekki nauðsyn
· Þekking á SQL og Reporting services er kostur
· Góð þekking á JS, CSS og HTML
· Háskólamenntun er kostur en ekki skilyrði
· Áhugi og vilji til að læra nýja hluti

### SÖLUMAÐUR AUGLÝSINGA

**Starfssvið:**
· Sala auglýsinga, tilboðs- og samningagerð við auglýsendur.

**Hæfniskröfur:**
· Sjálfstæði, skipulögð vinnubrögð, hugmyndaauðgi og áræðni.
· Reynsla og þekking á sölu á fyrirtækjasviði, tilboðs- og samningagerð
· Góð tölvukunnátta, t.d. Excel, Powerpoint, Word og Outlook
· Reynsla af stjórnun funda og kynninga
· Þekking á fjölmiðlaumhverfi er æskileg

Umsjón með ráðningum hefur **Ragna Margrét Norðdahl** hjá Skiptum.
Umsækjendur eru beðnir um að senda umsóknir á **ragnam@skipti.is**
Umsóknarfrestur er til og með **24. janúar nk.**
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Skjárinn sér um rekstur SkjásEins, SkjásBíós, SkjásHeims og SkjásGolfs. SkjárEinn og SkjárGolf eru áskriftarstöðvar, SkjárBíó veitir aðgang að kvikmyndum heima í stofu og SkjárHeimur er endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva.

Capacent Ráðningar

# EFTIRLIT MEÐ VIÐSKIPTABÖNKUM

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

**Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að standa vörð um traust og heilbrigði fjármálamarkaðarins. Í nýrri stefnu FME er áhersla lögð á festu, heiðarleika og eftirfylgni með lögum, fyrirbyggjandi eftirlit, faglega greiningu og gagnsæi á markaði. FME óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling með góða greiningar- og samskiptahæfileika til að sinna starfi sérfræðings í eftirliti með viðskiptabönkum. Viðkomandi þarf að hafa getu til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.**

**Starfssvið**

- Greining, mat og eftirlit með helstu áhættuþáttum
- Ítarleg könnun á viðskiptaáætlunum og eftirlit með rekstri
- Yfirferð gagna og samskipti við helstu stjórnendur
- Vettvangsathuganir og skýrslugerð
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi reynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Rík greiningarhæfni nauðsynleg
- Frumkvæði, metnaður, sveigjanleiki og góð samskiptahæfni
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# FASTEIGNAUMSÝSLA
## REKSTRARSTJÓRI LANDFESTA

LANDFESTAR
FASTEIGNAFÉLAG

Landfestar ehf. eru fasteignafélag sem sérhæfir sig í útleigu á atvinnuhúsnæði. Markmið félagsins er að þróa öflugt fyrirtæki á fasteignamarkaði. Félagið hefur til umráða um sjötíuogfimmþúsund fermetra af góðu húsnæði. Stærsti hluti þess er skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt er að skráningu félagsins í Kauphöll fyrir lok árs 2012.

**Landfestar leita að sölu- og árangursdrifnum starfsmanni til að stýra eignaumsýslu félagsins. Markmið rekstrarstjóra er að hámarka nýtingu á húsnæði, þjónusta og eiga í samskiptum við núverandi viðskiptavini. Rekstarstjóri er yfir Rekstrarsviði félagsins.**

**Helstu starfsþættir**

- Ber ábyrgð á samskiptum við leigutaka, öflun nýrra leigutaka, markaðs- og kynningarstarfi. Kynningar á húsnæði til leigu og samstarf við fasteigna- og leigumiðlara
- Ábyrgð á gerð leigusamninga og umsjón með leigusamningasafni
- Yfirumsjón með viðhaldi fasteigna og gerð viðhaldsáætlana
- Ýmis tengd verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á íslenskum fasteignamarkaði
- Reynsla af sölustörfum og þjónustu við viðskiptavini
- Reynsla af samningagerð
- Almenn þekking á viðhaldi og framkvæmdum við fasteignir
- Góð almenn samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórn og eftirlit með veiðum fiskistofna í sjó og fersku vatni. Hlutverk upplýsingasviðs Fiskistofu er söfnun og úrvinnsla ýmissa upplýsinga frá útgerðum, höfnum, fiskvinnslum o.fl. Gæðaprófun gagna og samanburður á þeim fer þar fram. Upplýsingasvið sér um vinnslu og miðlun ýmiss efnis hvort sem er til útgáfu, á vef, vegna fyrirspurna eða til annarra starfsmanna stofnunarinnar og í nánu samstarfi við tölvusvið Fiskistofu við framþróun í rafrænni stjórnsýslu og rafrænni þjónustu.

# Staða sérfræðings á upplýsingasviði Fiskistofu

Laus er til umsóknar staða sérfræðings á upplýsingasviði Fiskistofu á aðalskrifstofunni að Dalshrauni 1 í Hafnarfirði.
Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**

- Úrvinnsla fyrirspurna og skýrslna úr gögnum Fiskistofu fyrir ráðuneyti, hagsmunaaðila, aðra utanaðkomandi aðila sem og stjórnendur Fiskistofu. Verkefnið krefst samskipta við innlenda og erlenda viðskiptavini Fiskistofu.
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu Fiskistofu og greiningu og skipulagningu verkferla.
- Efnisvinnsla, innsetning efnis og þátttaka í þróun á vef Fiskistofu.
- Þátttaka í mótun, vinnslu og flutningi kynningar- og útgáfuefnis Fiskistofu.
- Þátttaka í verkefnavinnu tengdri þróun Fiskistofu í rafrænni og gagnsærri stjórnsýslu og aukinni rafrænni þjónustu.

**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er kostur.
- Góð kunnátta og hæfni til að sækja og vinna upplýsingar úr vensluðum gagnagrunnum. Reynsla af vinnu með Oracle Discoverer er kostur.
- Framúrskarandi talnalæsi. Mikil hæfni til greiningar og úrvinnslu talnaefnis.
- Gott vald á íslensku og ensku og mikil færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sveigjanleiki ásamt lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Mikill kostur er að umsækjendur hafi þekkingu á málefnum sjávarútvegs og/eða fiskveiðistjórnunar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Sigurrós Valgeirsdóttir forstöðumaður upplýsingasviðs og Inga Þóra Þórisdóttir forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs í síma 569-7900.

Umsóknir er hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfjörður merktar „Sérfræðingur á upplýsingasvið".

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2011.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7.gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Capacent Ráðningar

# ER KOMINN TÍMI Á BREYTINGAR?

**INNKAUPASTJÓRI FERSKVÖRU**
Öflugt verslunar- og þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða innkaupastjóra. Viðkomandi ber ábyrgð á innkaupum, verðlagningu, vöruvali og markaðsmálum. Innkaupastjóri sér um stýringu vöruflæðis, samskipti við birgja ásamt því að sinna framlegðargreiningu, birgðagreiningum og markaðsherferðum. Leitað er að aðila með háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða með reynslu af sambærilegu starfi. Skipulagshæfileikar og álagsþol ásamt góðri samskiptahæfni eru nauðsynlegir eiginleikar.
Starf nr. 101216-01.

**VILTU VERÐA RÁÐGJAFI HJÁ CAPACENT?**
Capacent óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa. Viðkomandi mun fá tækifæri til að þróast yfir í að verða ráðgjafi á sviði stjórnunar og mannauðsmála. Umsækjandi um starfið verður að búa yfir metnaði, samskiptahæfni og drifkrafti, geta unnið sjálfstætt að flóknum verkefnum og lagað sig að ólíkum aðstæðum og áskorunum. Háskólamenntun á sviði sálfræði, viðskipta eða félagsvísinda er nauðsynleg. Viðkomandi verður að vera góður í Excel og PowerPoint og hafa gott vald á íslensku og ensku. Lykileiginleikar eru skipulagshæfni, þjónustulund og sjálfstæði í starfi. Capacent vinnur með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins í fjölbreyttum verkefnum. Markmið Capacent er að vera fyrsti valkostur fyrir kröfuharða viðskiptavini og metnaðarfullt starfsfólk. Starf nr. 110111-03.

**RÁÐGJAFI Á SVIÐI MATVÆLAIÐNAÐAR**
Spennandi ráðgjafafyrirtæki á sviði matvælaiðnaðar og gæðakerfa óskar eftir að ráða ráðgjafa til starfa. Starfið felst meðal annars í ráðgjöf og þjónustu varðandi gæðakerfi fyrir matvælaiðnaðinn, innleiðingu gæðakerfa, samstarfi við stjórnendur um gæðamál og þátttaka í þjálfun og fræðslu starfsmanna. Góð enskukunnátta er skilyrði. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði matvælafræði, sjávarútvegsfræði eða verkfræði (B.Sc, M.Sc. eða Ph.D.). Þekking og reynsla af ofangreindum verkefnum er kostur. Þekking á matvælaiðnaðinum og tengsl þar inn er mikill kostur. Lykileiginleikar ráðgjafa er að geta sýnt frumkvæði og starfað sjálfstætt, einnig að geta skipulagt og haldið utan um mörg verkefni á sama tíma. Viðkomandi verður að hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum. Starf nr. 100830-03.

**VERSLUNARSTJÓRI**
Öflug verslun á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að að ráða verslunarstjóra til starfa sem fyrst. Leitað er að jákvæðum og drífandi aðila með mikla stjórnunar- og söluhæfileika. Verkefni viðkomandi eru dagleg stjórnun verslunar, starfsmannastjórnun sem og ábyrgð og umsjón á vöruframboði og framsetningu vöru í verslun. Gerð er krafa um reynslu af verslunarstjórnun eða mannahaldi. Menntun á sviði viðskipta eða verslunarreksturs mikill kostur. Viðkomandi verður að hafa góða íslensku-, ensku- og tölvukunnáttu sem og getu til að tjá sig í ræðu og riti. Metnaður, leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum eru lykileiginleikar. Starf nr. 110105-07.

**BÓKARI – 50% STARF**
Fyrirtæki á sviði verklegra framkvæmda óskar eftir að ráða bókara til starfa, um 50% starf er að ræða. Starfið er nýtt vegna aukinna verkefna. Verk- og ábyrgðarsvið viðkomandi er skráning í lánadrottnakerfi og innsláttur fjárhagsbókhalds, umsjón með viðskiptamannabókhaldi, útskrift reikninga sem og ýmsir útreikningar í Excel. Gerð er krafa um reynslu af vinnu við reikningshald, sem og góða tölvu- og Excelkunnáttu. Viðkomandi verður að hafa mikið sjálfstæði og skipulagsgetu, sýna nákvæmni í vinnubrögðum og hafa ánægju af samskiptum og þjónustu. Starf nr. 101220-01.

**LÖGFRÆÐINGUR**
Fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða einstakling með embættispróf eða masterspróf í lögfræði. Kostur ef viðkomandi hefur hdl. réttindi. Helstu verkefni eru samningagerð, uppgjör samninga, málflutningur og almenn lögfræðiráðgjöf. Æskilegt er að viðkomandi hafi nokkurra ára starfsreynslu, haldgóða þekkingu á löggjöf varðandi fjármálamarkað og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Reynsla af störfum innan fjármálageirans kostur. Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum ásamt góðum samskiptahæfileikum eru æskilegir eiginleikar. Starf nr. 110114-01.

**MARKAÐSFULLTRÚI**
Traust innflutningsfyrirtæki óskar eftir ráða drífandi og dugmikinn starfsmann í starf markaðsfulltrúa. Markaðsfulltrúi mun sinna gerð og eftirfylgni markaðsáætlana, samskiptum við erlenda birgja, samskiptum við auglýsingastofu og miðla, uppsetningu á markaðs-, sölu- og kynningarefni sem og skýrslugerð, markaðsrannsóknum og viðskiptavinagreiningum. Gerð er krafa um menntun í markaðs- eða viðskiptafræðum. Reynsla af markaðsstarfi mikill kostur. Kunnátta í Photoshop, Illustrator eða sambærilegt mikill kostur. Markaðsfulltrúi verður að búa yfir frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum sem og mikilli hæfni í mannlegum samskiptum.
Starf nr. 110112-01.

**HUGBÚNAÐARSALA**
Fyrirtæki á sviði upplýsingatækni óskar eftir að ráða öflugan aðila til starfa sem hluta af sterkum söluhópi. Viðskiptavinir eru fyrst og fremst í smásölu, heildsölu, framleiðslu og dreifingu. Um sölu á eigin hugbúnaði er að ræða. Starfssvið viðkomandi er sala, ráðgjöf og þjónusta til fyrirtækja, heimsóknir til viðskiptavina, kynningar á hugbúnaðnum, öflun verkefna sem og samninga- og tilboðsgerð. Tölvu-, tækni- eða markaðsmenntun kostur. Reynsla og mikill áhugi á sölumennsku sem og reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði. Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur. Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði. Viðkomandi verður að búa yfir sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagsgetu og góðri samskiptahæfni, bæði við viðskiptavini og samstarfsmenn. Starf nr. 101124-02.

**SÉRFRÆÐINGUR Í SÖLU- OG FLUTNINGADEILD**
Traust fyrirtæki með starfsemi á Íslandi og erlendis óskar eftir að ráða starfsmann í sölu- og flutningadeild. Næsti yfirmaður er sölustjóri. Um spennandi og krefjandi starf er að ræða fyrir réttan einstakling. Verkefni viðkomandi snúa að samskiptum við flutningaskip og kaupendur, frágangi á pappírum tengdum sölum á afurðum og flutningum og utanumhald um rekstur leigðra flutningaskipa. Háskólamenntun á sviði viðskipta er mikill kostur sem og reynsla af vinnu við útflutning. Góð enskukunnátta er skilyrði, talað og skrifað mál. Góð kunnátta á Excel og Word er skilyrði. Greiningargeta, skipulagni í vinnubrögðum og nákvæmni eru mikilvægir kostir.
Starf nr. 100929-02.

**RÁÐGJAFI – INNKAUP/RAFMAGNAVERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR**
Þjónustu- og tæknifyrirtæki leitar að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingi til að sinna tæknilegri sölu og ráðgjöf, innkaupum, samskiptum við birgja og viðskiptavini auk fleiri krefjandi verkefna. Ferðalög fylgja starfinu. Leitað er að söludrifnum einstaklingi með frumkvæði, sem býr yfir leiðtoga- og samstarfshæfni. Staðgóð raftæknimenntun á sterkstraumssviði, t.d. verk- eða tæknifræði eða rafiðnfræði. Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, lesskilningur í Norðurlandamáli nauðsynlegur. Starf nr. 110103-01.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Vínbúðin Hveragerði

# Aðstoðarverslunarstjóri

Laus er til umsóknar staða aðstoðarverslunarstjóra hjá ÁTVR í Vínbúðinni í Hveragerði

**Starfssvið:**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Fylgja eftir gæða- og þjónustustefnu fyrirtækisins

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verslunarstjórn æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta æskileg

Gildi ÁTVR eru **LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ.** Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Fyrirtækið vill búa starfsfólki sínu skapandi og lifandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laða til sín hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

# Work in Norway?

## Manpower Norway is visiting Reykjavik soon to recruit. We invite you to come meet us!



**Would you be interested in working in Norway for shorter or longer period of time? We would like to get in touch with educated Nurses to recruit for the positions of Nurses, Specialty Nurses and Midwives. Information meetings will be held for 2 days.**

**Location:** Grand Hotel Reykjavik, Sigtùn 8, 105 Reykjavik
**Dates:** Monday January 24th at 16.00 – 19.00
Tuesday January 25th at 11.00 – 16.00

Please come prepared with your CV and copy of certifications.
If you have questions or would like to schedule your job interview during one of these days, please contact Malin Andersson:
0047 971 23 268 – malin.andersson@manpower.no

**For more information:**
www.manpower.no/helse

Manpower®

# ÖRYGGISGÆSLA Í SMÁRALIND

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaups.***

- Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaups víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.
- Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir.
- Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti (benedikt@hagar.is) fyrir 22. janúar.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Nefnd um aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna

## Auglýsing

Frestur til að sækja um áður auglýsta 50% stöðu sálfræðings við sálfræðiþjónustu geðsviðs Landspítala til að sinna þjónustu við langveik börn og aðstandendur þeirra á Barnaspítala Hringsins, hefur verið framlengdur til 25. janúar 2011.

Leitað er að metnaðarfullum sálfræðingi með góða samskiptahæfni og getu til að takast á við krefjandi, fjölbreytt og áhugavert verkefni. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára.

**Hlutverk og ábyrgð**
- Skipuleggja og veita sálfræðiþjónustu og meðferð til langveikra barna og aðstandenda þeirra.

**Menntunar-, reynslu- og hæfniskröfur**
- Embættispróf í sálfræði.
- Að minnsta kosti fimm ára starfsreynsla.
- Mjög góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og seigla.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Reynsla og þekking af málefnum langveikra barna og fjölskyldna þeirra er kostur.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi/stofnanasamningi Landspítala og Sálfræðingafélags Íslands. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna.

Nánari upplýsingar veitir Páll Magnússon, sálfræðingur á BUGL, netfang: pama@landspitali.is, sími: 543 4300.

Umsókn ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf og annað er máli skiptir skal berast til velferðarráðuneytisins á netfangið postur@vel.is eigi síðar en 25 . janúar 2011.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknin gildir í sex mánuði.

*Velferðarráðuneytinu,*
*10. janúar 2011.*

# Störf við Rannsóknasetur í kerfislíffræði

**Rannsóknasetur í kerfislíffræði við Háskóla Íslands** vill ráða sem fyrst áhugasama nýdoktora, doktorsnema og rannsóknarfólk til starfa á sviði lífupplýsingatækni, reiknilegrar líffræði, lífefnafræði, frumulíffræði og sérhæfðrar vinnu við frumuræktanir.

Rannsóknasetur í kerfislíffræði er þverfræðilegt samstarf milli Heilbrigðisvísinda- og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Kerfislíffræði (systems biology) er nýtt og ört vaxandi fræðasvið sem felur í sér kerfisbundnar rannsóknir á flóknum líffræðilegum ferlum, oftast með því að tengja saman ólíkar upplýsingar með notkun stærðfræðilíkana. Kerfislíffræði tengir saman rannsóknir í verkfræði, læknisfræði og náttúruvísindum.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Brynjólfsson prófessor, **sb@hi.is,** 525 4641.

Upplýsingar um störfin eru einnig á vefsvæði Rannsóknaseturs í kerfislíffræði, systemsbiology.hi.is.

**Umsóknum skal skila á veffangið: starfsumsoknir@hi.is, fyrir 24. janúar.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

mast Matvælastofnun

# Eftirlitsmenn með framleiðendum sjávarafurða

Matvælastofnun óskar eftir að ráða tvo starfsmenn í fullt starf við eftirlit með framleiðslu sjávarafurða. Starfsstöð þessara starfsmanna verður á Sauðárkróki.
Starfsmennirnir munu heyra undir skrifstofu matvælaöryggis og neytendamála sem að öðru leyti hefur aðsetur í aðalskrifstofu MAST á Selfossi.
Matvælastofnun mun frá 1. mars 2011 taka yfir allt eftirlit með framleiðendum sjávarafurða sem að hluta til hefur verið í höndum faggiltra skoðunarstofa. Starfið mun útheimta umtalsverð ferðalög innanlands.

**Helstu verkefni:**
- Skoðanir hjá leyfishöfum, þ.e. landvinnslum, vinnslu-, frystiog öðrum fiskiskipum
- Úttektir á innra eftirliti (HACCP) hjá leyfishöfum
- Eftirlit með löndunaraðstöðu og aflameðferð
- Þátttaka í úttektum vegna leyfisumsókna
- Þátttaka í aðgerðum vegna samræmingar eftirlits
- Samskipti við leyfishafa
- Skýrslugerð og frágangur gagna í gagnagrunn
- Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla á sviði eftirlits með framleiðslu sjávarafurða byggt á HACCP aðferðafræðinni
- Þekking á lögum og gerðum EES um matvæli og fóður er kostur
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður Örn Hansson (sigurdur.hansson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Eftirlitsmaður–Sauðárkrókur" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 26. janúar 2011. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er hægt að nálgast á vefsíðu hennar, **www.mast.is**.

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

# TEYMI VERKEFNASTJÓRA OG SÉRFRÆÐINGA

ÖSSUR
*Life Without Limitations®*



Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins?

Össur leitar að metnaðargjörnum og skipulögðum einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu nýs sérfræðiteymis. Teymið mun vinna að samræmingu á ferlum innan allra dótturfélaga Össurar. Um er að ræða krefjandi verkefni unnin í nánu samstarfi við starfsmenn annarra sviða og starfsstöðva víða um heim.

**STARFSSVIÐ**
- Verkefnastjórnun
- Umsjón með hópavinnu
- Ferlagreining
- Val á hugbúnaðarlausnum
- Umsjón með innleiðingu á samræmdum ferlum í viðskiptahugbúnaði í samstarfi við upplýsingatæknisvið

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólapróf
- Amk 5 ára starfsreynsla
- Þekking á Microsoft Dynamics Nav eða öðrum ERP kerfum
- Reynsla af gerð flæðirita og ferlagreiningum mikill kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Leiðtogahæfileikar
- Mjög góð enskukunnátta

Umsókn skal berast í gegnum www.ossur.is fyrir 25.janúar 2011. Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1800 manns í 15 löndum. Gildi fyrirtækisins eru Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

Össur hf. | Grjóthálsi 5 | 110 Reykjavík | 515 1300 | www.ossur.com

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
*Icelandic Civil Aviation Administration*

Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun með u.þ.b. 40 starfsmenn. Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með stjórnsýslu á sviði flugmála innanlands og á alþjóðavettvangi, hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innanlands og utan. Flugmálastjórn leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.

# Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í þjálfunar- og skírteinadeild

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf hjá Flugmálastjórn þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín.

**Starfssvið**
Sérfræðingurinn er staðgengill deildarstjóra. Í starfinu felst m.a. að leiðbeina, tryggja og hafa eftirlit með að umsækjendur um skírteini og þjálfunar- og kennsluleyfi uppfylli gildandi reglugerðarkröfur. Viðkomandi ber ábyrgð á gerð og hefur umsjón með framkvæmd prófa sem stofnunin sér um.

Við leitum að starfsmanni með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Hann þarf að sýna af sér frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi. Launakjör taka mið af viðeigandi kjarasamningum opinberra starfsmanna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. í lögfræði, eða veruleg reynsla af þjálfun einstaklinga í flugi er skilyrði.
- Áhugi á flugmálum er nauðsynlegur og æskilegt er að viðkomandi hafi einnig flugtengda menntun.
- Hæfileiki til að túlka, útskýra og setja fram með skýrum hætti reglugerðarkröfur.
- Áhugi á og hæfileiki til að tileinka sér kröfur um gæðaog öryggisstjórnunarkerfi.
- Góð tölvuþekking og skipulagshæfileikar.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku.



**Nánari upplýsingar veita:**
Elísabet Sverrisdóttir,
elisabet@hagvangur.is
Rannveig Jóna Haraldsdóttir,
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í allt að sex mánuði. Flugmálastjórn áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

VINNUMÁLASTOFNUN HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

# Störf í Evrópu

www.eures.is

EURES – EURopean Employment Services

www.eures.is

**EIR Development Partners** is currently looking for two communication and public relations experts for an EU-funded project which aims to improve public knowledge and understanding of the European Union in Iceland.

**Experience & skills required:**

- Minimum 3 years relevant communication experience, at least 2 similar projects over the last 5 years
- Experience in organising public events
- Good knowledge of EU integration processes, particularly in relation to Iceland

Complete profiles of the expert requirements can be found on **www.eir.gr.**

Interested candidates are invited to send their CVs to hr@eir.gr by latest **Friday, 21st January 2011**, noting reference "**ISCA**".
Only shortlisted candidates will be contacted.

# Kerfisfræðingur

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*

*Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.*

**Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða kerfisfræðing til starfa. Viðkomandi mun starfa á upplýsinga- og tæknisviði og aðstoða kerfisstjóra sjóðsins í fjölbreyttum verkefnum.**

## Starfssvið

- Notendaþjónusta og kerfisumsjón
- Uppsetning og þjónusta á vélbúnaði
- Sjá um viðhald, rekstur og eftirlit með tölvutengingum ÍLS
- Samskipti við birgja og þjónustuaðila
- Umsjón og rekstur á Windows netþjónum

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Kerfisfræðingur eða önnur tölvumenntun
- Góð kunnátta á IIS, Active Directory og Exchange server
- Þekking á Cisco og VMware er kostur
- Góð þekking á Microsoft Office og öðrum hugbúnaði frá Microsoft
- Microsoft gráður eru kostur

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent ráðninga www.talent.is. Upplýsingar um starfið veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent ráðningum í síma 552 1600, lind@talent.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2011.**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR**

# LAUSAR STÖÐUR Í LEIKSKÓLANUM ÁLFASTEINI

**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun óskast nú þegar
Matreiðslumeistari / matráður

Allar upplýsingar um störfin gefur leikskólastjóri viðkomandi skóla.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Yfirlæknir ofnæmislækninga

Laust er til umsóknar starf yfirlæknis ofnæmislækninga á lyflækningasviði. Áhersla er lögð á frekari uppbyggingu og þróun ofnæmislækninga og ónæmislækninga við sjúkrahúsið. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. mars 2011 til 5 ára, sbr. 2.ml., 5.mgr., 9.gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

### Stjórnendur á Landspítala bera þríþætta ábyrgð

» Faglega ábyrgð
» Fjárhagslega ábyrgð
» Starfsmannaábyrgð

### Hæfnikröfur

» Sérfræðiviðurkenning í lyflækningum með ofnæmislækningar sem undirgrein
» Þekking og reynsla í ónæmislækningum mikilvæg
» Reynsla af kennslu- og vísindastörfum mikilvæg
» Leiðtogahæfileikar
» Góð samskiptahæfni
» Stjórnunarreynsla

### Nánari upplýsingar um starfið

» Umsóknarfrestur er til og með 31.01.2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
» Upplýsingar veitir Vilhelmína Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs, netfang vilhehar@landspitali.is, sími 543 1000.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til Vilhelmínu Haraldsdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH E7 Fossvogi.
» Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt afriti af helstu ritsmíðum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.
» Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mati stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.
» Starfið er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# HAGFRÆÐINGUR Í HAGDEILD ASÍ

## ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS LEITAR AÐ METNAÐARFULLUM HAGFRÆÐINGI Í HAGDEILD ASÍ

Hagdeildin fæst m.a. við rannsóknir og ráðgjöf á sviði kjara- og efnahagsmála auk ýmissa úttekta og tillögugerðar vegna vinnu samtakanna að velferðar-, skatta-, verðlags- og atvinnumálum. ASÍ leggur áherslu á að umsækjandi hafi faglegan metnað, sýni frumkvæði og geti starfað sjálfstætt en eigi jafnframt auðvelt með að vinna í teymi. Hann sé fær í mannlegum samskiptum og eigi auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í hagfræði og/eða viðskiptafræði. Þekking á þjóðhagfræði og þjóðhagslíkanagerð er æskileg og framhaldsmenntun er kostur. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist ASÍ, Sætúni 1, 105 Reykjavík, merkt „hagfræðingur" fyrir **28. janúar 2011**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Unnið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
**Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafur Darri Andrason á oda@asi.is og Eyrún Björk Valsdóttir á eyrun@asi.is**

ASÍ
Alþýðusamband Íslands

Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks á landinu. Um tveir þriðju hlutar launamanna í skipulögðum samtökum á Íslandi eru í ASÍ. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um réttindi þeirra.

## AMMA ÓSKAST

Fjölskylda í 104 óskar eftir traustri og barngóðri konu til að aðstoða við heimilisstörf og barnapössun. Þarf að hafa bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á abp@simnet.is
Nánari upplýsingar veittar í síma 896 5960.

## Kaffihús í Salahverfi

**Mömmukaffi** óskar eftir öflugum starfskrafti með mikla þjónustulund í 80–100% starf. Starfið felur í sér allt sem gera þarf á kaffihúsi s.s. afgreiða, þjóna og þrífa.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu eða menntun sem hentar og sé umfram allt tilbúinn að ganga í öll störf á litlum vinnustað. Vinnutíminn er 10–19 þrjá/fjóra daga vikunnar og þar af er unnið aðra hverja helgi.

Sendið umsóknir á mommukaffi@gmail.com

**Mömmukaffi**
Búðakór 1 – við hliðina á Samkaup
Opið alla daga 10-18

## STARFSFÓLK Í GARÐABÆ

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

***Hagkaup óskar eftir að ráða starfsfólk.***
***Um er að ræða 100% störf í matvörudeild Hagkaups í Garðabæ.***
***Í boði eru skemmtileg og fjölbreytt störf í grænmetisdeild, mjólkurtorgi og áfyllingu.***

- Við leitum að fólki til starfa sem hefur áhuga á að vaxa og dafna með okkur.
- Hagkaup leggur mikla áherslu á þjónustulund, áreiðanleika og frumkvæði.
- Æskilegt er að umsækjandi sé reyklaus og hafi gott vald á íslensku.

Allar nánari upplýsingar veitir Trausti Reynisson verslunarstjóri á staðnum eða í síma 563 5000. Áhugasamir geta einnig sent póst á trausti@hagkaup.is

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Við leitum að hug- og verkviti

### Þjónustumaður

Starfið felur í sér þjónustu á hug- og vélbúnaði við viðskiptavini Marel.

**Starfssvið:**
- Hámörkun afkasta kerfislausna
- Bilanagreiningar
- Aðstoð við þjónustumenn í dótturfyrirtækjum
- Námskeiðahald
- Gerð þjónustuleiðbeininga

**Hæfniskröfur:**
- Kerfisfræðingur með rafmagnsþekkingu, rafvirki eða rafeindavirki
- Reynsla af sjálfvirkum kerfum
- Innsýn í framleiðsluferla er kostur, sem og reynsla úr matvælaiðnaði
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð

Mögulegt er að starfsmaðurinn geti verið búsettur utan höfuðborgarsvæðisins.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk. Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Valdimar Gestsson, valdimar.gestsson@marel.com, í síma 563 8000.

### Starfsmaður í flutningadeild

Starfið felur í sér almenna umsjón með daglegum flutningamálum fyrirtækisins.

**Starfssvið:**
- Umsjón með skipa-,hrað-, og flugsendingum
- Reikninga og tollskýrslugerð
- Erlend samskipti

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af inn- og útflutningsmálum er skilyrði
- Reynsla af Axapta eða sambærilegum kerfum er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í samskiptum
- Góð enskukunnátta er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk. Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Berg Theodórsdóttir, margret.theodorsdottir@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




**marel**

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Bókavörður við Íslandssafn | Lbs. Íslands - Háskólabókasafn | Reykjavík | 201101/034 |
| Sálfræðingur | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201012/057 |
| Sérfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201101/033 |
| Verkefnisstjóri | Háskóli Íslands, kennslusvið | Reykjavík | 201101/032 |
| Forstöðumaður | Háskóli Íslands, skjalasafn | Reykjavík | 201101/031 |
| Eftirlitsdýralæknir | Matvælastofnun | Suðurland | 201101/030 |
| Sérfræðingur | Fiskistofa | Hafnarfjörður | 201101/029 |
| Sérfræðingur | Flugmálastjórn Íslands | Reykjavík | 201101/028 |
| Aðstoðarverslunarstjóri | ÁTVR | Hveragerði | 201101/027 |
| Ræsting | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201101/026 |
| Forritari | Hagstofan | Reykjavík | 201101/025 |
| Starfsmaður í mötuneyti | Ríkisskattstjóri | Reykjavík | 201101/024 |
| Fangaverðir | Fangelsismálastofnun ríkisins | Grundarfjörður | 201101/023 |
| Læknir í starfsnámi við augnlækn. | LSH, skurðlækningasvið | Reykjavík | 201101/022 |
| Yfirlæknir ofnæmislækninga | LSH, lyflækningasvið | Reykjavík | 201101/021 |
| Læknar í starfsnámi | LSH, geðsvið | Reykjavík | 201101/020 |
| Geislafræðingur | LSH, geislameðf. krabbameina | Reykjavík | 201101/019 |
| Læknir í starfsnámi við augnlækn. | LSH, augnlækningar | Reykjavík | 201101/018 |
| Rannsóknamaður | Hafrannsóknastofnunin | Reykjavík | 201101/017 |
| Verkefnisstjóri | Verkefnisstjórn um einelti | Reykjavík | 201101/016 |
| Ræstingastjóri | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201101/015 |
| Forstöðumaður | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201101/014 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Starfsmaður óskast

## Framsækin tískuvöruverslun sem selur kvenfatnað í Reykjavík óskar að ráða til sín starfskraft sem fyrst

Starfið felur m.a í sér almennan rekstur verslunar, afgreiðsla í verslun, umsjón með framstillingu á vörum, verðmerkingar, umsjón með hreinlæti í verslun og vaktaskipulag.

Verslunin er ört vaxandi og leitar því að starfsmanni sem sýnir frumkvæði, vinnusemi, ábyrgð og reglusemi, jákvæðni, skipulagningu, heiðarleika, eigi gott með að sýna gott fordæmi og hefur jafnframt mikinn áhuga á tísku.

Reynsla æskileg. Viðkomandi þarf að vera eldri en 25 ára. Verslunin er opin frá 11.00 til 19.00 alla virka daga og á laugardögum frá 12.00 til 17.00.

Áhugasamir sendi umsókn/ ferilskrá með mynd á prada@simnet.is fyrir 20. jan 2011.

Icelandic Meteorological Office

**Veðurstofa Íslands**

Í janúar 2009 var stofnuð ný Veðurstofa Íslands með sameiningu eldri Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga. Þar starfa rúmlega 250 manns víðsvegar um landið. Auk þess að taka yfir verkefni eldri stofnana hefur Veðurstofa Íslands umfangsmeira hlutverk í vöktun og rannsóknum en forverar hennar, m.a. tengdum náttúruvá, loftslags- og vatnafarsrannsóknum.

# Veðurratsjár-sérfræðingur

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða starfsmann í starf á Eftirlits- og spásviði Veðurstofu Íslands.

Starfssvið
- Mótun áætlana um vöktun eldfjalla með veðursjám m.t.t. eldgosaösku í lofthjúpi jarðar.
- Þátttaka í þróun hugbúnaðarlausna til að greina ösku, kornastærð og óróa í gosmekki.
- Þátttaka í rannsóknarverkefnum og þróun á sviði eftirlits með eldgosaösku.
- Kynningarstarf innanlands og erlendis á niðurstöðum eftirlits og rannsókna.

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólapróf á sviði raunvísinda eða verkfræði.
- Framhaldsmenntun á sviði raunvísinda eða verkfræði æskileg.
- Farsæl reynsla sem nýtist í starfi.
- Greiningarhæfni og hæfni til að miðla upplýsingum.
- Skipulagshæfni og nákvæmni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Góð enskukunnátta.

Á Eftirlits- og spásviði starfa u.þ.b. 35 starfsmenn. Um er að ræða ný og spennandi störf hjá stofnuninni sem krefjast verulegrar samvinnu við innlenda og erlenda samstarfsaðila.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

# Veðurfræðingur

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða starfsmann í starf á Eftirlits- og spásviði Veðurstofu Íslands.

Starfssvið
- Leiðandi hlutverk í eftirliti með eldgosmekki.
- Leiða samskipti við alþjóðlegar ráðgjafarmiðstöðvar um gjóskudreifingu (Volcanic Ash Advisory Centres, VAACs).
- Eftirlit og og viðvaranir vegna öskudreifingar og öskufoks.
- Þróun aðferða til að skila bættum upplýsingum fyrir gjóskudreifingarlíkön.
- Líkanaþróun og uppbygging þekkingar um lofthjúpinn og samverkun lofthjúps og gosmakkar.

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólapróf á sviði veðurfræði eða sambærileg menntun.
- Framhaldsmenntun í veðurfræði eða tengdum greinum nauðsynleg.
- Greiningarhæfni og hæfni til að miðla upplýsingum.
- Skipulagshæfni og nákvæmni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Góð enskukunnátta.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Theodór Freyr Hervarsson
framvæmdastjóri
Eftirlits- og spásvið
teddi@vedur.is

Borgar Ævar Axelsson
mannauðsstjóri
borgar@vedur.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2011

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is, merkt viðeigandi starfi.

www.vedur.is 522 60 00

## ATVINNA
## Starfsmaður hjá Bláskógaveitu

Laust er til umsóknar starf hjá Bláskógaveitu, Bláskógabyggð. Um er að ræða hlutastarf (um 60%) og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Bláskógaveita er staðsett í sveitarfélaginu Bláskógabyggð, sem jafnframt er eigandi veitunnar. Bláskógabyggð er staðsett í uppsveitum Árnessýslu og nær yfir Biskupstungur, Laugardal og Þingvallasveit.

**Starfslýsing:**
- Vinna við almennan rekstur Bláskógaveitu undir verkstjórn veitustjóra og veitustjórn
- Vinna við viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir veitumannvirkja
- Aðstoð við gerð verk- og kostnaðaráætlana vegna viðhaldsverkefna og nýframkvæmda
- Aðstoð við gerð útboðsgagna vegna viðhaldsverkefna og nýframkvæmda
- Gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana í samstarfi við veitustjóra og veitustjórn
- Sjá um uppsetningu og viðhald á viðhaldsbókhaldi veitunnar
- Daglegt samskipti við viðskiptavini og starfsmenn sveitarfélags
- Sjá um aflestur á mælum hitaveitu í samráði við veitustjóra
- Önnur verkefni sem starfsmanni er falið af veitustjórn eða veitustjóra.

**Kröfur til menntunar og reynslu:**
- Iðnaðarmenntun og/eða tæknimenntun er æskileg
- Reynsla og/ eða innsýn í stjórnsýslu sveitarfélaga er æskileg
- Reynsla í stjórnun og mannaforráðum er æskileg

**Kröfur til persónulegra þátta:**
- Reynsla við tölvuvinnslu, s.s. við almennan notendahugbúnað, bókhaldskerfi og veitukerfi, er æskileg
- Nákvæmni og skilvirkni í starfi
- Samskiptahæfni

**Kröfur er varða reynslu við sambærileg verkefni og sem starfið felur í sér:**
- Starfsreynsla við verklegar framkvæmdir

- Reynsla við gerð verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlana
- Reynsla í mannlegum samskiptum þar sem áhersla er lögð á góða þjónustu

Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Skriflegar umsóknir sendist skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, 801 Selfoss, **fyrir 28. janúar 2011.**

Nánari upplýsingar veitir Benedikt Skúlason, veitustjóri Bláskógaveitu, í síma 893-3661 eða Jóhannes Sveinbjörnsson formaður veitustjórnar í síma 862-4503.
Bláskógabyggð, Aratungu, 801 Selfoss.
Heimasíða: www.blaskogabyggd.is
Tölvupóstur: blaskogabyggd@blaskogabyggd.is



## Leitum að barngóðri og hlýlegri konu

Foreldrar 10 mánaða tvíbura í Hvörfunum í Kópavogi leita eftir manneskju til að hugsa um ungana sína.
Umönnunartími er frá kl. 8:30 -16:30 alla virka daga frá og með 15. febrúar næstkomandi.
Fín laun eru í boði fyrir réttu manneskjuna.
Vinsamlegast sendið ferilskrá með mynd á netfangið ellivarda@gmail.com
Umsóknarfrestur er til 24.janúar.

## Ökuleiðsögumaður óskast

Fyrirtæki í ferðaþjónustu leitar að nýjum liðsmanni í fullt starf. Starfið mun að miklu felast í leiðsögn ferðamanna á fjórhjóli en einnig alls kyns öðrum verkefnum.

Skilyrði er að viðkomandi hafi gott vald á bæði íslensku og ensku í skrifuðu og töluðu máli, sé sveigjanlegur, jákvæður og opinn, eigi auðvelt með að vinna með fólki, taka frumkvæði og hugsa út fyrir kassann.

Reynsla af skrifstofustörfum, leiðsögumannastörfum eða þekking á landinu er kostur, einnig reynsla af útivist og frekari tungumálakunnátta.

Áhugi á farartækjum skilyrði og viðgerðakunnátta æskileg. Meirapróf eða leigubílapróf er skilyrði.

Umsóknir sendist á atvinna11@gmail.com fyrir 28. janúar.

## Net-sérfræðingur

Fyrirtæki í upplýsingatækni leitar að úrræðagóðum net-sérfræðingi.

**Helstu kröfur:**
- Hafa eins góða kosti í mannlegum samskiptum og mögulegt er.
- Geta unnið sjálfstætt og undir álagi þegar það á við.
- Þekkingu á netumhverfi og Microsoft Windowsumhverfi.
- Áhugi og þekking á IP net- og símakerfum er kostur.
- Ekki verra að gráður í faginu frá Microsoft, Cisco eða sambærilegum aðilum.
- Rík þjónustulund og metnaður eru lykilatriði, en miklir möguleikar eru á að vaxa innan fyrirtækisins.

**Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og starfsferilskrá (CV) á netfangið: netmadur@gmail.com fyrir 24. janúar 2011.**

Spkef sparisjóður byggir á gamalli hefð en horfir til framtíðar, til hagsbóta fyrir það samfélag sem hann starfar í. Hjá sparisjóðnum starfar öflugur hópur fólks sem leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

SPARISJÓÐURINN

## Forstöðumaður starfsmanna- og rekstrarsviðs

Spkef sparisjóður óskar eftir að ráða forstöðumann starfsmanna- og rekstrarsviðs.

Forstöðumaður hefur yfirumsjón með starfsmannamálum, gæðamálum, öryggismálum, húsnæðismálum og upplýsingatæknimálum sparisjóðsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

Háskólamenntun er skilyrði
Framhaldsnám á sviði mannauðsmála er æskilegt
Reynsla af stjórnun og mannaforráðum skilyrði
Reynsla af gæða- og öryggismálum æskileg
Reynsla af áætlanagerð og greiningarvinnu æskileg
Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
Góð skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Forstöðumaður hefur aðsetur í Reykjanesbæ.

**Upplýsingar veita:**

Katrín S. Óladóttir (**katrin@hagvangur.is**)
og Rannveig J. Haraldsdóttir (**rannveig@hagvangur.is**)
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk.

HAGVANGUR

800 7000 - siminn.is



# Víðnetsþjónusta Símans

Síminn leitar að starfsmanni í víðnetsþjónustu sem er hópur innan fyrirtækjasviðs Símans.

**Helstu verkefni:**

- Víðnetsþjónusta Símans hefur umsjón með netbúnaði fyrirtækja sem eru í rekstri hjá Símanum
- Víðnetsþjónustan sér um uppsetningu og umsjón með neteftirlitskerfum á fyrirtækjamarkaði
- Hópurinn sinnir einnig ráðgjafarhlutverki við innri og ytri viðskiptavini vegna netkerfa

**Hæfniskröfur:**

Nauðsynlegt er að viðkomandi eigi auðvelt með að tileinka sér nýja hluti og að vinna einn eða í hópi.
Æskilegt er að viðkomandi hafi:

- Áralanga reynslu af netkerfum og hafi lokið prófum, t.d. CCNA, CCNP eða CCIP
- Verk- eða tæknifræðigráða er kostur en ekki skilyrði
- Góða tölvuþekkingu, einkum Linux og Unix en einnig Visio, Powerpoint, Excel og slíkt
- Reynsla af forritun er kostur en ekki skilyrði
- Góða samskiptahæfni og getu til að sýna frumkvæði

Gildi Símans eru traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður

## Umsóknarfrestur er til 26. janúar 2011

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, **www.siminn.is.**

ENNEMM / SÍA / NM45028

Það er **Síminn**

MOSFELLSBÆR

Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi.

Kennari óskast strax til starfa vegna veikindaforfalla, aðallega til kennslu tónmenntar í yngstu bekkjum skólans. Um er að ræða ríflega 40% starfshlutfall.

Laun samkvæmt kjarasamningi KÍ og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Upplýsingar veita : Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200 eða 8968230 og Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri í síma 5259200 og 6920233.
Umsóknir sendist á netföngin og johannam@lagafellsskoli.is eða asta@lagafellsskoli.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# NOREGUR KALLAR

**AM DIRECT AS starfsmannaleiga verður með kynningu á Grand Hótel Sigtúni 38 Reykjavik þriðjudaginn 25. janúar nk. frá kl. 11:00 – 16:00**

**Við eru að leita eftir :**
- Mönnum til að sjá um viðhald og viðgerðir á fiskvinnsluvélum.
- Verk- og tæknifræðingum í byggingariðnaði
- Iðnmenntuðu fólki í byggingar og framleiðsluiðnaði.

Hægt er að panta viðtöl frá kl. 14 .00 mánudaginn 24. Janúar í síma 898 0085 eða á netfangi tynes@simnet.is
Þar eru einnig veittar upplýsingar alla virka daga milli kl. 10 – 17.
AM DIRECT AS, Molde Noregi

AM Direct A.s

## Starf í aðhlynningu aldraða:

Hjúkrunarheimilið Holtsbúð í Garðabæ óskar eftir að ráða starfsfólk í aðhlynningu.

Um er að ræða 50% starf, virka daga kl. 8:30-12:30. Viðkomandi þarf að skilja og tala íslensku. Upplýsingar veitir Vilborg Helgadóttir hjúkrunarforstjóri vilborg@holtsbud.is, sími 535-2200.

## Veitingasvið ISS



**Matreiðslumaður**
Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur matreiðslumanni í dagvinnu.

**Matreiðslumenn - sveinar / helgarvinna**
Einnig leitum við að matreiðslumönnum eða sveinum á léttar morgunvaktir um helgar og á rauðum dögum.

Við leitum að aðila sem hefur frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og með góðan þjónustuvilja.

Við bjóðum starf hjá traustu og öflugu fyrirtæki þar sem um er að ræða gott og skemmtilegt starf.

Ferilskrá berist á netfang: **jakob@iss.is**
Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu **www.iss.is**
**Sími 5 800 600**

ISS 30 ára reynsla

# Laust starf forstöðumanns bókasafnsins í Neskaupstað

**Neskaupstaður**
**Safnastofnun Fjarðabyggðar og Nesskóli auglýsa starf forstöðumanns bókasafnsins í Neskaupstað.**

- Um er að ræða starf á almennings- og skólabókasafni.
- Starfsmaður þarf að hefja störf í byrjun mars eða eftir samkomulagi.
- Bókasafnið er í nýlegu húsnæði í Nesskóla.

Í húsnæði Nesskóla eru grunnskóli, tónlistarskóli og bókasafn. Starfsmenn eru um 55 og nemendur um 210. Íbúar Neskaupstaðar eru nú um 1500. Bókasafnið í Neskaupstað er samsteypusafn staðsett í grunnskólabyggingu Nesskóla og þjónar jafnt skólanum sem almenningi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Krafa er gerð um framhaldsskólamenntun.
- Æskilegt er að starfsmaður hafi menntun í bókasafns- og upplýsingafræði og/eða kennslufræðum.
- Þekking á bókasafnskerfum s.s. landskerfi bókasafna æskileg.
- Góð almenn tölvuþekking.

Starfið er fjölbreytt og mikilvægt að starfsmaður hafi metnað í starfi, frumkvæði, sé sjálfstæður í vinnubrögðum, eigi auðvelt með samskipti við fólk og hafi áhuga og ánægju af vinnu með börnum og ungmennum. Þá þarf viðkomandi að vera jákvæður og skipulagður. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar nk.** Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is. Umsóknir sendist til Safnastofnunar Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

Safnastofnun Fjarðabyggðar áskilur sér rétt til að framlengja umsóknarfrestinn ef þörf krefur og hafna öllum umsóknum án þess að tilgreina ástæðu. Allar nánari upplýsingar gefa Pétur Sörensson forstöðumaður Safnastofnunar Fjarðabyggðar í síma 470 9063 og Maríus Kristjánsson skólastjóri Nesskóla í síma 477 1124 og Óskar Þór Þráinsson, fráfarandi forstöðumaður bókasafnsins í Neskaupstað í síma 659 8000.

FJARÐABYGGÐ | *þú ert á góðum stað* fjardabyggd.is
Mjóifjörður Norðfjörður Eskifjörður Reyðarfjörður Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður

Dalvíkurbyggð

## Ert þú rétta manneskjan fyrir okkur ?
## Leikskólinn Kátakot

**Okkur vantar aðstoðarleikskólastjóra á Kátakot sem er nýlegur leikskóli fyrir fjögra og fimm ára börn.**

**Hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og geta til að vinna sjálfstætt
- Góður leiðtogi og hvetur fólk til góðra verka
- Áhugi á fræðslu barna og velferð þeirra
- Hugmyndaríkur og sveigjanlegur
- Tilbúin/n að takast á við nýjar og fjölbreyttar áherslur í nýjum leikskóla

**Einnig vantar okkur leikskólakennara, sem eru að auki:**
- Jákvæðir og sveigjanlegir
- Hæfir í mannlegum samskiptum
- Sýna frumkvæði í starfi og geta unnið sjálfstætt
- Áhugasamir um fræðslu barna og velferð þeirra

Kátakot er leikskóli fyrir 4 – 5 ára börn. Helstu áherslur leikskólans eru hreyfing, hollt mataræði, útikennsla, leikskólalæsi,stærðfræði, myndsköpun, tónlist og dans. Leikskólinn er í góðu samstarfi við Grunnskóla Dalvíkurbyggðar.

**Umsóknarfrestur er til 22. Janúar 2011.**

Upplýsingar veitir Gísli Bjarnason í síma 4604983/8631329. Umsókn um ferilsskrá skal senda á netfangið gisli@dalvikurskoli.is. Móttaka umsókna verður staðfest.
Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að framvísa sakavottorði ef til ráðningar kemur.



## Leikskólinn Fossakot

Leikskólinn Fossakot auglýsir eftir leikskólakennara eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki til starfa núna eða eftir samkomulagi.

Um er að ræða 2 stöðugildi. Fossakot er einkarekinn 3ja deilda leikskóli sem opnaði 1997. Fossakot leggur áherslur á skapandi starf, frjálsan leik, jákvæðan aga og náttúrutengsl í starfinu. Fossakot er við Fossaleyni 4 í Grafarvogi.

Nánari upplýsingar veitir Guðríður Guðmundsdóttir leikskólastjóri í síma 586-1838 og 694-9934. Einnig er hægt að sækja um á netfanginu fossakot@alla.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Læknar í starfsnámi - Geðsvið

Laus eru til umsóknar störf lækna í starfsnámi á geðsviði frá september eða október 2011 í 6-12 mánuði. Starfshlutfall er 80-100%. Styttri stöður (6 mánuðir) geta nýst sem hluti af sérnámi í öðrum sérgreinum en geðlæknisfræði og einnig hentað heimilislæknum sem vilja auka þekkingu sína á greiningu og meðferð geðsjúkdóma.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Þjálfun í geðlækningum með þátttöku í klínísku starfi
» Þátttaka í kennslu- og fræðsluprógrammi
» Þátttaka í reglubundinni handleiðslu og þjálfun í samtalsmeðferð, m.a. í hugrænni atferlismeðferð, psychodynamiskri meðferð og áhugahvetjandi samtölum, eru hluti af sérnámi í geðlæknisfræði.

Reynsla af hópmeðferð og þátttaka í rannsóknum stendur áhugasömum umsækjendum einnig til boða. Unnið hefur verið ötullega að því að byggja upp prógrammið í samvinnu við námslækna á síðustu árum.

### Hæfnikröfur

» Almennt lækningaleyfi
» Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
» Vilji til þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu sérnámsins og rannsóknum

### Nánari upplýsingar um starfið

» Umsóknarfrestur er til og með 10.02.2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is þar sem fram koma nánari upplýsingar.
» Upplýsingar veita Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir, netfang engilbs@landspitali.is og Nanna Briem, sérfræðilæknir, netfang nannabri@landspitali.is, sími 543 1000.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Engilberti, LSH 34D geðsviði við Hringbraut.
» Með umsókn skal leggja fram ferilskrá ásamt gögnum um vísindavinnu og ritsmíðar. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og lækningaleyfi.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Forstöðumaður bakvinnslu á fjárhagssviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir eftir vel menntuðum einstaklingi með þekkingu, frumkvæði og áhuga á bakvinnslu.

Fjárhagssviðið hefur umsjón með bókhaldi og gerð efnahags- og rekstrarreiknings Seðlabanka Íslands og dótturfélaga. Auk þess sinnir fjárhagssvið bakvinnslu bankans og öðrum tilfallandi verkefnum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu á vettvangi fjárstýringar og greiðslumiðlunar. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun er nýtist í starfi. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á rituðu máli á íslensku og ensku. Gerð er krafa um reynslu af stjórnunarstörfum og mikla nákvæmni, frumkvæði og öguð vinnubrögð auk góðra samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Hannesdóttir framkvæmdastjóri fjárhagssviðs í síma 569-9600.

Umsóknum skal skilað fyrir 29. janúar 2011 til rekstrarsviðs Seðlabanka Íslands eða á tölvupóstfangið umsoknir@sedlabanki.is




## Þjónustustjóri í tækniveri

Þjónustustjóri hefur umsjón með daglegum rekstri tæknivers með um 40 starfsmönnum og ber ábyrgð á þjónustustiginu gagnvart viðskiptavinum Vodafone. Tækniverið sér um þann hluta þjónustuvers sem svarar fyrir netþjónustu, heimasíma og sjónvarpsþjónustu. Um krefjandi stjórnunarstarf er að ræða, sem útheimtir leiðtogahæfileika, ótvíræða samskiptahæfileika, og framúrskarandi þjónustulund.

**Hæfniskröfur:**

- **Haldbær reynsla af stjórnunarstörfum**
- **Reynsla og þekking á markmiðasetningu**
- **Háskólamenntun sem nýtist í starfi**
- **Þekking í þjónustustjórnun**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sonja M. Scott, **sonjas@vodafone.is**.
Áhugasamir eru beðnir um að leggja inn umsókn í gegnum vef Vodafone fyrir **24. janúar 2011**.

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you

vodafone

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority monitors compliance with European Economic Area rules in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling them to participate in the European internal market. In monitoring and enforcing the EEA Agreement, the Authority has powers that correspond to those of the European Commission. The Authority is based in Brussels and operates independently of the EFTA States. The Authority is led by a College which consists of three members appointed by the EEA EFTA States. The Directors report to the College.

# Director
## Internal Market Affairs Directorate

JOB REFERENCE : 01/11

Type and duration of appointment: fixed-term contract of three years.

Job title: Director.

If considered desirable, an additional fixed-term contract of three years may be offered.

**Role description:**

The EFTA Surveillance Authority shall recruit a Director to lead its Internal Market Affairs Directorate.

The Directorate is responsible for the surveillance of the implementation and application by Iceland, Liechtenstein and Norway of their obligations under the EEA Agreement in the fields of free movement of goods, persons, services, capital movements and horizontal policies.

**Essential:**

- University degree in law, economics or equivalent.
- Extensive relevant experience in a position of responsibility in a Ministry, national authority, international organisation or comparable body in the public or private sector.
- Management skills. Ability to manage an international professional team of 30 staff.
- Extensive experience in and broad knowledge of the fields for which the Directorate is responsible. Very good knowledge of the legal framework of the European Union and of the European Economic Area.
- Good understanding of the legal system, institutions and governments of the EEA EFTA States.
- Excellent oral and written command of English as well as of German, Icelandic or Norwegian.

**Conditions**

The position is placed at grade A6 of the salary scale, starting at € 111.675,48 per year. Appointments are normally made at Step 1 of a grade. A higher step can be considered on the basis of the candidate's qualifications and experience. Depending on, inter alia, the candidate's family status, allowances and benefits may apply. Favorable tax conditions apply.

Overview of conditions at:
**http://www.eftasurv.int/about-the-authority/vacancies/recruitment-policy.**

While its staff members shall normally be nationals of one of the three EFTA States party to the EEA Agreement, the Authority will also consider other applications, primarily those of nationals of the other States that are party to the EEA Agreement.

**The position will be vacant as of February 2011.**
**Deadline for application: 6 February 2011**
Interviews: February 2011

Application must be filled in and sent online at the following address:
**https://jobs.eftasurv.int**

*Questions regarding the position may be posed to Mr Per Sanderud, President of the EFTA Surveillance Authority, on +32 (0) 2 286 18 20*

EFTA Surveillance Authority webpage: **www.eftasurv.int**

HÓTEL HÖFÐABREKKA

**Ýmis störf í boði á Hótel Höfðabrekku í Mýrdal frá vori og fram á haust.**

Vantar matreiðslumenn og aðstoðarfólk í eldhús, þjóna, starfsfólk í gestamóttöku, veitingasal og herbergjaþrif.

Húsnæði í boði

Áhugasamir sendi umsóknir á hotel@hofdabrekka.is

**www.hofdabrekka.is**

# Starfsmaður í mötuneyti

Ríkisskattstjóri leitar að áhugasömum og dugmiklum einstaklingi til starfa í mötuneyti embættisins að Laugavegi 166. Vinnutími er frá kl. 10:30 – 14:00 virka daga.

Starfið felst í framreiðslu matar, uppvaski, frágangi og þrifum í eldhúsi undir stjórn yfirmanns í mötuneyti. Einnig afleysing yfirmanns þegar þörf er á.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- **Fáguð framkoma, þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.**
- **Hæfileiki til að vinna undir álagi.**
- **Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.**
- **Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.**

**Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Upplýsingar um starfið gefur Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 442 1151.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar 2011.**

Umsókn skal fylla út á vef embættisins, www.rsk.is og láta ferilskrá fylgja með í viðhengi.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við SFR. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

*Embætti ríkisskattstjóra starfar á landsvísu við úrlausn margbreytilegra verkefna. Rík áhersla er lögð á góðan vinnustað, þar sem fjölbreyttur hópur samhentra starfsmanna sinnir vel lögboðnum verkefnum og þjónustu.*

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

CAR-X óskar eftir framtíðar starfsmanni á réttinga og sprautuverkstæði sitt sem staðsett er á Akureyri.

Um er að ræða starf fyrir bifreiðasmið eða bifvélavirkja.

CAR-X er vel útbúið réttinga og sprautuverkstæði. Megin starfsemi CAR-X er bílaréttingar-bílasprautun-plastviðgerðir-framrúðuskipti.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir berist á car-x@car-x.is með upplýsingum um menntun og fyrri störf.

CAR-X

Njarðarnesi 8. 603 Akureyri

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Verkefnisstjóri í aðgerðum gegn einelti

Verkefnisstjórn á vegum fjögurra ráðuneyta um aðgerðir gegn einelti auglýsir laust til umsóknar starf verkefnisstjóra. Um er að ræða 50% starf til eins árs frá febrúar 2011 í tilraunaskyni. Verkefnisstjórinn mun vinna fyrir verkefnisstjórn um aðgerðir gegn einelti og hafa umsjón með og fylgja eftir þeim verkefnum sem hún ákveður að skuli framkvæmd, m.a. umsjón með fagráði sem tekur við eineltismálum til úrlausnar.

Leitað er að einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við krefjandi verkefni, góður í mannlegum samskiptum, skipulagður og vanur að vinna sjálfstætt. Nauðsynlegt er að einstaklingurinn hafi víðtæka þekkingu á eineltismálum og reynslu af úrlausn eineltismála.

Menntunarskilyrði er háskólapróf í uppeldisfræðum, sálfræði, félagsráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf eða af öðrum sambærilegum sviðum. Enn fremur er lögð áhersla á góða færni í ensku og að minnsta kosti einu Norðurlandamáli. Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og reynsla af störfum á opinberum vettvangi er kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í upphafi árs 2011. Laun greiðast samkvæmt launakerfi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir ásamt greinargóðum upplýsingum um menntun og starfsferil sendist Verkefnisstjórn um einelti, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, merktar: „Verkefnisstjóri gegn einelti“, í síðasta lagi þriðjudaginn 2. febrúar 2011.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna María Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri, í síma 545 9500 eða í tölvupósti á johanna.maria.eyjolfsdottir@mrn.is

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
14. janúar 2011

GRUND
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI

## Matreiðslumaður óskast

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund óskar eftir matreiðslumanni til starfa. Hann þarf að vera hugmyndaríkur, samstarfsfús og viljugur að setja sig inn í óskir heimilisfólks um mataræði.

Viðkomandi mun hafa yfirumsjón með starfsmannahaldi eldhússins, gerð matseðla, matreiðslu og matarinnkaupum heimilisins.

Hægt er að sækja um starfið á www.grund.is. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Rafnsson framkvæmdastjóri Grundar í síma 5306100 og einnig er hægt að senda honum tölvupóst á julius@grund.is

# Optical Studio

gleraugnaverslun í Smáralind óskar eftir að ráða

**starfsmann í fullt starf**

við sölu- og þjónustu

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum skilyrði.
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 25 ára aldri.
- Áhugi á tísku og útiliti kostur.
- Snyrtimennska skilyrði.
- Reglusemi og stundvísi skilyrði.

Umsóknir sendist á **fannykolbrun@opticalstudio.is** fyrir 24. janúar 2011.

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

**www.opticalstudio.is**

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing um Framkvæmdasjóð aldraðra

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2011. Umsóknarfrestur er til 12. febrúar 2011. Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 1/2011. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til velferðarráðherra um úthlutun úr honum. Heimilt er að veita framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til eftirtalinna verkefna.

1. **Bygginga þjónustumiðstöðva aldraðra og dagvista.**
2. **Bygginga dvalarheimila og sambýla.**
3. **Bygginga hjúkrunarheimila eða hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum.**
4. **Til nauðsynlegra endurbóta og breytinga á húsnæði stofnana sbr. lið 1-3.**
5. **Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.**

Við ákvörðun um úthlutun verður höfð hliðsjón af stefnu velferðarráðherra í öldrunarmálum einkum varðandi fækkun fjölbýla á hjúkrunarheimilum. Skilyrði fyrir framlögum til byggingaframkvæmda, nauðsynlegra endurbóta og breytinga á húsnæði er að framkvæmdir taki mið af viðmiðum velferðarráðuneytis um skipulag hjúkrunarheimila.

Umsóknarfrestur er til 12. febrúar 2011. Umsóknum skal skila til Velferðarráðuneytisins, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík, á eyðublöðum sem þar fást. Eyðublöðin má einnig nálgast hér:
**velferdarraduneyti.is**

- **Umsókn til nauðsynlegra endurbóta og breytinga á húsnæði.**
- **Umsókn vegna nýframkvæmda.**
- **Umsókn um framlag til annarra verkefna en byggingaframkvæmda.**

# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## TRÉSMIÐIR

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmiði til starfa við framkvæmdir hér á landi og erlendis. Sérstaklega er þörf yfir smiði sem hafa reynslu af mótauppslætti og eru tilbúnir að starfa erlendis til skemmri tíma.

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

## Auglýsing um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

**Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar 15. desember 2010 að nýju tillögu að deiliskipulagi Lambastaðahverfis, skv. 1. mgr. 25. gr. og sbr. málsmeðferð 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.**

Skipulagssvæðið, sem nefnt er eftir bænum Lambastöðum, afmarkast af Skerjabraut, Nesvegi, bæjarmörkum að Reykjavík og að sjó, eins og sýnt er á deiliskipulagsuppdrætti.

Tillögurnar verða til sýnis á Bókasafni Seltjarnarness við Eiðistorg frá og með 20. janúar til 20. febrúar 2011.
Tillögurnar verða einnig til sýnis á heimasíðu Seltjarnarness, www.seltjarnarnes.is

Samkvæmt ábendingu Skipulagsstofnunar er tillagan auglýst aftur vegna breytinga frá fyrri tillögu í framhaldi af innsendum athugasemdum. Yfirlit breytinga er að finna á heimasíðu bæjarins.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skriflegum athugasemdum, ef einhverjar eru, skal skilað á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, eigi síðar en 20. febrúar 2011.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

Skipulagsstjóri Seltjarnarnesbæjar

## Gistiheimili til sölu/leigu



**Til sölu/leigu er gistiheimili í miðbæ Neskaupstaðar.** Um er að ræða endurnýjað 9 herbergja gistiheimili á tveimur hæðum, 222,1 m2 að stærð. Herbergin eru öll með salerni og sturtum.

Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Jóhannsson í Sparisjóði Norðfjarðar sími 470-1100

## Bifvélavirki

Ört stækkandi bifreiðaverkstæði í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa bifvélavirkja eða mann vanan bílaviðgerðum.

**Hæfniskröfur:**
- Vandvirkni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugasemi og vilji til að tileinka sér nýja tækni
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar í síma 568-3003 eða á as.v@internet.is

## STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVIKURBORGAR

Til leigu ýmsar stærðir af atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Uppl í s. 891 6768

**TOPPSTÖÐIN**

**Laus hönnunaraðstaða - tækifæri í Toppstöð!**
Hönnuðir og frumkvöðlar hvattir til að sækja um fyrir 18.1. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á www.toppstodin.is og í toppstodin@gmail.com .

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**

**sími 896 4661**

## Bílskúr

Til leigu bílskúr í Vesturbæ Kópavogs, 24fm. V. 25 þús pr.mán. Uppl í s. 849 7209

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Samkynhneigðir karlmenn auglýsa sífellt meira á Rauða Torginu Stefnumót. Til að hlusta/svara: 905-2000 og 535-9920. Til að auglýsa frítt: 535-9922.

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

Djarfar konur auglýsa núna mikið á Rauða Torginu Stefnumót. Til að hlusta/svara: 905-2000 og 535-9920. Til að auglýsa frítt: 535-9922.

## Atvinna í boði

**Sagafilm**

**leitar eftir stúlku á aldrinum 13-14 ára fyrir stórt hlutverk í nýrri sjónvarpsseríu.**

**Áhugasamir sendi upplýsingar og mynd á stelpa@sagafilm.is**

**AMMA ÓSKAST**
**Fjölskylda í 104 óskar eftir traustri og barngóðri konu til að aðstoða við heimilisstörf og barnapössun. Þarf að hafa bílpróf.**
**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á abp@simnet.is Nánari upplýsingar veittar í síma 896-5960**

Au pair í Noregi 5 manna fjölskyldu í Osló vantar au pair sem allra fyrst. Nánari upplýsingar á thornyo@hotmail.com.

**Pípulagnir**
Óskum eftir að ráða pípulagningamenn til starfa í Reykjavík. Mikil vinna framundan. Umsóknir sendist á hm@aknet.is

Óska eftir starfsfólki í kynningar á ferskri matvöru. Alla daga vikunnar, þarf að tala íslensku, snyrtilegur og með góða framkomu. Vinsamlegast sendið umsóknir á gottstarf@visir.is

Óska eftir starfskrafti með góða bókhaldskunnáttu og getu til að klára ársreikning og skattskýrslu. Það þarf að færa bókhald tannlæknastofu og Jaxlsins ehf, starfstöð getur verið á Akureyri, Egilsstöðum eða í Hafnarfirði. Viðkomandi þarf að sjá um innheimtu, og ef vill svara í síma og aðstoða við tannlæknastól 1-2 daga í viku, en vinnan er 2-4 daga í viku eftir samkomulagi, frí á föstudögum. Starfsumsókn ásamt starfsferilskrá sendist á jaxlinn@jaxlinn.is

## Atvinna óskast

34 ára Vélstjóri er með 1000 hp réttindi Óskar eftir plássi á sjó. Uppl. í s. 895 0474.

## Viðskiptatækifæri

Rótgróin hársnyrtistofa í Kópavogi auglýsir stól til leigu á hagstæðu verði með frábærum startpakka. Upplýsingar í síma 868-5586

**SKAPANDI TÆKIFÆRI**

**Ertu skapandi í LISTIÐNAÐAR OG HANDVERKSGEIRANUM. Verslun í hjarta 101 auglýsir eftir samstarfi. Seldu eigin vöru, þáttaka í leigu og smá viðvera í búð og restin er þín.**

**EF ÞÚ ERT ÁBYGGILEGUT OG LIFANDI Í STARFI SENDU ÞÁ ENDILEGA MAIL Á art41@simnet.is - (fullur trúnaður og öllum svarað)**

## Fasteignir




**Fróðaþing 3 - Kóp**
**Opið hús sunnudag 16 jan mill kl. 13-14**

Glæsilegt nýtt 324 fm einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er sérlega vel skipulagt og fjölskylduvænt með 5 rúmgóðum svefnherb. Vandaðar innréttingar úr rauðeik. Hús nær viðhaldsfrítt að utan, klætt með granítflísum. 80 fm glæsilegur afgirtur sólpallur (sól allan daginn fram á kvöld). Sjón er sögu ríkari. Skipti möguleg á ódýrari eign. **Verð 79 millj. Uppl. Veitir Þórarinn í síma 844-6353.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Fasteignir

**FOLD FASTEIGNASALA**
**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**




**Ránargata 2-opið hús**

**Opið hús í dag laugardag milli kl 15 og 15:30.** Björt og falleg íbúð á 3. hæð í steinhúsi á frábærum stað v. miðborg Reykjavíkur. Talsvert endurnýjuð eign. Margrét gsm. 869-9831 sýnir í opnu húsi í dag milli kl.15 og 15:30. Verið velkomin.

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

**ÓSKA EFTIR SUMARBÚSTAÐ**

- Góður bústaður á fallegri lóð
- Hámark 100 km frá Rvk
- Hitaveita skilyrði
- Stærð frá 80 fermetrum
- Pallur og pottur æskilegur

**Upplýsingar í síma 821-0808**

RE/MAX



Valdimar Svavarsson - sölufulltrúi
valdimar@remax.is - GSM 8210808

**Einbýlishús í Garðabæ óskast.**

Óskum eftir einbýlishúsi í Garðabæ í skiptum fyrir 250 fm 5 svefnherbergja, glæsilegt parhús í Garðabæ. Millifgjöf staðgreidd.

Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson viðsk.fr. lögg. fasteignasali i sima 512 3407 eða 898 4125.

RE/MAX Bær

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123 400

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Tjarnarstígur – Seltjarnarnesi – Efri sérhæð**



Glæsileg 140,0 fm efri sérhæð að meðt. 12,0 fm. sér geymslu og hlutdeildar í sameiginlegri geymslu. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum á vandaðan og smekklegan hátt. Stórt opið rými sem í eru stofa og eldhús. Í eldhúsi eru nýlegar innréttingar, vönduð tæki og eyja. Arinn í stofu og aukin lofthæð í stofu og eldhúsi. 3 herbergi (4 á teikn.). Hús nýlega pússað að utan og málað. Búið er að teikna og samþykkja stækkun svala í 32 fm. og byggja undirstöður. **Verðtilboð**
**Staðsetning hússins er frábær á fjörukambinum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Óhindrað útsýni til sjávar, að Álftanesi og yfir Reykjavík til austurs.**

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Heilsárshús á bökkum Hvítár**



Heilsárshús með stórkostlegu útsýni á bökkum Hvítár, Laugarási. Húsið er 167,1 fm að stærð og skiptist í anddyri, gang, stórt opið rými þar sem eru eldhús, stofa og borðstofa, 4 herbergi, 2 baðherbergi, þvottaherbergi og geymslu. Til afhendingar nú þegar tilbúið til innréttinga og fullfrágengið að utan, klætt áli. Hitalagnir í öllum gólfum. Leyfi er fyrir byggingu bílskúrs með vinnustofu allt að 60 fm. Lóðin er leigulóð 3.725,0 fm að stærð. **Verð 24,9 millj. Skipti á íbúð í Reykjavík eða á Akureyri koma til greina.**

# Skemmtilegur skátadagur

**MYNDBROT ÚR DEGI | fimmtudaginn 13. janúar | Tekið á Power Shot SD700**

**Laulau Birgisdóttir** er mikill skáti, starfar sem móttökustjóri hjá Bandalagi íslenskra skáta og eyddi löngum fimmtudegi meira og minna í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ. Hún smellti af nokkrum myndum fyrir Fréttablaðið af ævintýrum hversdagsins.



**1** Vaknaði, fékk mér morgunmat og hvaðeina, spjallaði aðeins við manninn minn hann Rúnar um verkefni dagsins en hann vildi ekkert við mig tala, hehe. Dreif mig í vinnuna.



**2** Fyrsta verkefni dagsins í vinnunni var kynning með nemum úr íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild HÍ. Inga Auðbjörg var að tala þegar ég kom. Eins og margir sem koma í heimsókn í Skátamiðstöðina fannst þessu fólki mikið til umfangs skátastarfs á Íslandi koma.



**3** Þarna er ég með þeim Eggerti og Jakobi við Þjóðþrifabílinn. Þjóðþrif er stærsta fjáröflunarleið Bandalags íslenskra skáta og þessir tveir (og Guðmundur sem var farinn þegar myndin var tekin) eru aðalmennirnir í útkeyrslu- og dósaflokkunardeildinni.



**4** Það er alltaf líf og fjör í kaffistofunni í Skátamiðstöðinni. Þar ræðum við landsins gagn og nauðsynjar, björgum heiminum oft á dag og kryfjum skátastarfið til mergjar. Ég vildi reyna að koma öllum fyrir á myndinni en kaffistofan telur frekar fáa fermetra og því erfitt að taka hópmynd. Seinna þennan dag tók Alheimsþing skáta þá ákvörðun að þiggja boð BÍS um að halda alheimsmót hér á landi sumarið 2017. Þar getum við búist við um 6.000 skátum og milljarði í gjaldeyristekjur! Stoltir skátar!



**5** Komin á skátafund með 10 ára fálkaskátum (fyrsti fundur ársins, ekki allir mættir). Þau eru reyndar eldri þessi 3 sem eru fremst á myndinni og eru aðstoðarforingjar. Þetta eru Rauðskinnar í Árbúum. Þarna erum við 2 fullorðnar konur sem vorum í skátunum þegar við vorum ungar en komum svo aftur í starfið mörgum árum síðar og leiðist það ekki.



**6** Loksins komin heim eftir mjög langan dag. Við Ransí dóttir mín tvær heima að hafa það notó, sonurinn farinn á skátafund og eiginmaðurinn að vinna.






## Útlagi kominn inn úr kuldanum

**41 ár síðan Gaddafi tók við völdum í Líbíu.**

Á þessum degi árið 1970 hrifsaði Muammar al-Gaddafi til sín öll völd í Norður-Afríkuríkinu Líbíu, þar sem hann situr enn þann dag í dag eftir rúmlega fjóra stormasama áratugi.

Gaddafi reis til metorða innan hersins, en hugði snemma á að velta Idris konungi sem hafði ríkt í landinu frá því að það hlaut sjálfstæði árið 1951.

Gaddafi lét síðan til skarar skríða haustið 1969 þegar hann og samherjar hans innan hersins frömdu friðsamlegt valdarán á meðan konungurinn leitaði sér lækninga erlendis. Byltingarsinnar lögðu af konungsveldið og stofnuðu þess í stað Arabíska lýðveldið Líbíu og tók Gaddafi við embætti forsætisráðherra hinn 15. janúar 1970. Hann gaf síðar eftir þann titil og gegnir nú titlinum ofursti, en formleg staða hans er „Bróðurlegur leiðtogi byltingarinnar“.

Í upphafi valdaferils hans einbeitti hann sér fyrir sam-arabískri samvinnu og talaði jafnvel fyrir sameiningu allra arabaríkja.

Í byltingarhugsjón sinni skaut Gaddafi oft skjólshúsi yfir vafasama einstaklinga og samtök, meðal annars tvo menn sem voru sakaðir um að hafa skipulagt hryðjuverk þar sem flugvél PanAm-flugfélagsins var sprengd yfir Lockerbie í Skotlandi árið 1988. Hann lenti þess vegna upp á kant við vesturveldin og var Líbía um áratugaskeið á lista Bandaríkjanna yfir þau ríki sem styðja hryðjuverk og mátti sæta sig við viðskiptaþvinganir.

Samskiptin hafa hins vegar batnað mikið síðustu árin þar sem viðhorf Gaddafis hafa mildast. Efnahagsþvinganir hafa verið dregnar til baka og Líbía er ekki lengur á lista yfir hryðjuverkaríki.

Staða hans sem þjóðhöfðingja er sterk sem aldrei fyrr og er víst að einhver af hans fjölmörgu sonum mun taka við hlutverki hans að honum gengnum. – þj

**Heimild: Wikipedia.org**

ÁR 1900 1970 2000 2010

# BÆTT HEILSA BETRA LÍF!



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**OMEGA 3-6-9**
Allar nauðsýnlegu fitu-sýrurnar í belgjum. Auðvelt til inntöku.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**VÍTAMÍN D-3**
Nauðsynlegt í skammdeginu. Tryggir nýtingu kalks í líkamanum.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**KALK & MAGNESÍUM**
Gott til inntöku á álagstímum. Róar taugarkerfið.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**ACIDOPHILUS**
Eflir magaflóruna sem er nauðsynlegt eftir hátíðarnar.

**BEE POLLEN**
Ofurfæða af náttúrunnar hendi.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**EPLAEDIK**
Blandaðu 1-2 msk af eplaediki í lífrænan epla og engifer safa með 1 tsk af lífrænu hunangi. Frábær heilsueflandi drykkur.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**MYOPLEX**
Myoplex Strenght er sérstaklega framleitt með þarfir íþróttafólks í huga.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 899 kr/stk

**SPELTKORNSFLÖGUR**
Speltkornflögurnar frá Urtekram eru fyrirtaks morgunverður. Lífrænar,trefja-ríkar,næringarríkar og úr flóknum kolvetnum. Verðlaunavara.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**GOJI MÚSLÍ**
Glútenlaust múslí

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**LIMA HRÍSMJÓLK MEÐ KALKI**
Kalkbætt á náttúrulegan hátt með sjávarþangi. Hrísmjólkin er án viðbætts sykurs og er án kólesteróls og laktósa. Hentar vel þeim sem ekki þola mjólk og er hentug í Boost drykki.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**WHOLE EARTH**
Gosdrykkirnir eru frískandi gosdrykkir úr lífrænu hráefni og lausir við öll aukefni ss. litarefni og rotvarnarefni. Bragðið er úr ósviknum ávöxtum og sætan fæst úr lífrænum hrásykri.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

GOTT VERÐ 789 kr/stk

**FROOSH**
Ávextir í flösku!

TILBOÐ 299 kr/stk

**LJÚFENGUR BOOST**
Hentar sem millimáltíð, eftir æfingu eða þegar þér langar í eitthvað gott
1 flaska froosh smoothie t.d. mango
1 skeið af delicius whey proteini vanilla
4-6 klakar. Sett í blandara eða hrist.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GUÐMUNDUR INGI KRISTJÁNSSON** skáld á Kirkjubóli (1907-2002) fæddist þennan dag.

*„Afrek í ósigrum lífsins er aldrei tilgangslaust.“*

## Merkisatburðir

**1609** Eitt af fyrstu fréttablöðum heims, Avisa Relation oder Zeitung, kemur fyrst út í Ágsborg.
**1759** Þjóðminjasafn Bretlands er fyrst opnað almenningi.
**1943** Heimsins stærsta skrifstofubygging, Pentagon í Arlington í Virginíuríki, er tekin í notkun.
**1967** Gífurlegt hrun við skriðjökul norður úr Eyjafjallajökli veldur margföldu rennsli Markarfljóts um tíma.
**1994** R-listinn ákveður sameiginlegt framboð vinstrimanna í Reykjavík.
**2001** Wikipedia, frjálst alfræðirit á netinu, hefur göngu sína.

**ÞETTA GERÐIST:** 15. JANÚAR 1983

## Bandalag jafnaðarmanna stofnað

Bandalag jafnaðarmanna á Íslandi var stjórnmálaflokkur, stofnaður að frumkvæði Vilmundar Gylfasonar, bókmennta-og sagnfræðings. Vilmundur hafði áður setið á þingi fyrir Alþýðuflokkinn og sagt skilið við hann 18. nóvember 1982.

Í alþingiskosningum 1983 bauð Bandalag jafnaðarmanna fram í öllum kjördæmum og fékk fjóra þingmenn kjörna. Sú útkoma olli Vilmundi miklum vonbrigðum. Hann lést áður en þing var kallað saman en þeir sem settust á þing fyrir flokkinn voru Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran og Stefán Benediktsson. Bandalag jafnaðarmanna var lýðræðissinnaður umbótaflokkur sem vildi aðskilja framkvæmdarvald og löggjafarvald og var fyrstur íslenskra flokka til að setja réttindi samkynhneigðra á stefnuskrá sína.

Flokkurinn varð skammlífur. Árið 1986 gengu þrír þingmenn hans í Alþýðuflokkinn og sá fjórði í Sjálfstæðisflokkinn.



VILMUNDUR GYLFASON



**Þórdís Ásgeirsdóttir, eða Díssella, fagnar sjötugsafmæli sínu á sunnudaginn, þann 16. janúar 2011.**

Hún býður í „Söngstund“ í Háteigskirkju sem hefst klukkan 15.00 sunnudaginn 16. janúar og kaffi á eftir í safnaðarheimilinu.

Vinir og vandamenn eru boðnir velkomnir meðan húsrúm leyfir til klukkan 17.00.



## 80 ára afmæli

**Axel Sölvason**

rafvélavirki og fyrrum starfsmaður verkfræðideildar Háskóla Íslands, er 80 ára í dag, 15. janúar 2011.

Í tilefni dagsins býður hann öllum ættingjum og vinum til hófs í dag, laugardaginn 15. janúar, kl. 17:00-19:00 í safnaðarheimilið Borgir, Kópavogskirkju (ská á móti Gerðarsafni), við Hábraut 1 a.

Allir hjartanlega velkomnir.



## 75 ára afmæli

**Lúðvíg Thorberg Helgason**

verður 75 ára í dag, 18. janúar 2011.

Hann er sagður allgott skáld í lausbundnu máli, vinsæll og vanstilltur, sérvitur og siðblindur, en meinlaus gagnvart mönnum og öðrum dýrum.

Þeim sem vilja minnast hans er ráðlagt að gleyma honum hið fyrsta.

Lúðvíg verður heima eða að heiman í dag.

ÁSGEIR BOLLI KRISTINSSON: FAGNAR SEXTUGSAFMÆLI SÍNU Í DAG

# Lék sér þar sem Kringlan er nú

Vinir og vandamenn Ásgeirs Bolla Kristinssonar, fyrrverandi verslunarmanns, hittast í afmælisboði síðdegis í dag á Hótel Borg því kappinn er orðinn sextugur. Hann kveðst kunna aldrinum vel. „Ég ferðast, spila golf og nýt lífsins. Er það ekki það sem alla dreymir um?“ spyr hann glaðlega.

Bolli kveðst vera miðborgarbarn. „Ég hef alla tíð átt heima í bænum, fyrstu árin á Laugaveginum og flutti þaðan í Hlíðarnar. Ég átti heima í Skaftahlíð 36 sem var eitt af efstu húsunum. Svo tók bara við óbyggt land,“ lýsir hann og bætir við. „Þetta var bara Breiðholt síns tíma.“ Hann upplýsir að aðalleiksvæði hans hafi verið á Klambratúninu og í Kringlumýrinni, meðal annars við gamla golfskálann þar sem verslunarmiðstöðin Kringlan er nú. Það rifjast líka upp að þá var skemmtistaðurinn Lídó þar sem Fréttablaðið er núna. „Ég fór oft á tónleika í Lídó. Þangað komu frægar hljómsveitir eins og Hollies og fleiri. Bítlaæðið var í algleymingi og ballmenningin líka,“ segir Bolli. „Ég var því vel í sveit settur.“

Ungur fór Bolli út í verslunarrekstur. „Ég held að ég hafi verið 23 ára þegar ég keypti mína fyrstu búð. Sautján. Hún var fyrst á Laugavegi 46 en færðist síðan yfir götuna, á Laugaveg 51 og svo víðar,“ segir hann og kveðst aðspurður hafa átt fimmtán verslanir, ásamt þáverandi eiginkonu, þegar þær voru flestar. Eftir skilnað við konuna lagði hann verslunarrekstur á hilluna. „Ég þurfti að skilja eins og margir aðrir og hana langaði meira í þessar búðir en mig. Hún mátti alveg fá þær. Þá fór ég að leika mér og hef gert það síðan. Hef bara verið eins og atvinnuleysingjarnir í Argentínu og ekki gert neitt!“

Argentína er þeirra landa sem Bolli hefur heimsótt í tengslum við stangveiðiáhugann. Þar kveðst hann hafa veitt stóra sjóbirtinga. „Ég hef ferðast mikið í sambandi við veiðina, til Rússlands, Afríku, Úrúgvæ og víðar. Eins finnst mér gaman að ferðast um Evrópu á Harley Davidson mótorhjólinu. Svo hefur golfið heltekið mig á síðustu árum og ég stunda það bæði hér heima og erlendis. Það er gott að halla sér að því þegar aldurinn færist yfir!“

gun@frettabladid.is



**ÁSGEIR BOLLI KRISTINSSON** „Ég ferðast, spila golf og nýt lífsins. Er það ekki það sem alla dreymir um?“ spyr hann glaðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vinsemd vegna andláts móðursystur okkar*

**Gyðu Jónsdóttur**
Kleppsvegi 2

Sérstakar þakkir til starfsfólks L-5 á Landakoti fyrir einstaka alúð og umhyggju við umönnun hennar.

**Skúli Már Sigurðsson**
**Gísli Jón Sigurðsson**
**Örn Sigurðsson**



†

*Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Þorbergur Guðmundsson**
frá Raufarhöfn,

er látinn.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Málfríður Anna Guðmundsdóttir**
**Eiríkur Guðmundsson** **Björg Eiríksdóttir**
**Hrefna Friðriksdóttir**
**og frændsystkin.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þórunnar K. Helgadóttur**
Ölduslóð 9, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki í Holtsbúð í Garðabæ fyrir einstaka umönnun og umhyggju.

**Þóra Guðrún Sveinsdóttir** **Arnór Egilsson**
**Þórdís Helga Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elsku maðurinn minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Helgi Markús Kristófersson**
Silfurteig 4, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Anna M. Jensdóttir**
**Guðný Á. Helgadóttir** **Karl Ragnarsson**
**Áslaug Helgadóttir** **Carl Kjettrup**
**Hulda Helgadóttir** **Hjálmar Sigurðsson**
**Jens B. Helgason** **Guðrún Ragnars**
**og fjölskyldur.**



†

*Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Danival Finnbogason**
Garðavegi 2, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju mánudaginn 17. janúar kl. 15.00.

**Guðný Ólafsdóttir**
**Ólafur Danivalsson**
**Laufey Danivalsdóttir** **Tómas Ibsen**
**Katrín Danivalsdóttir** **Sveinbjörn Björnsson**
**Herdís Danivalsdóttir** **Páll R. Valdimarsson**
**Guðný H. Danivalsdóttir** **Egill H. Lárusson**
**barnabörn og barnabarnabörn**




Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson — Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


Allt að
60%
afsláttur
BYKO
útsala!
Brot af vörum á útsölunni:
Handverkfæri
20-60%
afsláttur
30%
afsláttur
Vnr. 50021136-46
Gönguskór
ALBATROS gönguskór, háir, stærðir 36-46. Fæst í BYKO Breidd og Kauptúni.
6.993
Fullt verð: 9.990
30%
afsláttur
Vnr. 89000182
Loftmálning
SADOLIN loftmálning, gljástig 3, hvítir litir, 10 l.
4.893
Fullt verð: 6.990
4.450
Fullt verð: 8.900
60%
afsláttur
Vnr. 52220821
Kastari
Halógenkastari, messing, 1050W.
1.733
Fullt verð: 4.334
50%
afsláttur
Vnr. 15328667
Sturtusett
TEMPESTA MONO sturtusett.
40%
afsláttur
Vnr. 74800650
Höggborvél
EINHELL höggborvél.
2.994
Fullt verð: 3.990
Rafmagnsverkfæri
15-60%
afsláttur
60%
afsláttur
Vnr. 41119086
Klukka
Veggklukka, 20 cm, svört eða hvít.
397
Fullt verð: 990
Vinnufatnaður
20-50%
afsláttur
Vnr. 41119014
Eldhúsáhöld
Eldhúsáhöld, 12 stk.
50%
afsláttur
1.794
Fullt verð: 2.990
... OG YFIR 10.000 VÖRUR Á ÓTRÚLEGU ÚTSÖLUVERÐI!
EXPO · www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Jesús litli sýndur í Hofi á Akureyri

Leikfélag Akureyrar fær til sín gestasýningu norður frá Borgarleikhúsinu. Sýningin Jesús litli verður sett upp í Menningarhúsinu Hofi og hefjast sýningar í dag.

„Það er góð samvinna milli Leikfélags Akureyrar og Borgarleikhússins og við höfum áður fengið gestasýningar hingað norður, meðal annars sýninguna Harry og Heimi. Eins höfum við farið með sýningar suður. Það er svo mikil leikhúsmenning hér á Akureyri og á Norðurlandi,“ segir María Sigurðardóttir, leikhússtjóri á Akureyri, en á morgun hefjast sýningar á Jesú litla í Menningarhúsinu Hofi.

Jesús litli var valin sýning ársins og leikverkið sjálft, leikrit ársins, á Grímunni. Sýningarnar fóru fram á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu en á Akureyri fara þær fram í Hamraborg, stóra salnum í Hofi.

„Áhorfendur verða með inni á sviðinu hér í Hofi til að halda þeirri nálægð sem er nauðsynleg fyrir þessa sýningu,“ útskýrir María. Hún segir stóra salinn henta ágætlega fyrir leiksýningar. Leikfélagið prufukeyrði húsið með sýningunni Rocky Horror á síðasta ári en yfir tólf þúsund manns sáu þá sýningu. Nú er von á henni aftur á fjalirnar.

„Það var uppselt á hverja einustu sýningu. Við ákváðum því að bæta við nokkrum sýningum sem hefjast í febrúar þegar sýningum á Jesú litla lýkur. Fólk tekur vel við sér hér fyrir norðan og miðarnir fara hratt núna á báðar sýningarnar. Hér á Akureyri er líka allt á kafi í snjó svo fólk getur skellt sér á skíði um leið og það gerir sér ferð í leikhús.“ Einungis verða nokkrar sýningar á Jesú litla settar upp í Hofi og lýkur þeim 20. janúar. Nánar á www.hof.is og á www.leikfelag.is - rat



**JESÚS LITLI** Sýningin var valin sýning ársins á Grímunni, íslensku leiklistarverðlaunahátíðinni.
MYND/LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

---

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Guðrúnar Kristínar Erlendsdóttur (Stínu frá Hamragörðum)**
Hlíðarvegi 16, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær Helga Ragnarsdóttir ásamt öðru starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir góða umönnun.
Guð blessi ykkur öll.

**Guðjón Traustason**
**Sigríður Heiðrún Guðjónsdóttir** **Ágúst Ólason**
**Trausti Guðjónsson** **Lísa María Karlsdóttir**
**Erlendur Reynir Guðjónsson** **Guðfinna Björk Sigvaldadóttir**
**og barnabörn**

---

†



*Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Jónsson**
Árskógum 8, Reykjavík,

andaðist 6. janúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram miðvikudaginn 19. janúar kl. 13 frá Fossvogskirkju.

**Margrét Pétursdóttir** **Illugi Óskarsson**
**Kristín Thea Pétursdóttir**
**Auður Churukian** **Gordon Churukian**
**Hjördís Pétursdóttir** **Björn Hafsteinsson**
**Hrönn Pétursdóttir** **Jóhann Eiríksson**
**Þóra Pétursdóttir** **Ólafur Rögnvaldsson**
**Sigurður Pétursson** **Sigríður Magnúsdóttir**
**Jón Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,*

**Helga Þorsteinsdóttir**

andaðist þann 12. janúar síðastliðinn. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Arthur Stefánsson**
**Áslaug Arthursdóttir** **Oddgeir Þór Árnason**
**Nanna Arthursdóttir** **Guðbergur Þorvaldsson**
**Þorsteinn Arthursson** **Guðrún Petra Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn , faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hreggviður Muninn Jónsson**
Seljabraut 42, Rekjavík,

lést á Líknadeildinni í Kópavogi 8. janúar 2011. Útförinn fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi mánudaginn 17.janúar 2011 kl 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Líknadeildina í Kópavogi njóta þess. Fyrir hönd aðstandenda.

**Elsa Jónsdóttir**
**Magnús Ver Magnússon**
**Arnheiður Ósk Hreggviðsdóttir** **Vilhjálmur G Hauksson**
**Viðar Þór Hreggviðsson** **Dagmar Sigurðardóttir**
**Grétar Mar Hreggviðsson** **Steinunn Haraldsdóttir**
**og barnabörn**

---

†



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur stuðning, samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, sonar, tengdasonar og afa,*

**Bjarna Ragnarssonar,**
Bræðratungu 24, Kópavogi.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar.**
**Sigurveig Helga Hafsteinsdóttir**
**María Bjarnadóttir** **Daði Már Ingvarsson**
**Steinar Bjarnason**
**Anetta Bjarnadóttir**
**Steinvör Bjarnadóttir** **Ragnar Þorsteinsson**
**Og afabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim, sem heiðruðu minningu og sýndu okkur samúð og stuðning, við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns og föður,*

**Hallgríms Steingrímssonar**

**Ágústa Hannesdóttir**
**Snorri Hallgrímsson**
**og fjölskyldur**

---

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna fráfalls elskulegs eiginmanns, pabba, tengdapabba og afa,*

**Erlings Sigurlaugssonar**
Bifvélavirkjameistara,
Nesbala 3, Seltjarnarnesi

**Halldóra Sigurgeirsdóttir**
**Reynir Erlingsson, Rúnar Erlingsson, Ingilaug Erlingsdóttir, Jóhann Kjartansson**
**og fjölskyldur.**

---

†



*Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Páldís Eyjólfs**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Halldóra Konráðsdóttir** **Þorvaldur Sigurbjörnsson**
**Elísabet Konráðsdóttir** **Sigurður Halldórsson**
**Elín Konráðsdóttir** **Guðni Bergsson**
**barnabörn og langömmubörn**

---

†



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, unnusti, barnabarn og frændi,*

**Þórir Örn Jónsson**
Logafold 95,

lést sunnudaginn 9. janúar. Útför hans fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 21. janúar kl. 13.00.

**Jón Magnús Sigurðsson** **Erna Harðardóttir**
**Hörður Ingi Jónsson**
**María Björk Jónsdóttir**
**Alisha Þorsteinsdóttir**
**og aðrir aðstandendur**

---

†



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar og ömmu,*

**Huldu Öldu Daníelsdóttur**
Funalind 7, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar og líknardeildar LSH í Kópavogi.

**Anna H. Guðmundsdóttir**
**Sigurður A. Guðmundsson**
**Hans Eirik Dyrlie**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




**Allskyns uppákomur og skemmtiatriði!**

Laugardalslaug í kvöld, laugardagskvöld kl. 20–22

Kayaksýning, leikir í barnalauginni, tímataka í rennibrautinni, dýfingar á pöllunum, ísbað, sundknattleikur, þríþraut o.fl.

Plötusnúðar halda uppi fjörinu!

**Nánari upplýsingar á www.rig.is**

ÍTR

Laugarnar í Reykjavík

REYKJAVÍK
INTERNATIONAL GAMES
13. – 16. JANUARY 2011

www.itr.is • sími 411 5000



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur hlýhug og samúð við fráfall okkar elskulega,*

**Halldórs Bjarnasonar**
frá Uppsölum, Skagafirði,
Hjúkrunarheimilinu Mörk.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á Vífilsstöðum og í Mörkinni fyrir frábæra umönnun undanfarin tvö ár.

**Bjarni H. Johansen**
**Sigurlaug Halldórsdóttir**
**Helga Halldórsdóttir**
**Anna Björk Bjarnadóttir** **Tómas Holton**
**Guðrún Harpa Bjarnadóttir**
**Halldór Heiðar Bjarnason** **Lilián Pineda**
**Guðjón Már Magnússon**
**Sigrún Ásta Magnúsdóttir** **Steinar Már Sveinsson**
**Hákon Örn Magnússon**
**langafabörn og systkini hins látna.**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Orator býður til málþings um starfsemi félagsins sem býður upp á lögfræðiaðstoð fyrir almenning.

# Orator þrjátíu ára

Lögfræðiaðstoð Orators, félags laganema við Háskóla Íslands, fagnar þrjátíu ára afmæli í dag en hún býður upp á endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð fyrir almenning.

Í tilefni þess verður haldið hátíðarmálþing um starfsemi þjónustunnar. Róbert Ragnar Spanó, deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands, flytur erindi ásamt Tómasi Þorvaldssyni hdl., sem endurvakti lögfræðiaðstoðina á sínum tíma. Auk þess munu núverandi framkvæmdastjórar lögfræðiaðstoðarinnar flytja stutt erindi um starfsemina í dag.

Í tilkynningu frá Lögfræðiaðstoð Orators segir að það hafi sýnt sig í gegnum tíðina að þjónustan sé mikilvæg og að brýn nauðsyn sé fyrir almenning að geta fengið endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð. - gun

# Góður árangur mjúkdýranna

Söfnunarátakið Mjúkdýraleiðangurinn hófst 1. nóvember í IKEA um allan heim. Leiðangurinn stóð fram á Þorláksmessu og gaf IKEA eina evru fyrir hvert mjúkdýr sem seldist á tímabilinu. Söfnunarféð rann til UNICEF og Barnaheillar – Save the Children sem nota féð til að styðja við menntun bágstaddra barna í heiminum.

Í átakinu hér á Íslandi söfnuðust 15.537 evrur eða 2.392.698 krónur. Það framlag nýtist til að fræða kennara um barnvænar kennsluaðferðir, byggja betri skóla og sjá börnum fyrir menntun.




**GÓÐUR ÁRANGUR** Í átakinu Mjúkdýraleiðangurinn söfnuðust tæpar 2,4 milljónir króna.



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingibjargar Þóru Sigurgrímsdóttur**
Grænumörk 5, Selfossi, áður
Heiðarbrún, Stokkseyri.

Sértakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir góða umönnun.

**Sveinbjörn Guðmundsson**
**Jóhann Sveinbjörnsson** **Ólöf Bergsdóttir**
**Einar Sveinbjörnsson** **Kristín Friðriksdóttir**
**Bjarki Sveinbjörnsson** **Sigrún Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Freyr Gestsson**
Sunnuhlíð 23f, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 7. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum samúðarkveðjur og starfsfólki Lyflækningadeildar fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Sigurður Hólm Freysson** **Halla Sigurþórsdóttir**
**Þórhildur Freysdóttir**
**Ketill Hólm Freysson** **Elín Una Friðfinnsdóttir**
**Gestur Valdimar Hólm Freysson** **Björk Viðarsdóttir**
**Birkir Hólm Finndal Freysson** **Kristín Pálsdóttir**
**Borghildur Freysdóttir** **Árni Arnsteinsson**
**Hólmfríður Freysdóttir** **Máni Guðmundsson**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Ólafsdóttir**
Hrafnistu Hafnarfirði,

áður til heimilis að Kirkjuvegi 19, Keflavík, lést 11. janúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðakirkju þriðjudaginn 18. janúar kl. 13.00

**Eyjólfur Kristinsson**
**Kristinn Eyjólfsson Karítas Bergmann**
**Stefanía Eyjólfsdóttir Guðmundur Karl Ólafsson**
**Þóra Eyjólfsdóttir Ragnar Karlsson**
**Ólafur Eyjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og hetjan okkar allra,*

**Vilberg K. Þorgeirsson**
Smáratúni 24, Keflavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 8. janúar. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Björk Jóhannesdóttir**
**Erla Dröfn Vilbergsdóttir** **Magnús Kristinsson**
**Helga Jóhanna Vilbergsdóttir**
**Birgitta María Vilbergsdóttir** **Þorsteinn Hannesson**
**Magnús Þór Vilbergsson** **Harpa Sæþórsdóttir**
**og afabörnin.**



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma.*

**Vigdís Valgerður Eiríksdóttir**

lést þriðjudaginn 11. janúar. Útförin fer fram föstudaginn 21. janúar frá Fossvogskirkju klukkan 15:00

**Ásta Guðrún Sigurðardóttir** **Árni Ísaksson**
**Matthías Sigurðsson** **Selma Skúladóttir**
**Eiríkur Sigurðsson** **Helga Gísladóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dagbjört Halldórsdóttir**
frá Hlöðum, Hörgárdal, til heimilis að Asparási 8,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ, verður jarðsungin frá Garðakirkju fimmtudaginn 20. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast Dagbjartar er bent á minningarsjóð Holtsbúðar í Garðabæ (s. 535 2000).

**Halldór G. Hilmarsson** **Sigríður Finnbjörnsdóttir**
**Eysteinn Hilmarsson** **Irene Dzielak**
**Óskar Hilmarsson** **María Ragnarsdóttir**
**Emil Hilmarsson** **Hafdís Svavarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartkær bróðir okkar og frændi,*

**Hörður Björnsson,**
húsasmíðameistari,
frá Borgarfirði eystra,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði að morgni mánudagsins 10. janúar sl. Kveðjuathöfn verður í Kapellunni í Kirkjugarði Hafnarfjarðar mánudaginn 17. janúar kl.13:00. Jarðsungið verður frá Bakkagerðiskirkju. Nánar auglýst síðar.

**Systkini og systrabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Ö. Stephensen**

lést að morgni þriðjudagsins 11. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 19. janúar kl. 15.

**Jón Torfi Jónasson** **Bryndís Ísaksdóttir**
**Ögmundur Jónasson** **Valgerður Andrésdóttir**
**Ingibjörg Jónasdóttir** **Guðmundur Gíslason**
**Björn Jónasson** **Elísabet Guðbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Þorvaldur G. Blöndal**
húsasmíðameistari,
Hraunbæ 14, Reykjavík,

varð bráðkvaddur aðfaranótt 12. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðbjörg Þ. Blöndal**
**Guðrún Blöndal** **Gylfi Magnússon**
**Birna Blöndal**
**Ingunn Ó. Blöndal** **Örn Stefánsson**
**Ólafur B. Blöndal**
**og systkinabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



SPARIÐ 50.000

3+2 SÓFASETT FULLT VERÐ: 139.950,-

**89.950,-**

**EAGLE sófasett 3 + 2**
Glæsilegt sófasett með slitsterku PELLISIMA leður.
Litur: Dökkbrúnn
Stærð á 2ja sæta: B150 x D86 x H84 sm.
Stærð á 3ja sæta: B207 x D86 x H84 sm.



SPARIÐ 6.955

FULLT VERÐ: 14.950,-

**7.995,-**

**NEVILLE skrifborðsstóll**
Flottur skrifborðsstóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga.

# ÚTSALA



36% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 10.950,-

**6.995,-**

**FRED sjónvarpsskápur**
Stílhreinn og fallegur sjónvarpsskápur á frábæru verði!
Fáanlegur hvítur og svartur. Stærð B120 x H39 x D37 sm.



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 3.995,-

**1.995,-**

**Hesthaus**
Fallegur hesthaus á frábæru verði!
Hæð: 35 sm.



ALLIR BAÐSLOPPAR 30% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ:

**995,-**

**Baðsloppar**
Mikið úrval af baðsloppum á frábæru verði!
Komið og gerið góð kaup!
*Athugið tilboðið gildir: 15.01.11 til 17.01.11*



LÍTILSHÁTTAR ÚTLITSGÖLLUÐ

53% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 14.950,-

**6.995,-**

**HÖIE THERMO LUX sæng**
Lítilsháttar útlitsgölluð sæng á frábæru verði!
Þér verður ekki kallt undir þessari sæng!
Stærð: 140 x 200 sm.



61% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.295,-

**499,-**

**ANTIQUE kertastjakar**
Flottir, hringlaga kertastjakar fyrir sprittkerti.
3 stk. saman í pakka.




**Myndarammi**
Flottur myndarammi á frábæru verði!
Stærð: 15 x 10 sm.

75% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 399,-

**99,-**






ENN MEIRI LÆKKUN

66% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 299,-

**99,-**

**COOLMAX ökklasokkar**
Góðir sokkar í ræktina eða í útihlaupin. 2 pör í pakka.
Stærðir: 36 - 46.

VERÐ ÁÐUR: 299,-

**99,-**

**Kvart- og síðbuxur**
Góðar buxur á frábæru verði! Litur: Beige



70% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ:

**499,-**

**Gardínustangir**
Mikið úrval af flottum gardínustöngum á frábæru verði!
Komið og skoðið úrvalið og gerið góð kaup!



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.995,-

**1.495,-**

**Borðklukka**
Flott borðklukka á frábæru verði!
Hæð: 23 sm. Gengur fyrir rafhlöðum.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is


MAX Ú
ALLT Á LÁGMAX VERÐI
Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil
Saumavélar
25% afsl.
Heyrnartól
30% afsl.
Pottar, pönnur og búsáhöld
30% afsl.
Tökuvélar
20% afsl.
Fartölvur
15% afsl.
Hljómborð
20% afsl.
Sjónaukar
25% afsl.
Fartölvutöskur
35% afsl.
Einnig frábær tilboð á sjónvörpum, heimabíóum, hljóm
þurrkurum, uppþvottavélum, ofnum og helluborðum og
Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil

# TSALA

## ALLT Á LÁGMAX VERÐI

Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil Nýtt kortatímabil




tækjum, kæliskápum, þvottavélum,
fleiru og fleiru og fleiru.

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**WWW.CLUBPENGUIN.COM** er síða með auðveldum en skemmtilegum leik. Hægt er að leika eitthvað frítt en einnig er hægt að gerast meðlimur á síðunni.






## BRANDARAKISTAN

**Þjónninn: Jæja, í dag er ég með reykta tungu, steikta lifur, nýru í kássu og grísalappir.**
**Gestur: Ég var ekki að spyrja um heilsufar þitt.**

**Af hverju fer Lúlli laukur alltaf í ljós?**
**Svo hann verði ekki hvítlaukur.**

**Hvað sagði mjói fiskurinn við feita fiskinn?**
**Fiskibolla.**

**Hvað er líkt með fíl og gíraffa?**
**Þeir eru báðir gulir, nema fíllinn.**

**Hvað kallar þú fíl í kjól með bleik eyrnaskjól?**
**Hvað sem þér sýnist, hann heyrir hvort sem er ekkert.**

**Hvers vegna er fíllinn stór, grár og krumpaður?**
**Af því að ef hann væri lítill, glær og glansandi þá væri hann lýsispilla.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# ÁSGEIR ÖRN ER SKEMMTILEGASTUR

**Handboltakappinn Aron Pálmarsson, sem leikur með Kiel í Þýskalandi, er nú staddur með íslenska landsliðinu á heimsmeistaramótinu í Svíþjóð. Hann ætlar sér stóra hluti í framtíðinni og stefnir á gull með landsliðinu. Hann ljóstrar því upp hér hver er skemmtilegastur og hver frekastur í liðinu.**




***Hvenær byrjaðir þú að æfa handbolta?*** Ég byrjaði svona níu eða tíu ára.

***Æfðir þú aðrar íþróttir?*** Já, ég byrjaði í fótbolta fimm ára og æfði alveg upp í annan flokk auk þess sem ég var í körfubolta í tvö ár. Ég ætlaði alltaf að verða fótboltamaður en svo var ég víst betri í handbolta.

***Hvert er uppáhaldsfótboltaliðið þitt?*** Hér heima held ég með FH en svo er ég Chelsea-maður.

***Hver er skemmtilegastur í íslenska handboltalandsliðinu?*** Mér finnst Ásgeir Örn Hallgrímsson skemmtilegastur. Hann er aldrei að reyna að vera fyndinn heldur kemur það mjög eðlilega hjá honum og það fíla hann allir.

***Hver er frekastur?*** Róbert Gunnarsson. Ef hann fær boltann þá gefur hann ekki.

***Hver er draumurinn?*** Draumurinn er að fá að spila í heimsklassa næstu fimmtán árin og fá að spila um alla titla. Eins langar mig til að vinna gull með landsliðinu.

***Ætlar þú að halda áfram að spila jafn lengi og Ólafur Stefánsson?*** Ég hef alltaf haldið því fram að ég muni hætta 35 ára en það er aldrei að vita.

***Hver er uppáhaldsliturinn þinn?*** Vá, það er langt síðan ég hef fengið þessa spurningu. Það er erfitt að segja. Ég hugsa samt blár eins og búningarnir hjá Chelsea og landsliðinu.

***Hver er uppáhaldshljómsveitin þín?*** Rottweiler.

> Ég byrjaði í fótbolta fimm ára og æfði alveg upp í annan flokk auk þess sem ég var í körfubolta í tvö ár. Ég ætlaði alltaf að verða fótboltamaður en svo var ég víst betri í handbolta..



## KRAKKARÝNI

Ísold Ylfa Magnúsdóttir 7 ára

SÝNING

### Komdu að leika ★★★★★



Ísold Ylfa fór á sýninguna „Komdu að leika“ á Árbæjarsafni sem fjallar um leiki og leikföng barna í Reykjavík á 20. öld en þar geta gestir prófað leikföng frá ýmsum áratugum.

**Með hverjum förstu á sýninguna?** Ég fer oft á sýninguna, oftast með ömmu minni, stundum með pabba mínum og einu sinni með sumarnámskeiði.

**Hvaða leikföng þótti þér skemmtilegust að prófa?** Mér finnst öll leikföngin jafn skemmtileg.

**Voru einhver leikföng sem voru ekkert skemmtileg eða kannski skrítin?** Það voru engin leikföng sem eru ekki skemmtileg og engin eru skrítin.

**Sástu einhver leikföng sem þú vildir sjálf eiga?** Mig langaði að eiga dúkkuna sem var með mér á myndinni.

**Sástu leikföng sem mamma þín og pabbi léku sér með þegar þau voru lítil?** Mamma mín lék sér með barbie-dúkkur þegar hún var lítil og pabbi með leikjatölvur.

**Mælirðu með sýningunni fyrir aðra krakka og kannski fyrir fullorðna líka?** Ég mæli með sýningunni fyrir krakka. Árbæjarsafn er besta safn í heimi!!!!!!

*Yfir vetrartímann er föst leiðsögn um Árbæjarsafn alla mánudaga, miðvikudaga og föstudaga milli klukkan 13 og 14. Krakkar fá ókeypis inn.*

## LEIT AÐ UNGUM LISTAMÖNNUM

Leit er hafin að hæfileikaríkum krökkum á aldrinum 8 til 18 til að taka þátt í leikritinu Galdrakarlinum í Oz, sem verður sýnt í Borgarleikhúsinu í haust.

Skráningardagur fer fram í forsal Borgarleikhússins 19. janúar milli klukkan 16.15 og 17.30. Gott er ef hver og einn mætir með útfyllt skráningarblað sem er aðgengilegt á vefsíðunni borgarleikhus.is. Allir verða myndaðir og síðan sagt hvenær þeir eiga að mæta í prufu.

Hæfileikadagar fara fram dagana 24. janúar til 14. febrúar. Þá er um að gera að láta ljós sitt skína og ýmist leika, syngja, dansa, gera heljarstökk eða annað sem manni er til lista lagt.



Hægt er að flytja atriðið einn eða í hópi en skilyrði er að það sé gert án hjálpartækja og skal hámarkslengd hvers atriðis vera þrjár mínútur.

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

**Gítarnámskeið**

**12 einkatímar fyrir alla aldurshópa**

**Hefst 24. janúar**

**innritun er hafin í síma 581 1281**

**www.gitarskoli.is**
**gitarskoli@gitarskoli.is**

# ÚTSALA

## Í ÖLLUM VERSLUNUM INTERSPORT

## FRÁBÆR AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

ÚTIVISTAR-FATNAÐUR

ÍÞRÓTTA-SKÓR

ÍÞRÓTTA-FATNAÐUR

ÚLPUR

GÖTU-SKÓR

MERKJA-VARA

BARNA-FATNAÐUR

SUND-FATNAÐUR

INTERSPORT

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** tveggja hæða rúm, **6.** líka, **8.** vefnaðarvara, **9.** fúadý, **11.** tveir eins, **12.** fyrirferð, **14.** gort, **16.** rot, **17.** að, **18.** erlendis, **20.** bókstafur, **21**. svall.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** pot, **4.** asfalt, **5.** drulla, **7.** tilgáta, **10.** nálægt, **13.** meðvitundarleysi, **15.** litur, **16.** blundur, **19.** þófi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** koja, **6.** og, **8.** tau, **9.** fen, **11.** rr, **12.** stærð, **14.** grobb, **16.** dá, **17.** til, **18.** úti, **20.** ká, **21.** rall.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** ot, **4.** jarðbik, **5.** aur, **7.** getgáta, **10.** nær, **13.** rot, **15.** blár, **16.** dúr, **19.** il.





Söngfólk óskast

Blandaður kór óskar eftir söngfólki í allar raddir.
Létt og skemmtileg verkefni á dagskránni !
Æft er á mánudögum.

Upplýsingar gefur Ingunn í síma 897 9595 eða email: ingunnsi@simnet.is



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


# Fimm mánuðir í helvíti

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar



Í byrjun árs tók ég þá ákvörðun að smakka ekki áfengi í janúar. Ég er maður öfganna og þessi saklausi mánuður hefur stökkbreyst í fimm langa mánuði þar sem svo lítið sem einn dropi af dýrðlegum gerjuðum unaðsvökva má ekki sleppa inn fyrir varir mínar. 15 dagar búnir – 136 eftir. Hvað hef ég gert?

**SKÖMMU** eftir að ákvörðunin var handsöluð áttaði ég mig á því að ég hafði skapað skrímsli. Fram undan er gósentíð áfengisunnandans: Þorrablót, árshátíðir og afmæli – þar með talið mitt. Svo ég tali ekki um vorið sem er handan við hornið með tilheyrandi rennandi blautum grillveislum.

**ÁKVÖRÐUNIN** hefur vakið ótrúlega hörð viðbrögð. Vinir mínir telja að ég hafi misst vitið, enda hefur eldheitt ástarsamband mitt og bjórsins verið það sem flestir töldu að myndi endast. Ég viðurkenni reyndar að ýmis teikn eru á lofti um að geðheilsu minni hafi hrakað; ég er farinn að stunda íþróttir reglulega, hætt ur að drekka kók og ég man ekki hvenær ég borðaði hamborgara síðast. En áfengispásan á sér því miður ekki svo djúpstæðar rætur.

**ÉG HEF** nefnilega aldrei fundið fyrir miskunnarlausum eyðileggingarmætti áfengis að neinu ráði, þótt ég hafi veitt freistingagyðjunni Atë nokkuð frjálsan aðgang að líkama mínum undanfarin ár. Allavega um helgar. Atë er gríska og stendur fyrir rústir, heimsku og blekkingu. Taumlausri ofneyslu á áfengi verður ekki betur lýst, en reynsla mín hefur þó *að mestu* snúist um skemmtun, læti og gráa, þögula sunnudaga.

**EINS** óspennandi og það kann að hljóma er þessi ákvörðun nánast einungis tekin til að sjá hvort þetta sé ekki örugglega hægt. Líkama mínum gæti ekki verið meira sama um áfengisneyslu mína, þó að lifrin sé örugglega fegin að fá verðskuldaða hvíld. Félagslegi þátturinn er erfiðari viðfangs þar sem flestir fundir vina minna hefjast á því fallega hljóði sem heyrist þegar dós er opnuð. Ég á eflaust eftir að stara niðurlútur á glitrandi glös félaga minna næstu fimm mánuði og velta vöngum yfir ástæðum sjálfspíningarhvatarinnar.

**MEIRA** ruglið. Fyrir utan augljósa líkamlega, andlega og fjárhagslega kosti er þetta heimskulegasta ákvörðun sem ég hef tekið og næstu fimm mánuðum eyði ég í helvíti. Sjáumst þar.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# SANDY BRIDGE

## NÝJASTA TÆKNIN ER LENT Í TÖLVULISTANUM







Click BIOS



- UEFI - Nýtt grunnkerfi fyrir helstu stýringar - Ræsingartími styttur
- Stuðningur við 3TB og stærri harða diska
- Fullnýtir hröðustu SSD diskana á markaðinum og komandi kynslóðir
- Meiri afköst en minni orkunotkun
- Gríðarleg aukning afkasta frá fyrri kynslóðum
- Hraðari gagnaþjöppun og myndvinnsla

# TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# menning

menning@frettabladid.is

! **KRISTJÁN TEKINN TIL KOSTANNA** Bergsveinn Þórsson fjallar um innsetningu Kristjáns Guðmundssonar, Environmental Sculpture frá árinu 1969, á Listasafni Íslands klukkan 14 á morgun. Bergsveinn skoðar verkið út frá lokaritgerð sinni í listasögu þar sem hann fjallaði um sögu þess og samhengi, í umfjöllun um upprunaleika, söfnun og varðveislu samtímalistar. Verkið var umdeilt á sínum tíma og var fyrst sýnt í Gallerí Súm 1969.


SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
TJARNARBÍÓ
FRUMSÝNING 14. JAN. UPPSELT 16 | 21 | 23
Súldarsker
Nýtt leikverk eftir Sölku Guðmundsdóttur
15 | 22 | 29
Mojito 7. jan. kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR
SIRKUS ÍSLAND 16 UPPSELT Aukasýning 20. feb
Sirkus Sóley
SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR
NÆSTA VIKA:
Ferlegheit 20 TÓNLEIKAR
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík
RADAR



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.


# Spennandi glíma við menningararfinn

**Fjalla Eyvindur eftir Jóhann Sigurjónsson gengur í endurnýjun lífdaga í Norðurpólnum í dag. Marta Nordal leikstjóri segir það áskorun að setja upp klassískt verk í hráu rými.**

„Þetta er langþráður draumur að rætast,“ segir Marta Nordal leikstjóri um Fjalla Eyvind, sem frumsýnt verður í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi í dag í sviðsetningu leikhópsins Aldrei óstelandi. „Við Edda Björg Eyjólfsdóttir stofnuðum þennan hóp sérstaklega í kringum þetta verk. Við sátum einhvern tímann yfir kaffibolla og vorum að tala um hvað það væri spennandi að setja upp Fjalla Eyvind. Eftir dálitla umhugsun ákváðum við að taka slaginn og leituðum til fólks sem við vildum vinna með.“

Leikritið Fjalla Eyvindur eftir Jóhann Sigurjónsson er eitt af perlum íslenskra bókmennta og var frumsýnt fyrir réttri öld. Það byggir á samnefndri þjóðsögu og segir frá ekkjunni Höllu og vinnumanninum Kára sem fella hugi saman. Kári á sér leyndarmál sem reynist þeim afdrifaríkt. Þegar Halla kemst að sannleikanum verður hún að gera upp við sig hvort hún eigi að flýja til fjalla ásamt ástmanni sínum eða lifa áfram í öryggi án ástar.

„Það sem heillar mig við þetta verk er þessi sterka ástarsaga,“ segir Marta. „Jóhann skrifar gífurlega fallegan texta og hefur mikið næmi fyrir sambandi karls og konu. Ég er líka mjög áhugasöm um að setja upp sígild íslensk leikverk. Þau fara ekki oft á fjalirnar en það er mjög spennandi að glíma við menningararfinn.“ Rýmið í Norðurpólnum er lítið og hrátt og segir Marta það hafa verið krefjandi að setja verkið upp þar. „Það er mikil ögrun fyrir leikarana að flytja svona melódramatískan og ljóðrænan texta í jafnmikilli nálægð við áhorfendur.“

Með hlutverk Höllu og Kára fara Edda Björg Eyjólfsdóttir og Guðmundur Ingi Þorvaldsson en með önnur hlutverk fara Valdimar Örn Flygenring og Bjartur Guðmundsson. Nánari upplýsingar um sýningartíma má finna á nordurpollinn.com.

bergsteinn@frettabladid.is



**MARTA NORDAL** Er áhugamanneskja um íslenskar leikbókmenntir og vill gjarnan fá fleiri klassísk verk sett á svið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Kór, kór kvennakór.

Kyrjurnar

Kvennakórinn Kyrjurnar er á síðari önn á sínu 14. starfsári og getur bætt við sig nýjum kórfélögum. **Við byrjum miðvikudaginn 19.janúar kl.19:30 í Friðrikskapellu við Vodafonhöllina.**

Kyrjurnar leggja metnað sinn í fjölbreytt og skemmtilegt lagaval auk þess sem hér er um frábæran félagsskap að ræða.

Stjórnandi kórsins er Sigurbjörg Hvanndal Magnúsdóttir söngkona og söngkennari, hún sér einnig um raddþjálfun.

Láttu nú drauminn rætast, hafðu samband við Sigurbjörgu í síma 865 5503 eða Auði í síma 864 6032.

**Það verður tekið vel á móti þér.**


# Djass í norræna húsinu

Helga Laufey Finnbogadóttir píanóleikari, Gunnar Hrafnsson kontrabassaleikari og Einar Valur Scheving trommuleikari leiða saman hesta sína í Norræna húsinu á sunnudag á djasstónleikum undir yfirskriftinni Leikið af fingrum fram. Þetta er í fjórða sinn sem þau leika saman á tónleikum, en síðastliðið sumar tóku þau þátt í sumardagskrá Múlans ásamt hollenska saxófónleikaranum Efraim Trujillo.

Á efnisskránni verða aðallega útsetningar Helgu Laufeyjar á djasslögum og íslenskum söng- og þjóðlögum í bland við frumsamið efni.

Helga stundaði framhaldsnám við Sweelinck-tónlistarháskólann í Amsterdam, fyrst í klassískum píanóleik en færði sig síðan yfir í djassdeild skólans og lauk píanódeildinni þar, fyrst kvenna, árið 1994. Gunnar og Einar eru í hópi þekktustu djassleikara landsins og hafa starfað með fjölda tónlistarmanna innanlands og utan.



**GUNNAR, HELGA LAUFEY OG EINAR VALUR** Leika útsetningar Helgu Laufeyjar á djasslögum og íslenskum söng- og þjóðlögum í bland við frumsamið efni.


ÚTSALAN ER HAFIN
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI
Allt fyrir börnin
fífa SÍÐAN 1978
STOKKE MAXI-COSI Simo Quinny BABYBJÖRN BRIO
Opið: Mán. - Fös: 10-18 Lau.: 10-17 - Sun.: 13-17
FÍFA (Húsgagnahöllinni) - Sími 552 2522 - www.fifa.is

# ÚTSALA

## Allt að 90 % afsláttur




**Myndlist í þrjátíu þúsund ár**
Listsköpun mannsins í tíma og rúmi
Tilboðsverð **4.990 kr.**




Tilboðsverð **4.490 kr.**
**Eitt þúsund tungumál**
Peter K. Austin



Tilboðsverð **1.990 kr.**
**Konur eiga orðið**
Dagatalsbók 2011




**20 %**
**AFSLÁTTUR**
af öllum YooHoo vörum




Tilboðsverð **3.990 kr.**
**Eldað um veröld víða**
Gordon Ramsay



Tilboðsverð **2.499 kr.**
**Blóðhófnir**
Gerður Kristný




Tilboðsverð **1.990 kr.**
**Kortabox**
3 tegundir




Tilboðsverð **2.499 kr.**
**Hreinsun**
Sofi Oksanen

**Erlendar bækur og DVD á tilboðsverði**



DVD frá **1.190 kr.**

# UPPLESTUR

í barnadeild Bókabúðar Máls og menningar

Á hverjum laugardegi kl. 14

**Verið velkomin !**



Glæsileg ljósmynda-sýning úr bókinni ***TRÚ*** á Súfistanum, bókakaffi

SÚFISTINN KAFFIHÚS




Tilboðsverð **5.490 kr.**

**Forngripasafnið**
Sigrún Eldjárn




Tilboðsverð **1.500 kr.**



Tilboðsverð **2.999 kr.**
**Furðustrandir**
Arnaldur Indriðason

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

# Fólk

folk@frettabladid.is

**90.000.000 IPHONE-SÍMAR** hafa selst frá því að hann var settur á markað árið 2007, samkvæmt nýjum tölum frá Apple.




ÓDÝR PRENTHYLKI Í ALLA PRENTARA!

20% AFSLÁTTUR

Dæmi: ~~6.200 KR~~ 4.960 KR

Prentvörur

Skútuvogi 1


# Elísabet í mestu uppáhaldi

**Undankeppni Eurovision hefur göngu sína í kvöld þegar fimm lög etja kappi í sjónvarpssal. Fréttablaðið fékk tvo hressa tónlistarspekinga til að segja skoðanir sínar á lögunum og gefa þeim stjörnur. Ef þessi spá þeirra Ragnheiðar og Harðar gengur eftir mun Elísabet eftir Pétur Örn Guðmundsson fara nokkuð örugglega áfram í úrslitin.**



**DÓMARAR**

**R:** Ragnheiður Mjöll Baldursdóttir, útvarpskona á FM957
**H:** Hörður Sveinsson, ljósmyndari og tónlistaráhugamaður

### Ástin mín eina
**(Flytjandi: Erna Hrönn Ólafsdóttir)**

**R:** „Ljúft dægurlag sem greip mig strax, enda frábær söngkona sem flytur þetta lag.“ ★★★★

**H:** „Ágætis ballaða, ófrumleg en samt ekki sem verst.“ ★★

### Ef ég hefði vængi
**(Flytjandi: Haraldur Reynisson)**

**R:** „Lagið náði alls ekki að heilla mitt eyra.“ ★

**H:** „Ef ég hefði vængi myndi ég fljúga langt í burtu þar sem ég þyrfti aldrei að hlusta aftur á Huldumey. Þetta lag er samt alveg skítsæmilegt.“ ★★

### Elísabet
**(Flytjandi: Pétur Örn Guðmundsson)**

**R:** „Mjög flott lag og með góðum grípandi stíganda, ég er strax farin að syngja með. Þetta er klárlega nýjasta uppáhaldslagið mitt.“ ★★★★★

**H:** „Grípandi og áberandi besta lagið úr hópnum, spái Elísabetu áfram.“ ★★★★

### Huldumey
**(Flytjandi: Hanna Guðný Hitchon)**

**R:** „Lag sem verður betra við hverja hlustun, mögnuð söngkona þarna á ferð sem skilar laginu með prýði.“ ★★

**H:** „Mér er illt í eyrunum. Versta lagið úr hópnum, hrikalega ófrumlegur smjör-ostapoppslagari.“ 0

### Lagið þitt
**(Flytjandi: Böddi og JJ Soul Band)**

**R:** „Töff reggí-lag sem á eftir að ná til landans, þótt það komist ekki áfram upp úr undankeppninni.“ ★★★

**H:** „Reggískotið popp sem er ekki að gera neitt rosalega mikið fyrir mig.“ ★★





**Við leitum að hæfileikaríkum krökkum til að leika, dansa og syngja í Galdrakarlinum í Oz**

Við efnum til hæfileikadaga þar sem við leitum að krökkum til að taka þátt í uppfærslu á **Galdrakarlinum í Oz** sem frumsýnt verður næsta haust. Við leitum að krökkum sem geta leikið, dansað, sungið, farið í flikk-flakk, heljarstökk – eða allt hvað eina sem kemur sér vel á ferðalaginu til Oz.

Allir á aldrinum 8–18 ára geta tekið þátt. Vinir eða hópar geta mætt í prufurnar saman en að sjálfsögðu geta einstaklingar líka spreytt sig á sviðinu.

**Skráning í prufurnar fer fram í Borgarleikhúsinu miðvikudaginn 19. janúar kl. 16.15–17.30.**

Skráningarblað og allar nánari upplýsingar á heimasíðu okkar, **borgarleikhus.is.**

Borgarleikhúsið






**KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA**

Fim. 20.01.11 » 19:30

- Bernard Herrmann
- Ennio Morricone
- Nino Rota
- Jonny Greenwood

**Benjamin Shwartz** hljómsveitarstjóri

Nú, annað árið í röð, gefst unnendum góðrar tónlistar tækifæri til að hlýða á fræg kvikmyndatónverk leikin af fullskipaðri sinfóníuhljómsveit, en tónleikarnir í fyrra voru gríðarlega vinsælir. Að þessu sinni verður meðal annars flutt hljómsveitarsvíta úr **Psycho** ásamt þáttum úr **Cinema Paradiso** og **Guðföðurnum**. Þá mun hljómsveitin einnig leika tónverk eftir Jonny Greenwood í Radiohead, úr óskarsverðlaunamyndinni **There Will Be Blood** frá árinu 2007.

**Miðasala á www.sinfonia.is og 545 2500**

AÐALSTYRKTARAÐILAR
BORGUN Morgunblaðið

*„Við verðum öll svolítið brjáluð af og til, ekki satt?“*

Norman Bates




# ÚTSÖLUBÚÐIN ÞÍN

Allt að 80% afsláttur

**byggt og búið**

NÝTT KORTATÍMABIL

## Vinsælar útsöluvörur

**Babyliss blásari 2000w**
33%
Áður 5.990,-
Sparnaður 2.000
Tilboð 3.990 kr.

**Babyliss hárklippur 22 stk sett**
40%
Áður 9.999,-
Sparnaður 4.000
Tilboð 5.999 kr.

**Electrolux Ergo rapido ryksuga**
Sparnaður 4.000
Áður 19.900,-
Tilboð 15.900 kr.

**Tristar rakatæki**
Sparnaður 3.000
Áður 12.990,-
Tilboð 9.990 kr.

Tristar blandari
Sparnaður 4.000
36%
Áður 10.990,-
Tilboð 6.999 kr.

Tristar salt og piparkvörn 2saman
33%
Áður 5.990,-
Tilboð 3.990 kr.

Tristar mínútugrill
23%
Áður 10.990,-
Sparnaður 2.500
Tilboð 8.490 kr.

Tristar vöfflujárn belgískt
40%
Áður 9.990,-
Sparnaður 4.000
Tilboð 5.990 kr.

Tristar ryksuga
39%
Áður 17.990,-
Sparnaður 7.000
Tilboð 10.990 kr.

Copco hitakanna
Sparnaður 2.500
36%
Áður 6.999,-
Tilboð 4.499 kr.

Knopex viðarútvarp
25%
Áður 7.995,-
Sparnaður 2.000
Tilboð 5.995 kr.

Telefunken stafrænn myndarammi
Áður 13.995,-
Sparnaður 2.000
Tilboð 11.995 kr.

Francis X7 espressovél
Sparnaður 7.000
Áður 36.900,-
Tilboð 29.900 kr.

Bodum ferðapressukrús
40%
Áður 2.497,-
Tilboð 1.499 kr.

Bodum pressukanna +froðusnakkur
40%
Áður 9.999,-
Sparnaður 4.000
Tilboð 5.999 kr.

Garmin sportúr GPS púlsmælir
20%
Áður 49.900,-
Sparnaður 10.000
Tilboð 39.900 kr.

Tristar hitablásari 2000w
40%
Áður 4.990,-
Sparnaður 2.000
Tilboð 2.990 kr.

Nákvæmnis skrúfjárnasett
50%
Áður 1.499,-
Tilboð 750 kr.

Saltkristalslampi
25%
Áður 3.999,-
Tilboð 2.999 kr.

Garmin útivistartæki eTrexh
20%
Áður 19.900,-
Sparnaður 4.000
Tilboð 15.900 kr.

Garmin bílaleiðsögutæki NUVI1440
20%
Áður 44.990,-
Sparnaður 9.000
Tilboð 35.990 kr.

## Vinsælar rýmingarsöluvörur

**Sería Nina Gold Glitter**
50%
Áður 5.030,-
Tilboð 2.515 kr.

**Skæri**
50%
Áður 389,-
Tilboð 195 kr.

**Ultra hreinsitæki**
50%
Áður 9.999,-
Tilboð 5.000 kr.

## Heimilistæki á lægsta verði

allar vörurnar á 2.990 kr.

**Ruslafata 35L stál**
50%
Áður 24.997,-
Tilboð 12.499 kr.

**Ruslafata 40l slim**
70%
Áður 10.079,-
Tilboð 3.024 kr.

**Rammi 13x18**
Áður 237,-
Tilboð 71 kr.
70%

**Tappatogari**
50%
Áður 7.534,-
Tilboð 3.767 kr.

**Cuisiner all in one blender**
50%
Áður 9.999
Tilboð 5.000 kr.

**Tapas sett**
50%
Áður 1.477
Tilboð 739 kr.

**Olíu og edik sett**
50%
Áður 2.011
Tilboð 1.006 kr.
50%

**Eldhúsvog 2.2kg Cuisine**
70%
Áður 1.999,-
Tilboð 600 kr.

**Albúm Romance**
70%
Áður 1.999
Tilboð 600 kr.

**byggt og búið**
Sími 568 9400
KRINGLUNNI
www.byggtogbuid.is






# Ferskar tískufyrirmyndir

**Smekkkonur á borð við Alexu Chung, Daisy Lowe, Chloé Sevigny og Carrey Mulligan þóttu bera af í klæðaburði árið 2010 og voru allar með puttann á púlsinum þegar kom að nýjustu tískustraumum. Nokkur ný andlit hafa nú stigið fram á sjónarsviðið sem vert er að taka eftir. Þar fer fremst í flokki nýr ritstjóri franska Vogue, Emanuelle Alt, sem verður án efa meira í sviðsljósinu núna.**



**CHARLOTTE LE BON** Kanadíska fyrirsætan Le Bon þykir með eindæmum smekkleg og klæðist gjarnan fallegum kjólum og pilsum. Vert er að fylgjast með henni á næstunni.



**HANNELI MUSTAPARTA** Norski tískubloggarinn hefur slegið rækilega í gegn á undanförnu ári. Stúlkan gerði það áður gott sem fyrirsæta og þekkir því alla kima tískuheimsins vel. Mustaparta er með klassískan og kvenlegan stíl og fylgist vel með nýjustu tísku.



**EMANUELLE ALT** Hin nýja ritstýra franska Vogue hefur unnið innan tískubransans í mörg ár. Henni hefur lengi verið hampað fyrir flottan fatastíl, sem er alls ólíkur fatastíl fyrirrennara hennar. Hún verður án efa meira í sviðsljósinu í framtíðinni vegna nýrrar stöðu sinnar.



**ELIN KLING** Kling, til vinstri, er fyrsti tískubloggarinn sem hannar fatalínu fyrir heimsþekkt tískufyrirtæki, og það eitt og sér segir manni margt. Fatalína sem Kling hannaði í samstarfi við H&M er væntanleg í verslanir í Svíþjóð í febrúar.



**LEIGH LEZARK** Bandaríski plötusnúðurinn Leigh Lezark sem er einn þriðji hluti plötusnúðaþríeykisins The Misshapes hefur lengi verið hluti af tískuelítunni í New York. Hún er með flottan persónulegan stíl sem þykir bæði dökkur og hátískulegur.
NORDICPHOTOS/GETTY



# ÚTSALA

## 20-60% AFSLÁTTUR

BREATH THERMO hlaupafatnaður

Hlaupaskór Hlaupafatnaður

## ATH! -50% AF ÖLLUM FÓTBOLTASKÓM

Skór Sokkar Íþróttagallar

Regnfatnaður Úlpur

Hettupeysur Joggingbuxur Bolir

Legghlífar Boltar Markmannshanskar

Allt í ræktina- Toppar Hlýrabolir T-bolir Buxur Peysur

Töskur Bakpokar

Íþróttateip Kælisprey Hitakrem

Nuddolíur Nuddkrem

Nýtt kortatímabil

Opnunartímar
virka daga 10-18 og
laugardaga 11-16

SPORTLAND

SPORTLAND EHF. | GRENSÁSVEGI 11 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI: 571-1000 | NETFANG: SPORTLAND@SPORTLAND.IS | VEFFANG: WWW.SPORTLAND.IS

# Skollaleikur sannleikans

Leikhús ★★★★

**Elsku barn**

Höfundur: David Kelly. Leikstjóri: Jón Páll Eyjólfsson. Leikarar: Unnur Ösp Stefánsdóttir, Benedikt Erlingsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Valur Freyr Einarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Hallgrímur Ólafsson.

Ung stúlka verður fyrir því að tvö börn hennar deyja skyndilega. Föðurinn grunar að móðirin hafi sjálf banað börnunum. Vöggudauði hefur lengi verið mikil ráðgáta og þegar slíkt kemur fyrir er ekki alltaf komið fram við mæðurnar af varfærni, eins og fram hefur komið í mörgum dæmum frá Bretlandi.

Í Borgarleikhúsinu er harmleikur af þessu tagi settur á svið og bornar fram ágengar og nauðsynlegar spurningar.

Þetta er leikhús þótt aðferðafræði heimildarmyndar eða rannsóknarskýrslu liggi til grundvallar. Sex leikarar birtast okkur í upphafi, standandi fyrir framan flennistóran spegil. Áhorfendur fá mikilvægt hlutverk í yfirheyrslunum í framgangi mála. Allt sem gerist á sviðinu gerist svo að segja í beinni útsendingu, hvort heldur er í sjónvarpi eða réttarsal.

Donna er viðkvæm ung stúlka hvers móðir á sér þann draum að komast á þing og beitir öllum þeim brögðum sem til eru í bókinni til þess að uppfylla óskir sínar. Mælskur fræðimaður á sviði sálfræðinnar finnur upp á nýju heilkenni sem tekið er tillit til við dóm og meðferð á ungum mæðrum sem misst hafa börnin sín. Hvort sem þær eru sekar eða saklausar lenda þær í skilgreiningu sem búin er til við skrifborð framagosa í fræðum sem erfitt er að sanna eða rengja.

Unnur Ösp Stefánsdóttir fer með hlutverk Donnu, hinnar viðkvæmu og tættu móður. Hún birtist síðan berskjölduð og ein þar sem lögfræðingar og sálfræðingar toga úr henni upplýsingar, sem hún reynir að svara eins og hún heldur að spyrjendurnir vilja að hún svari. Það er einmitt svolítið kjarninn í þessu verki. Hvernig vill yfirvaldið að svarað sé?

Unnur Ösp léði þessari viðkvæmu en greindu stúlku líf á varfærnislegan hátt, trúverðug í lágstemmdri nálgun. Hún var eign allra þótt öllum væri hjartanlega sama um hana. Allir græddu eitthvað á harmleik hennar nema hún sjálf. Unnur Ösp gerði þetta mjög vel og var aldrei farið yfir strikið í neinni móðursýki.

Halldóra Geirharðsdóttir bregst ekki frekar en fyrri daginn. Þessar millistéttarkonur með egóið límt við dragtajakkana eru að verða hennar sérgrein.

Benedikt Erlingsson hefur mikilvægu hlutverki að gegna í hlutverki dr. Millards. Sannfæringarkraftur fræðimannsins sem belgist svo öruggur í kenningum sínum er mikill. Hér er Benedikt á heimavelli í leik að orðum sem bruna eins og járnbrautarlestir inn í sömu jarðgöng án þess að rekast nokkurn tíma saman.

Nína Dögg Filippusdóttir fer með tvö hlutverk, annars vegar blaðakonunnar sem lifir á því að koma frásögnum af Donnu á framfæri og hins vegar eiginkonunnar sem er fallegur skuggi og fær vafalítið að fara í mörg kokkteilpartí með fræðimanninum sínum. Nína bregður hér upp tveimur góðum andstæðum. Hallgrímur Ólafsson leikur hinn brjóstumkennanlega eiginmann og kemur því mjög vel á framfæri hvað það er búið að rugla hann mikið í þessum yfirheyrslum um leið og hann á við alla þessa sorg að stríða. Aðstoðarmaður Lynn Barrie (móður Donnu) í öllu kosningabröltinu er alger viðhlæjandi og fór Valur Freyr Einarsson með það hlutverk. Nær hann undraverðum tökum á leiðindaskarfi sem því miður er sýnilegur nær daglega meðal frægra og í valdabröltinu.

Leik- og hljóðmynd og hvernig leikararnir sjálfir stjórna henni er stór þáttur í sýningunni. Yfirheyrslur fara fram gegnum hátalarakerfi og myndskeið sjást fyrir ofan spegilrammann sem allan tímann er fyrir augum áhorfenda. Það var örlítið erfitt að sjá á stundum þar sem skær ljós voru notuð innanfrá og byrgðu því stundum sýn.

Í þessu áleitna verki kemur leikstjórinn Jón Páll Eyjólfsson því til skila hversu skýra sýn hann hefur á viðfangsefnið. Það léku allir fantavel og greinilegt að leikstjórnarhluti verksins var skýr. Hún var þó fulllöng fyrir hlé.



Elsku barn er áleitin sýning og myndi alls ekki spilla fyrir að bjóða upp á umræður á eftir, fyrir til dæmis menntaskólahópa eða aðra sem áhuga hafa á að ræða sannleikans og greiningarbrjálæði nútímans.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Frábær sýning!






**POTICHE** Opnunarmynd franskrar kvikmyndahátíðar er gamanmyndin Potiche.

# Frönsk hátíð í ellefta sinn

Frönsk kvikmyndahátíð verður haldin í ellefta sinn 21. janúar til 3. febrúar í Háskólabíói. Dagana 12. til 16. febrúar verður hún í Borgarbíói á Akureyri.

Opnunarmyndin er gamanmyndin Bara húsmóðir með Catherine Deneuve og Gérard Depardieu í aðalhlutverkum. Nokkur þemu verða á hátíðinni að þessu sinni. Kvikmyndirnar Velkomin, Eins og hinir, Stúlkan í lestinni og kanadíska myndin Lífslöngun fjalla um málefni minnihlutahópa, ýmist í gríni eða alvöru. Myndirnar Leyndarmál og Hvítar lygar fjalla um ástir, lygar og margbreytileika mannlegra samskipta.

Skrifstofur Guðs er mynd sem fjallar um félagsmál og tilvonandi mæður með frumlegum hætti og Ævintýri Adèle Blanc-Sec í leikstjórn Luc Besson byggir á vinsælum teiknimyndasögum eftir Jacques Tardi. Loks má nefna hina sögufrægu frönsku nýbylgjumynd Lafmóður frá 1960 eftir Jean-Luc Godard.

Allar myndirnar eru með enskum texta, fyrir utan Ævintýri Adèle Blanc-Sec og Hvítar lygar sem eru með íslenskum texta.



**LUC BESSON** Á mynd á Franskri kvikmyndahátíð í næstu viku.

# „Já...sæll!“

# Chevrolet á enn betra verði!

Vegna nýrra laga um vörugjöld sem tóku gildi um áramótin eru umhverfisvænir bílar á betra verði. **Allir bílar frá Chevrolet hafa lækkað í verði.**



**Chevrolet Captiva**

LT, Tau 2000 cc. Dísel, 5 sæta - sjálfskiptur **Kr. 5.540 þús.**

LT, Leður 2000 cc. Dísel, 7 sæta - sjálfskiptur Kr. 5.990 þús.




**Chevrolet Aveo, 5 dyra**

LS, 1400 cc. - beinskiptur **Kr. 2.295 þús.**

LS, 1400 cc. - sjálfskiptur Kr. 2.495 þús.



**Chevrolet Cruze, 4 dyra**

Cruze LS 1800 cc. - beinskiptur **Kr. 2.990 þús.**

Cruze LS 1800 cc. - sjálfskiptur Kr. 3.390 þús.

Cruze LT 2000 cc. Dísel - beinskiptur Kr. 3.590 þús.




**Chevrolet Spark, 5 dyra - 5 sæta**

L 1000 cc. - beinskiptur **Kr. 1.695 þús.**

LS 1200 cc. - beinskiptur Kr. 1.895 þús.

Bílar á mynd: AVEO LS með álfelgum og þokuljósum, Captiva LT , Spark LT með álfelgum, Cruze LT með 18" álfelgum.

Ár slaufunnar



CHEVROLET
100 ára

**Opið í dag frá 12 - 16, Tangarhöfða 8-12**

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Eins og blámálaður Berndsen

Bíó ★★★

**Megamind**

Leikstjóri: Tom McGrath

**Leikarar:** Will Ferrell, Tina Fey, Jonah Hill, David Cross, Brad Pitt, Ben Stiller.



Megamind er nýjasta Dreamworks-teiknimyndin. Að sjálfsögðu tölvuteiknuð og í þrívídd. Ég hef ekki séð einn einasta blekdropa í teiknimynd frá Hollywood síðan á tíunda áratugnum.

Hinn illi Megamind og Metro Man hinn góði hafa barist um stórborgina Metro City frá því elstu menn muna. Megamind nær á endanum að sálga Metro Man með öflugum dauðageisla og borgarbúar syrgja. Megamind reynir að njóta lífsins eftir sigurinn en hann saknar andstæðingsins og er eirðarlaus. Hann bregður því á það ráð að búa til nýjan andstæðing, hinn hallærislega Titan, sem reynist síðan ekki vera jafn góður og Megamind hafði vonað. Þeir berjast um ástir fréttakonunnar Roxanne Ritchie, en fljótlega áttar Megamind sig á því að til að vinna hana á sitt band þarf hann að endurskoða hegðun sína.

Hér er svo sem ekkert nýtt á ferðinni. Það er þó í lagi því Megamind er skemmtileg. Markhópur myndarinnar spannar vítt aldursbil, nóg er af „fullorðinsbröndurum“ fyrir mömmur og pabba, en þó er ráðlagt að skilja þau yngstu eftir heima. Stálpaðir rokkhundar fá svo óvæntan glaðning, en Megamind er drekkhlaðin klassískum rokkslögurum frá AC/DC, Guns N' Roses og fleiri kempum.

Mikið er vísað í sígildar ofurhetjusögur, og þá sérstaklega í sjálft Ofurmennið. Megamind lítur út eins og blámálaður Karl Berndsen, ef hann væri með vatnshöfuð, en hann þarf stóran haus fyrir allar þessar gáfur. Megamind er jú klár þó illur sé, en gáfunum sólundar hann í misheppnaða staðalmynd sína sem illmenni af James Bond skólanum. Boðskapurinn er einfaldur. Ekki sóa hæfileikum þínum, og það er aldrei of seint að verða góður.

Þrívíddin er flott og tæknilega hliðin er til fyrirmyndar. Einnig þykir mér skemmtilegt að sjá nýjar sögur frekar en endalausar framhaldsmyndir, og vonandi halda framleiðendur áfram sínu striki, gefa skít í endurunnið efni og halda sköpuninni gangandi. Leikarar standa sig ágætlega. Skemmtilegastur er David Cross í hlutverki ránfisks, en Brad Pitt nær ekki alveg að skína jafn skært og hann ætti að vera fær um.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Litskrúðugt fjör fyrir fjölskylduna. Og munið að vera góð.





SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| BURLESQUE | kl. 3.10 - 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| BURLESQUE LÚXUS | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 1 (950kr.) - 3.10 | L |
| THE TOURIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 1 (950) 3.20 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| LITTLE FOCKERS | Kl. 8 - 10.20 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 | 7 |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 1 (950kr.) | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 1 (950kr.) - 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — * Aðeins sunnudag — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| BURLESQUE | kl. 8 - 10.30 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 2 (950kr.)* - 4 - 6 | L |
| THE TOURIST | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | KL. 1.30 (950kr.)* - 3.40 - 5.50 | L |
| DEVIL | KL. 10.20 | 16 |
| GAURAGANGUR | KL. 1.30* - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| NARNIA 3 2D | KL. 8 | 7 |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| BURLESQUE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 2 (900kr.) - 4 | L |
| THE TOURIST | kl. 10 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 5.50 - 8 | L |
| LITTLE FOCKERS | kl. 2 (600kr.) | 12 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook /smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SAW 3D - ÓTEXTUÐ | 8 og 10 | 16 |
| ALFA OG ÓMEGA 3D - ISL TAL | 2(950 kr), 4 og 6 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 2D - ISL TAL | 2(700 kr) | L |
| THE TOURIST | 8 og 10.10 | 12 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI | 6 - FORSÝNING | L |
| GULLIVER'S TRAVELS 3D | 4 | L |
| LITTLE FOCKERS | 1.50(700 kr), 4, 6 og 8 | L |
| DEVIL | 10 | 16 |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| KLOVN | kl. 1:30 - 3:30 - 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| ROKLAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| YOU AGAIN | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D forsýning - isl tal | kl. 1:30 | L |
| HEREAFTER | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| HEREAFTER | kl. 3 | VIP |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5:20 - 8 | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 10:40 | L |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D isl tal | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |
| TANGLED-3D forsýning enskt tal | kl. 3:40 | L |
| HEREAFTER | kl. 5:50 | 12 |
| YOU AGAIN | kl. 8 | L |
| TRON : LEGACY-3D | kl. 1:30 | 10 |
| ROKLAND | kl. 3:40 - 8 - 10:10 | 12 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D forsýning - isl tal | kl. 3.25 | L |
| ROKLAND-3D | kl. 3.30 - 5.40 - 8 og 10.30 | 12 |
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 1.15 - 5.40 - 8 og 10.15 | 14 |
| HEREAFTER | kl. 8 og 10.40 | 12 |
| TRON: LEGACY-3D | kl. 8 og 10.40 | 10 |
| GUILIVERS TRAVEL-3D | kl. 1.15 - 3.25 - 5.50 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 1.15 - 3.25 - 5.40 | L |
| NARNIA-3D | kl. 1.15 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 3 - 5 - 7 - 8 - 9 - 10:20 | 14 |
| YOU AGAIN | kl. 1:30 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D forsýning - isl tal | kl. 3:40 | L |
| TANGLED-3D forsýning enskt tal | kl. 5:50 (Ótextuð) | L |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU













CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| UPPÁTÆKI (MICMACS)(L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| EINHVERSSTADAR (SOMEWHERE)(L) | 18:10, 20:10, 22:10 |
| THE NEXT THREE DAYS(12) | 18:00, 20:20, 22:40 |
| KILLER INSIDE ME(16) | 18:00, 20:10 (lau) |
| KILLER INSIDE ME(16) | 18:00, 22:20 (sun) |
| LEGENDARY LAU.: THE SADIST(16) | 22:20 (laugardag) |
| KINO-KLÚBBUR: MAYA DEREN(L) | 20:10 (sunnudag) |

LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR






# Bieber á sjúkrahús

Popparinn Justin Bieber þurfti að fara á sjúkrahús á dögunum vegna öndunarerfiðleika. Um ofnæmisviðbrögð var að ræða sem komu upp þegar hann var í gestahlutverki í sjónvarpsþáttunum CSI. Ungstirnið var útskrifað af sjúkrahúsinu fimmtíu mínútum síðar. „Hann hefur það gott. Hann fékk smá ofnæmiskast þegar tökum var að ljúka á CSI. Læknarnir skoðuðu hann á sjúkrahúsinu til að fullvissa sig um að allt væri í lagi,“ sagði fulltrúi popparans. Stutt er síðan Bieber sagði í viðtali að þrátt fyrir að vera slappur ætti hann erfitt með að taka sér frí frá vinnu vegna skuldbindinga sinna.



**JUSTIN BIEBER** Þurfti að fara á sjúkrahús vegna ofnæmis.

# Firth nánast öruggur um sigur

Golden Globe verðlaunin verða afhent á sunnudagskvöld en það eru samtök erlendra blaðamanna í Hollywood sem standa að þeim. Verðlaunin þykja gefa góða vísbendingu til hverra Óskar frændi fer í heimsókn í ár. Búist er við nokkurri harðri baráttu þótt nokkrir flokkar þyki vera fyrir fram afgreiddir.

Colin Firth og Natalie Portman eru þannig sögð örugg um sigur í sínum flokkum. Firth fer á kostum í kvikmyndinni The King's Speech sem Georg VI. Natalie Portman hefur verið hlaðin lofi fyrir frammistöðu sína í Black Swan og á sigurinn vísan í sínum flokki. Mesta spennan er í kringum hvaða mynd hreppir hnossið sem besta kvikmynd ársins. The Social Network eftir David Fincher hefur fengið lofsamlega dóma og sömuleiðis The King's Speech. Almennt er talið að baráttan eigi eftir að standa milli þeirra tveggja.

Golden Globe heiðrar einnig sjónvarpsefni og þar er fastlega gert ráð fyrir að Glee og Mad Men muni standa uppi sem sigurvegarar. Glee mun samkvæmt því vinna öruggan sigur í gaman/söng-flokknum en Mad Men fær ögn harðari samkeppni í dramaflokknum frá sjónvarpsseríunni Boardwalk Empire frá Martin Scorsese.



**ÖRUGG** Flestir eru sammála um að Colin Firth og Natalie Portman séu öruggir sigurvegarar á Golden Globe-verðlaunahátíðinni.



**HEILSUHRAUSTUR** Leikarinn Michael Douglas greindist með krabbamein í hálsi á síðasta ári. Hann hefur náð fullum bata. Hér er hann með eiginkonunni, hinni íðilfögru Catherine Zeta-Jones. NORDICPHOTOS/GETTY

# Engin virðing sýnd

**Stórleikarinn Michael Douglas greindist með krabbamein í hálsi um mitt síðasta ár og gekk í kjölfarið í gegnum stranga lyfjameðferð. Hann hefur nú náð fullum bata og einbeitir sér að því að ná aftur heilsu og fyrri styrk.**

**Í viðtali við Entertainment Tonight sagði Douglas að honum hefði á stundum þótt pressan ganga of hart fram við að ná myndum af honum á meðan hann var upp á sitt versta. Auk þess hafi verið fjallað um veikindi hans á mjög ónærgætinn hátt. „Því miður var tíu ára gamall sonur minn eitt sinn að blaða í gegnum eitt slíkt blað í verslun og las þar frétt um að lífslíkur mínar væru litlar,“ sagði leikarinn.**



**RICKY GERVAIS** Grínistinn ætlar að beina sjónum sínum að Charlie Sheen og Mel Gibson.

# Gerir grín að Charlie Sheen

**Grínistinn Ricky Gervais ætlar að beina athyglinni að þeim sem eru veikburða og geta ekki varið sig þegar hann kynnir Golden Globe-verðlaunin í annað sinn í næstu viku. Leikararnir Charlie Sheen og Mel Gibson, sem báðir hafa lent í vandræðum í einkalífinu, fá einnig sinn skerf af bröndurum.**

**„Ég ætla bara að ráðast á þá sem eru veikburða. Ég ætla að láta Russell Crowe og Mickey Rourke í friði núna en kannski geri ég grín að Mickey Rooney eða Betty White. Ég er ekki hræddur við hana,“ sagði Gervais léttur og bætti við: „Charlie Sheen er gott skotmark og Mel Gibson var sannkölluð gjöf til grínguðsins.“**







# sport

sport@frettabladid.is

**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ** mætir Brasilíumönnum í öðrum leik sínum á HM í Svíþjóð klukkan 20.00 í kvöld og er leikurinn í beinni á Stöð 2 Sport. Þetta verður fyrsti leikur Íslands á móti Suður-Ameríuþjóð á HM frá upphafi en Ísland vann Brasilíu bæði á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004 (29-25) sem og á Ólympíuleikunum í Barcelona 1992 (19-18)



**ARON PÁLMARSSON** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aron Pálmarsson í gær:

## Óstöðvandi í seinni hálfleik

**HM 2011** Hinn tvítugi Aron Pálmarsson átti frábæran seinni hálfleik á móti Ungverjum í gær. Aron skoraði 7 af 8 mörk sínum í seinni hálfleiknum og þar af voru fjögur þeirra á rúmlega fimm mínútna kafla þegar Ísland breytti stöðunni úr 16-14 í 21-16.

Aron nýtti 7 af 9 skotum sínum í hálfleiknum, sex markanna komu með langskotum og þá átti hann einnig tvær stoðsendingar á félaga sína. **- óój**



**GÓÐ BYRJUN Á HM** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var ánægður eftir sannfærandi sigur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vörnin okkar var frábær

**Guðmundur Guðmundsson var ánægður með byrjun liðsins á HM en segir liðið geta betur. Hann varar við Brasilíumönnum, telur þá hættulega andstæðinga.**

**HM 2011** Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara var augljóslega létt eftir leikinn í gær. Mikil spenna var búin að byggjast upp, væntingar hans og liðsins miklar og því var ánægjulegt að uppskera vel.

„Vörnin var frábær hjá okkur í þessum leik og ég var sáttur við hana eiginlega allan tímann. Varnarleikurinn gekk fullkomlega upp að þessu sinni. Sóknarleikurinn gekk lengstum vel en það komu kaflar þar sem við gerðum óþarfa mistök. Svo gáfum við eftir undir lokin. Engu að síður er ég mjög ánægður með sex marka sigur. Það var ekki endilega hægt að reikna með því fyrir fram,“ sagði Guðmundur en hann undirbjó liðið vel og hann var á því að undirbúningurinn hefði skilað sínu.

Þó svo Guðmundur hafi verið ánægður með sigurinn var hann ekki eins sáttur við að liðið skyldi hafa hleypt Ungverjum inn í leikinn þegar það hefði getað gengið frá leiknum.

„Við lékum okkur svolítið að eldinum og í óþarflega langan tíma að mínu mati. Við förum illa með dauðafæri eða tökum óþarfa áhættu er við vorum komnir í góða stöðu. Við verðum að laga það,“ sagði Guðmundur.

„Það er ekkert skrítið að fyrsti leikur sé svolítið köflóttur. Við erum að finna taktinn og stemninguna hjá okkur. Við þurfum líka að komast yfir ákveðna taugaspennu sem fylgir því að byrja svona mót. Með það í huga get ég ekki kvartað yfir því hvernig þetta gekk. Það var virkilega jákvætt að hefja þetta mót með sigri gegn andstæðingi sem er alls ekkert auðveldur.“

Ísland mætir Brasilíu í dag og Guðmundur segir að menn þurfi að vera á tánum til þess að klára þann leik með sóma.

„Þeir stóðu í Dönum í 35 mínútur og unnu Norðmenn. Við verðum að mæta með 100 prósenta einbeitingu í þann leik. Það verður ekki auðveldur leikur. Langt frá því. Þetta mót er erfitt því við verðum að keyra 100 prósent í alla leiki. Það er ekkert annað í boði.“

**Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason**



fjalla um HM í Svíþjóð

henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is




## Hvert stefnum við í endurhæfingu á Íslandi?



**Opið málþing um endurhæfingu 21. janúar 2011 kl. 13-16 í Norræna húsinu á vegum Félags fagfólks um endurhæfingu, FFE.**

Miklar breytingar hafa átt sér stað á starfsemi flestra stofnanna sem sinna endurhæfingu á Íslandi. Nú er einnig verið að gera róttækar breytingar í velferðarmálum með sameiningu ráðuneyta og tilfærslu málaflokka til sveitarfélaga. Málþingið er haldið til að kynna hluta af þessum breytingum og fá hugmyndir um hvað framtíðin ber í skauti sér.

13:00 Guðbjörg Ludvigsdóttir. Opnun málþings.
13:05 Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra. Áhrif sameiningar heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálaráðuneyta. Framtíðarstefna stjórnvalda í endurhæfingu.
13:30 Hjördís Jónsdóttir, yfirlæknir á Reykjalundi. Breytingar á starfssemi Reykjalundar.
14:00 Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri starfsendurhæfingasjóðs. Hlutverk VIRK og starfsendurhæfing á vinnumarkaði.
14:30 Kaffihlé
14:45 Dr. Haraldur Sigþórsson, verkfræðingur, Ingibjörg Loftsdóttir, sjúkraþjálfari, MSc, EMPH. Þekkingar- og þjónustumiðstöð fyrir hreyfihamlaða – tengsl við endurhæfingu á Íslandi.
15:30 Stefán Yngvason, yfirlæknir á Grensási. Breytingar sem hafa átt sér stað á Grensási í kjölfar sparnaðar á LSH.

Umræður með þáttöku fundarmanna.
Fundarstjóri: Guðbjörg Ludvigsdóttir, formaður FFE.
Fundurinn og veitingar eru í boði Lýsis h.f.

**Vinsamlega skráið þátttöku fyrir miðvikudaginn 19. janúar n.k. á ffe@ffe.is**

Stjórn Félags fagfólks í endurhæfingu

FFE FÉLAG FAGFÓLKS UM ENDURHÆFINGU

United heimsækir Tottenham á White Hart Lane:

## Erfitt próf að mati Sir Alex Ferguson

**FÓTBOLTI** Stórleikur helgarinnar í enska boltanum verður leikur Tottenham og toppliðsins Manchester United á White Hart Lane á morgun. Manchester United hefur ekki tapað deildarleik á tímabilinu en hefur þó aðeins unnið 2 af 9 útileikjum sínum. Tottenham er enn með í toppbaráttunni, átta stigum á eftir United.

„Þetta er krefjandi verkefni fyrir okkar lið og í raun stórt próf fyrir okkur,“ sagði Alex Ferguson, stjóri Manchester United. „Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þróun mála hjá Tottenham. Ég man ekki eftir því að hafa farið áður með United-liðið á White Hart Lane þar sem Tottenham-liðið er með í titilbaráttunni. Harry Redknapp hefur gjörbreytt öllu hjá Spurs og það eru margir spennandi leikmenn í liðinu í dag,“ sagði Ferguson.



„Þeir eru ekki búnir að ná fram sínu besta í vetur en þeir vinna samt sína leiki. Það er frábært afrek að vera enn taplausir en allir verða fyrst í vandræðum með þá þegar þeir komast í sitt allra besta form,“ sagði Harry Redknapp.

„Þeir eru líklegastir til að vinna titilinn en ég held að þeir muni nú tapa einhvern tímann í vetur,“ sagði Redknapp. Tottenham hefur ekki náð að vinna Manchester United í tæplega tíu ár eða í 23 síðustu leikjum.

„Við erum að spila vel enda höfum við bara tapað einu sinni í síðustu þrettán leikjum. Það má því búast við skemmtilegum leik,“ sagði Redknapp.

Það verður annars mikill derby-dagur á morgun því þá mætast einnig Birmingham-Aston Villa, Sunderland-Newcastle og síðast en ekki síst Liverpool-Everton þar sem Kenny Dalglish stjórnar Liverpool á Anfield í fyrsta sinn í tuttugu ár. Chelsea (Blackburn, heima) Arsenal (West Ham, úti) og Manchester City (Wolves, heima) spila öll í dag. **- óój**



**ALEXANDER PETERSSON** 5 mörk, 4 stoðsendingar og 4 stolnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alexander Petersson:

## Er enn lifandi

**HM 2011** Íþróttamaður ársins, Alexander Petersson, átti magnaðan leik í íslenska liðinu í gær gegn Ungverjum. Hann skoraði fimm mörk, var frábær í vörninni og stal fjölmörgum boltum.

„Það var mjög mikilvægt fyrir okkur að byrja mótið vel. Fyrsti leikur skiptir alltaf miklu fyrir framhaldið. Ef hann vinnst þá eykst sjálfstraustið og það er gott,“ sagði Alexander.

„Þetta var fullkomin byrjun. Bjöggi var góður og vörnin var góð. Ég hef ekki yfir neinu að kvarta,“ sagði Alexander en hann ætlar sér stóra hluti í Svíþjóð.

„Ég er enn lifandi. Ég er ekkert hættur þó svo að ég sé orðinn íþróttamaður ársins,“ sagði Alexander léttur. **- hbg**



**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON** MYND/AFP

Björgvin Páll Gústavsson:

## Mótið er ekki sprettlaup

**HM 2011** „Við spiluðum ekkert frábærlega en vörnin var samt mjög góð. Hrollurinn er samt kominn úr mönnum eftir þennan leik. Það er fínt að byrja með góðum sigri og við hefðum hæglega getað unnið þennan leik með tíu mörkum,“ sagði markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson eftir leikinn gegn Ungverjum í gær.

„Við vorum aðeins of værukærir á kafla í þessum leik en það góða er að við getum lagað mikið hjá okkur. Það er jákvætt,“ sagði Björgvin en hann telur liðið eiga mikið inni. „Það sýnir hversu öflugir við erum orðnir að við eigum mikið inni þrátt fyrir öruggan sigur. Þetta mót er til leikir og þetta er því maraþon en ekki sprettlaup. Við verðum að halda ró okkar.“ **- hbg**

Norðmenn unnu Japana:

## Reknir átta sinnum út af

**HANDBOLTI** Norðmenn unnu sex marka sigur á Japan í gær, 35-29, en liðin eru með Íslandi í riðli. Norðmenn fengu ekki mikla hjálp frá dómurunum sem dæmdu á þá 9 víti og ráku þá 8 sinnum út af. Japanir fengu á sama tíma aðeins eina brottvísun allan leikinn.

„Þetta var upp og ofan hjá okkur í þessum leik en spilamennskan var allt í lagi. Það var verst að fá svona mikið af brottrekstrum því annars hefði þetta gengið mun betur hjá okkur,“ sagði Robert Hedin, þjálfari Norðmanna, eftir leikinn.

Bjarte Myrhol skoraði níu mörk fyrir Norðmenn en þeir Erlend Mamelund, Håvard Tvedten og Einar Sand Koren skoruðu allir sex mörk. **- óój**

# Útsalan í Sony Center er í fullum gangi - frábær verð á Sony raftækjum




**KDL-40EX402**

40" Full HD Sony BRAVIA LCD sjónvarp
- Full HD 1080x1920, USB Media Player, Ljósnemi, Scene Select
- Tengi: 4x HDMI, 2x SCART, VGA, USB, LAN, Component, Video
- Mál: 99,2 x 59,9 x 10,0cm 13,9kg

Listaverð: 199.990,-
Útsöluverð: 159.990,-




**HDR-XR106**

Sony Handycam videovél
Full HD 1080i upptaka
80 GB diskur - allt að 33 klst.
4 mp Exmor myndflaga
10x Carl Zeiss linsa
2,7" skjár
5.1 hljóðupptaka möguleg

Listaverð: 149.990,-
Útsöluverð: 99.990,-




**DSC-HX5V**

Sony Cyber-shot myndavél
EISA verðlaunahafi
25-250mm 10x aðdráttur
Hágæða G-linsa
10 rammar á sekúndu
Exmor-R CMOS myndflaga
GPS innbyggt
Full HD Vídeó
Sweep Panorama

Listaverð: 79.990,-
Útsöluverð: 59.990,-




**KDL-32EX500**

32" Sony BRAVIA LCD
Full HD 1080x1920
Motionflow 100 hz
BRAVIA Internet Video
BRAVIA Engine 3
4x HDMI
VGA tengi fyrir tölvur
- Mál: 99,2 x 59,9 x 10,0cm
- 13,9kg

Listaverð: 179.990,-
Útsöluverð: 129.990,-




**KDL-40ZX1 - eitt eintak eftir**

40" Sony BRAVIA LED
Þráðlaust sjónvarp
- engar snúrur
Örþunnt aðeins 2,8cm
Full HD 1080x1920
4x HDMI
VGA tengi fyrir tölvur
Veggfesting fylgir
- Mál: 99,6 x 59,9 x 2,8cm

Listaverð: 699.990,-
Útsöluverð: 399.990,-




**NEX-5 m/16mm linsu -ásamt aukarafhlöðu & tösku**

14,2 megapixlar
Stór APS-C CMOS-myndflaga
E-mount skiptanlegar linsur
1080i HD video
7 rammar á sek
Sweep Panorama með 3D
Hallanlegur 3" skjár
25 punkta fókuskerfi
Handheld Twilight mode

Listaverð: 149.990,-
Útsöluverð: 119.990,-

Í Sony Center í Kringlunni færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum - án aukakostnaðar!

**Sony Center**

## ÚRSLITIN Á HM

### A-RIÐILL

| | |
|---|---|
| Frakkland-Túnis | 32-19 (15-9) |
| Þýskaland-Egyptaland | 30-25 (15-12) |
| Spánn-Barein | 33-22 (16-8) |

### B-RIÐILL

| | |
|---|---|
| Ísland-Ungverjaland | 32-26 (14-11) |
| Noregur-Japan | 35-29 (18-13) |
| Austurríki-Brasilía | 34-24 (17-13) |

### C-RIÐILL

| | |
|---|---|
| Króatía-Rúmenía | 27-21 (11-13) |
| Danmörk-Ástralía | 47-12 (21-8) |
| Serbía-Alsír | 25-24 (13-9) |

### D-RIÐILL

| | |
|---|---|
| Svíþjóð-Síle | 28-18 (15-8) |
| Suður Kórea-Argentína | 25-25 (14-11) |
| Pólland-Slóvakía | 32-30 (15-17) |

### Leikir dagsins

**A-riðill**

| | |
|---|---|
| Síle-Suður Kórea | 15.15 |
| Slóvakía-Svíþjóð | 17.15 |
| Argentína-Pólland | 19.15 |

**B-riðill**

| | |
|---|---|
| Ungverjaland-Noregur | 15.30 |
| Japan-Ástralía | 17.45 |
| Ísland-Brasilía | 20.00 |



**GUSTAVO CARDOSO** Brasilíumenn ættu ekki að vera mikil fyrirstaða fyrir íslenska landsliðið í dag. MYND/NORDIC PHOTOS/AFP

Austurríksmenn á HM í gær:

## Tíu marka stórsigur á Brasilíu

**HANDBOLTI** Austurríki vann tíu marka sigur á Brasilíu, 34-24, í síðasta leiknum í íslenska riðlinum í gærkvöldi. Brasilíumenn verða mótherjar íslenska landsliðsins í kvöld.

Brasilíska liðið hélt í við Austurríki í byrjun og staðan var 12-11 eftir 24 mínútna leik. Austurríkismenn unnu síðustu sex mínútur fyrri hálfleiks hins vegar 5-2 og voru 17-13 yfir í hálfleik.

Austurríska liðið skoraði síðan fimm af fyrstu sjö mörkum seinni hálfleiks, komst í 22-15 og eftir það var ljóst að Brasilíumenn yrðu ekki mikil fyrirstaða hjá fyrrverandi lærisveinum Dags Sigurðssonar.

Danir höfu HM í Svíþjóð á sannkallaðri skotsýningu á móti Áströlum en Danir unnu leikinn með 35 marka mun, 47-12, eftir að hafa verið 21-8 yfir í hálfleik. Átta leikmenn Dana skoruðu fjögur mörk eða fleiri í leiknum. - óój

Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson segir íslenska handboltalandsliðið líta mjög vel út eftir fyrsta leikinn:

# Við hefðum átt að vinna stærri sigur

**HM 2011** „Það er gott að vera búinn með fyrsta leikinn. Ég fann fyrir smá spennu í byrjun en fyrstu tíu mínúturnar voru ekki alveg nógu góðar. Vörnin var frábær í leiknum, Björgi flottur og Aron frábær í seinni hálfleik. Við hefðum líklega átt að vinna þennan leik enn stærra,“ sagði glaður landsliðsfyrirliði, Ólafur Stefánsson, eftir sigurinn á Ungverjum í gær.

Hann var þó ekki alveg nógu ánægður með sinn leik en hefur samt ekki miklar áhyggjur af því og ætlar að mæta grimmari í næstu viðureign.

„Ég hefði getað sparað mér fjórar sendingar af því að fyrir mig. Það voru of margir tæknifeilar hjá mér í þessum leik. Varnarmennirnir bakka svolítið gegn mér og ég verð að vera graðari í að skjóta og skora. Ég þarf persónulega að taka eitt skref fram við,“ sagði Ólafur.

Hann er þó afar ánægður með liðið í heild sinni. „Liðið lítur mjög vel út. Við erum að rúlla þessu vel og mér finnst allir vera á tánum. Þetta er fyrsta skrefið og ég held að við séum orðnir flott mótlið. Við lékum okkur aðeins of mikið að eldinum í þessum leik og það var vonandi smá sviðsskrekkur. Við munum bæta okkur í næstu leikjum.“ - hbg



**ALLIR TILBÚNIR** Ólafur Stefánsson, Alexander Petersson og Ingimundur Ingimundarson búa sig undir að verjast aukakasti Ungverja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fín frumsýning hjá strákunum

**Strákarnir okkar byrjuðu HM með stæl þegar þeir unnu öruggan sigur á Ungverjum þrátt fyrir að hafa ekki spilað sinn besta leik. Það undirstrikar hversu gott þetta lið er orðið. Brasilía bíður í dag.**

